

FRÖNSKUDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Taka leiklistina í sína þjónustu*

Nám Bílar Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

BJÖRGÓLFUR THOR

*Afmælisveisla upp á tvö hundruð milljónir*

Fjölmiðlar á Jamaíka áhugasamir um auðkýfinginn

FÓLK 38






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. apríl 2007 — 97. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR



### iTunes, engir bekkir né annarpróf

Ársæll Guðmundsson er skólastjóri nýs menntaskóla Borgfirðinga.

TÍMAMÓT 24

### Börnin og gleymska stjórnmálanna

„Fast að fimmtungur barna á grunnskólaaldri fær ekki viðunandi tannlæknaþjónustu vegna fátæktar," skrifar Össur Skarphéðinsson.

Í DAG 20

### Skaparinn tilnefndur



Konráð Jónsson, lögregluhundurinn Bassi og forseti Írans eru meðal þeirra sem berjast um titilinn Dúlla ársins.

FÓLK 30

### Enn von fyrir Keflavík



Haukum tókst ekki að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta kvenna í gær. Keflavík vann þriðju rimmuna og staðan í einvíginu því 2-1 fyrir Hauka.

ÍÞRÓTTIR 34

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTA -** Í dag verður vaxandi suðaustan átt 10-18 m/s sunnan og vestan til, annars hægari. Rigning víða um land síðdegis og í kvöld en bjart framan af degi norðan og austan til. Hiti 3-7 stig, mildast þegar líður á daginn.

VEÐUR 4

# Fiskveiðikvóti Vestfirðinga hefur nær tvöfaldast frá 2001

**Veiðiheimildir sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum hafa nær tvöfaldast frá 2001, þegar þær voru í mikilli lægð. Sveiflukennt fag segir útgerðarmaður og telur að kvótinn geti horfið hratt aftur frá svæðinu.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Fiskveiðiheimildir á Vestfjörðum hafa nær tvöfaldast í tonnum talið síðan um aldamótin. Þá höfðu þær lækkað um rúman helming frá árinu 1991, þegar lög um kaup og sölu á kvóta gengu í gildi.

Samkvæmt upplýsingum um veiðiheimildir, sem Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) hefur tekið saman, var Vestfirðingum heimilt að veiða um 54 þúsund þorskígildistonn árið 1991. Það voru tæp 15,5 prósent af heildarafla fiskveiðiflotans.

Árið 2001 hafði talan lækkað í rúm 22 þúsund tonn og nam aðeins um átta prósentum af heildarafla.

Á núverandi fiskveiðiári er Vestfirðingum hins vegar heimilt að veiða tæpt 41 þúsund þorskígildistonn, sem er nær tvöföldun síðan fyrir sex árum. Eru það tæp tólf prósent af heildarafla sem heimilt er að veiða.

Þorskígildistonn er það aflamagn eða veiðikvóti af tiltekinni tegund sem telst jafnverðmætt og eitt tonn af þorski. Björn Jónsson hjá kvótamiðlun LÍÚ segir kvótann hafa verið seldan grimmt frá Vestfjörðum í upphafi, þegar lög um kvótasölu tóku gildi. „Síðan kveiktu menn á því að það þyrfti að hafa varanlegar veiðiheimildir, og hafa þeir verið að kaupa kvótann til baka undanfarin ár."

Hann segir fyrirtæki í bæjarfélögum á borð við Flateyri og Bolungarvík hafa verið sérstaklega dugleg að bæta við sig veiðiheimildum. „Þeir sem ætla að vera áfram í þessari grein halda áfram að kaupa, en annars er erfitt að segja til um hvað gerist í þessum bransa."

Agnar Ebenesersson, framkvæmdastjóri útgerðarinnar Bakkavíkur hf. í Bolungarvík, segist vissulega hafa tekið eftir því að fyrirtæki á svæðinu hafi verið að kaupa til sín kvóta. Þó sé hæpið að tala um að kvótinn sé aftur kominn vestur því hlutirnir geti breyst á skömmum tíma.

„Það er margt sem veldur þessari aukningu undanfarin ár. Menn koma inn á markaðinn og reyna að byggja sig upp, en svo gengur það kannski ekki og þeir koma sér út aftur. Þetta er sveiflukennt."

Hann segist ekki hafa trú á því að veiðiheimildirnar fari aftur upp í þau 55 þúsund þorskígildistonn sem þær voru í árið 1991. „Það er frekar að þær fari aftur til baka, kvótinn er orðinn svo rosalega dýr."

- sþs



**ÁREKSTUR OG BÍLVELTA** Jeppi og fólksbíll skullu saman á Kringlumýrarbraut í gærmorgun með þeim afleiðingum að jeppinn valt og fólksbílinn lenti framan á flutningabíl. „Auðvitað brá mér en ég hugsa að ökumaður fólksbílsins hafi orðið skelkaðri enda óhugnanlegt að lenda framan á svona stórum bíl," sagði Stefán Sigurðsson, ökumaður flutningabílsins. Ökumaður jeppans var fluttur á slysadeild en meiðsli hans voru smávægileg. Loka þurfti Kringlumýrarbrautinni um tíma vegna slyssins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Simpsons-myndin talsett:

## Örn líklegastur sem Hómer

**KVIKMYNDIR** **Simpsons-kvikmyndin verður talsett á íslensku. Það verður í fyrsta skipti sem gula fjölskyldan frá Springfield talar íslensku. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Örn Árnason talinn líklegastur til að hreppa hlutverk Hómers Simpson. Fjöldi leikara hefur mætt í hljóðprufur fyrir myndina. Þær eru hins vegar allar sendar út til Bandaríkjanna þar sem framleiðendur myndarinnar þurfa að leggja blessun sína yfir þær.**



ÖRN ÁRNASON

**Teiknimyndarinnar um þessa vinsælustu fjölskyldu heims er beðið með mikilli eftirvæntingu. Ráðgert er að hún verði heimsfrumsýnd 25. júlí hér á landi.**

- fgg / sjá síðu 38

Mesta arðgreiðsla frá erlendu félagi til íslenskra fjárfesta frá upphafi:

## Iceland greiðir út 39 milljarða

**VIÐSKIPTI** Iceland-lágvöruverðskeðjan í Bretlandi, sem er að 80 prósentum í eigu íslenskra fjárfesta, hefur greitt út 39 milljarða króna í arð í kjölfar endurfjármögnunar félagsins. Þar af nemur hlutur Íslendinga 31 milljarði króna sem svarar til sexfalds upphaflegs kaupverðs.

Baugur Group, Fons eignarhaldsfélag og Milestone eiga um 70 prósent hlutafjár í Iceland.

Þetta er hæsta arðgreiðsla frá erlendu félagi til íslenskra fjárfesta frá upphafi og jafnframt hæsta arðgreiðsla Íslandssögunnar.

„Reksturinn hóf að ganga vel frá degi eitt og allt hefur hjálpast að. Eigendur og stjórnendur höfðu mjög skýra skoðun á því hvert skyldi stefna," segir Pálmi Haraldsson, stjórnarformaður Iceland.

- eþa / sjá Markaðinn









## SPURNING DAGSINS



*Guðbjörg, voru þeir tvöfaldir í röðinu?*

„Nei, við bjóðum bara ekki upp á flugfisk.“

Fylgifiskar hafa hætt við að opna verslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar vegna ágreinings við forsvarsmenn flugstöðvarinnar. Guðbjörg Glóð Logadóttir er einn eigenda Fylgifiska.

Hundar og kettir þurfa samþykki nágranna í fjöleignarhúsum:

# Gjarnan bitbein í stærri deilu

**GÆLUDÝR** Helgi Valur Helgason, hundaeftirlitsmaður í Reykjavík, segir að iðulega berist kvartanir vegna hunda í fjölbýlishúsum.

Í lögum um fjöleignarhús segir skýrt að samþykki allra eigenda þurfi til að halda hunda og ketti í húsinu. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægi þó samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt.

Þeir sem fyrir eru í fjöleignarhúsum geta varnað því að nýir eigendur komi með hunda í húsið. Eins hafi þeir neitunarvald ef íbúi í húsinu vilji einn daginn eignast hund.



**TINNI** Eigandi labradorhundsins Tinna er einn þeirra sem hafa þurft að láta hunda sína frá sér vegna andstöðu annarra íbúa. MYND/ÚR EINKASAFNI

Að sögn Helga geta nýir eigendur íbúða í fjölbýlishúsum á hinn bóginn venjulega ekki krafist þess að hundar sem fyrir eru í húsinu víki þaðan. „Það þarf þá að koma upp einhver sérstök ástæða eins og ofnæmi,“ segir hann.

Helgi segir viðbrögð þeirra sem krafist sé að losi sig við dýrin á ýmsa lund. „Sumir einfaldlega selja og flytja annað. Þetta eru alltaf erfið og leiðinleg mál. Oft er hundahaldið aðeins einn parturinn af stærra máli milli fólks,“ segir hann.

Stundum þurfa hundaeftirlitsmenn að grípa inn í og fjarlægja hunda. „Við reynum alltaf í lengstu lög að komast hjá því. Eigendum er alltaf gefinn kostur á að koma hundunum annað.“ - gar

Danskur bæjarstjóri:

## Fangelsisdómur fyrir fjáraustur

**DANMÖRK, AP** Peter Brixtofte, fyrrverandi bæjarstjóri í Farum í Danmörku, var í gær dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir brot í embætti. Hann var sakaður um að hafa farið frjálslega með sjóði bæjarfélagsins og hlaut dóminn meðal annars fyrir skjalafals.

Brixtofte var vinsæll bæjarstjóri í Farum frá 1985 til 2002 en sagði af sér þegar í ljós kom að bæjarsjóðirnir voru þurrausnir.

Samtals þarf hann því að sitja fjögur ár í fangelsi því hann var í febrúar dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að veita knattspyrnufélagi bæjarins háar fjárhæðir án heimildar. - gb

Dóttir Önnu Nicole Smith:

## Elskhuginn er faðir barnsins

**FÓLK** Faðir dóttur Önnu Nicole Smith er Larry Birkhead, fyrrverandi ástmaður fyrirsætunnar. Að sögn fréttastofunnar AP er þetta niðurstaða rannsóknar Dr. Michaels Baird sem bar saman erfðaefni úr sýnum sem tekin voru 21. mars. Dóttir Önnu Nicole, Dannielynn, er nú sjö mánaða gömul.



LARRY BIRKHEAD

Málaferlum Önnu Nicole við afkomendur fyrrverandi eiginmanns hennar var ólokið. Hugsast getur að Dannielynn erfi mikil auðævi. Eftir sviplegt fráfall Önnu Nicole í febrúar hefur fjöldi manna lýst sig föður Dannielynn, meðal annars lögmaður fyrirsætunnar. Talið er að þeir hafi haft augastað á því mikla fé sem kann að vera í vændum. Birkhead fagnaði tíðindunum í gær. - gar

Dómsmálaráðherra á spítala:

## Björn skorinn upp í dag

**STJÓRNMÁL Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, gengst undir aðgerð á brjóstholi á Landspítalanum í dag. Að sögn aðstoðarmanns ráðherrans, Þorsteins Davíðssonar, fann Björn fyrir mæði um páskana. Í ljós kom að annað lunga hans var fallið saman. Var ákveðið að Björn yrði skorinn upp.**



BJÖRN BJARNASON

**„Líðan Björn er ágæt eftir atvikum,“ sagði Þorsteinn í gærkvöld. Veikindi Björns nú eru framhald þeirra veikinda sem urðu til þess að hann lá rúmar tvær vikur á sjúkrahúsi í febrúar.** - gar

# Unglingar stefna ekki á störf í álveri

**Samtök atvinnulífsins hafa áhyggjur af því að væntingar fimmtán ára ungmenna til framtíðarstarfa séu ekki í samræmi við þarfir atvinnulífsins. Í dag starfa 14 prósent Íslendinga sem sérfræðingar en 58 prósent ungmennanna stefna á slík störf.**

**RANNSÓKN** Samtök atvinnulífsins kynntu í gær niðurstöður rannsóknar sem Námsmatsstofnun gerði fyrir samtökin um hugmyndir fimmtán ára ungmenna um framtíðarstörf þeirra. Niðurstöðurnar byggja á svörum ungmenna frá árunum 2000, 2003 og 2006 við spurningunni: „Hvers konar starf heldurðu að þú vinnir við þegar þú ert orðin(n) 30 ára?“

Í ljós kemur að langflestir stefna á sérfræðistörf og þar eru stúlkurnar í meirihluta. Afar fáir ætla að starfa við ósérhæfð frumvinnslustörf og áhugi fyrir ýmsum raungreinum og tæknistörfum hefur minnkað eða staðið í stað.

> Val krakkanna er mjög einhæft sem bendir til þess að þau þekki ekki ýmis algeng og mikilvæg störf
>
> HANNES G. SIGURÐSSON
> AÐSTOÐARFRAMKVÆMDASTJÓRI

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, hefur áhyggjur af minnkandi áhuga á raungreinum og segir að væntingar krakkanna séu úr takt við raunveruleikann. „Ef fáir stefna á tækni- og raungreinastörf sjáum við ekki fram á að hér verði til hátæknisamfélag með mörgum sprotafyrirtækjum,“ segir Hannes og bætir því við að ef til vill þurfi að auka samstarf skólakerfis og atvinnulífs og bæta ímynd raungreinanna. „Val krakkanna er mjög einhæft sem bendir til þess að þau þekki ekki ýmis algeng og mikilvæg störf,“ segir Hannes.



**NIÐURSTÖÐUR KYNNTAR** Almar M. Halldórsson frá Námsmatsstofnun segir frá niðurstöðum rannsóknarinnar ásamt Hannesi G. Sigurðssyni og Vilhjálmi Egilssyni frá Samtökum atvinnulífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umsvifin í atvinnulífinu virðast ekki hafa mikil áhrif á val ungmennanna. Þannig hefur áhugi á störfum í bankageiranum ekki aukist í takt við þensluna í viðskiptalífinu og væntingar ungmennanna benda ekki til þess að þau sjái fyrir sér störf við stóriðju á borð við álver. Árið 2006 sagðist enginn ætla að vinna við verkamannastörf í byggingariðnaði eða sem vélafólk í verksmiðjum. Fáir ætla að verða vélstjórar eða iðnaðarmenn.

Ragnar F. Ólafsson hjá Námsmatsstofnun segir það ekki koma sér á óvart. „Mér finnast niðurstöðurnar vera í takt við þá áherslu sem hefur verið á háskólamenntun í þjóðfélaginu,“ segir Ragnar, sem er ánægður með niðurstöður rannsóknarinnar.

„Ég held við getum verið mjög bjartsýn á framtíðina. Stelpurnar koma sérstaklega vel út. Árið 2000 ætluðu 22 prósent þeirra að starfa við þjónustustörf en nú stefna þær á að vera sérfræðingar á borð við lækna og tannlækna,“ segir Ragnar.

thorgunnur@frettabladid.is

### STARFSVÆNTINGAR 15 ÁRA UNGMENNA

| | 2000 | 2003 | 2006 |
|---|---|---|---|
| Stjórnendur | 3% | 3% | 3% |
| Sérfræðingar | 54% | 55% | 58% |
| Sérmenntaðir | 16% | 12% | 14% |
| Skrifstofufólk | 1% | 1% | 1% |
| Þjónustustörf | 15% | 14% | 11% |
| Bændur og fiskimenn | 2% | 2% | 2% |
| Iðnaðarmenn | 8% | 11% | 10% |
| Véla- og vélagæsluf. | 0% | 0% | 0% |
| Ósérhæft starfsfólk | 1% | 1% | 1% |

Ráðherra á ferð og flugi:

## Velti bílnum en mætti á fund

**UMFERÐ Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra slapp ómeiddur eftir að hann velti bílaleigubíl í Öxnadal í hádeginu í gær. Einar var í gærmorgun á ríkisstjórnarfundi. Eftir fundinn flaug hann frá Reykjavík til Akureyrar þaðan sem hann ók áleiðis til Skagafjarðar til að sækja fund um þjóðlendumál á Löngumýri. Krapi og hálka var á veginum.**



EINAR K. GUÐFINNSSON FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Talið er að bílaleigubíllinn hafi að minnsta kosti farið eina heila veltu. Lögreglan á Akureyri flutti ráðherrann á þjóðlendufundinn í Skagafirði eftir aðhlynningu hjúkrunarfólks. Í gærkvöldi sat Einar síðan annan fund á Sauðárkróki.** - gar

Reykjavíkurkjördæmi suður:

## Sjálfstæðismenn með mest fylgi

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn er með mest fylgi í Reykjavíkurkjördæmi suður, eða rúmlega 41 prósent, samkvæmt niðurstöðu fylgiskönnunar Gallups. Könnunin var gerð fyrir RÚV og Morgunblaðið.

Vinstri grænir mælast með 24 prósenta fylgi í kjördæminu og Samfylkingin með einu prósentustigi minna. Ef þetta yrði niðurstaðan í alþingiskosningunum myndu Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri grænir bæta við sig einum þingmanni í kjördæminu frá síðustu kosningum en Samfylkingin tapa einum. Aðrir flokkar myndu ekki ná inn manni. - þsj


BÍLL DAGSINS
NISSAN X-TRAIL ELEGANCE
Nýskr. 03.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 13 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Vinna við að skrá allar tegundir lífvera á jörðinni:

# Yfir milljón tegundir skráðar

**WASHINGTON, AP** Undanfarin sex ár hafa þúsundir vísindamanna unnið að alþjóðlegu verkefni við að skrá allar tegundir lífvera á jörðinni. Sá áfangi náðist fyrir skemmstu að meira en milljón tegundir eru komnar í skrána, en talið er að heildartalan verði um það bil 1,75 milljónir.

Thomas M. Orrell, líffræðingur hjá Náttúruminjasafni Smithson-stofnunarinnar í Washington, segir að í skránni verði allar tegundir lífvera, sem vitað er um, allt frá jurtum og dýrum til sveppa og örvera.

„Það kemur mörgum á óvart, að þrátt fyrir vinnu líffræðinga í tvær aldir og mikinn áhuga um heim allan á líffræðilegum fjölbreytileika, þá er engin heildarskrá til yfir allar þekktar tegundir lífvera á jörðinni,“ segir Orrell.

Á skránni verða þó ekki steingerðar tegundir sem nú eru útdauðar. Margt veldur þó vísindamönnum erfiðleikum við gerð skrárinnar. Til dæmis er oft erfitt að greina á milli líkra tegunda og eins hafa sömu tegundir gjarnan fjölmörg mismunandi nöfn eftir heimshlutum.

Fiðrildi og mölflugur eru núna fyrirferðarmesti flokkurinn í skránni, en alls eru þar tilgreindar 253.680 mismunandi tegundir af fiðrildum og mölflugum. - gb



**SKYLDU ÞAU VERA KOMIN Á SKRÁ?** Á laugardaginn var komu dýraeigendur í Los Angeles saman til að veita dýrum sínum blessun við hátíðlega athöfn af trúarlegum toga. Þarna sjást Gizmo, tveggja ára hundur af tegundinni Boston Terrier, og Piglet, jafngamalt smásvín. FRÉTTABLAÐ/AP

# DÝRMÆT SÉRÞEKKING Í 20 ÁR

Íslensk verðbréf þakka viðskiptavinum sínum trygg og traust viðskipti í tuttugu ár. Með mikilvæga þekkingu á sérhæfðu sviði eignastýringar munum við halda áfram að stýra eignum fyrir viðskiptavini okkar með hag þeirra einna efst í huga.




ÍSLENSK VERÐBRÉF

EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

## GENGIÐ 10.04.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 66,79 | 67,11 |
| Sterlingspund | 131,68 | 132,32 |
| Evra | 89,56 | 90,06 |
| Dönsk króna | 12,011 | 12,081 |
| Norsk króna | 11,032 | 11,096 |
| Sænsk króna | 9,646 | 9,702 |
| Japanskt jen | 0,5603 | 0,5635 |
| SDR | 101,09 | 101,69 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

121,8026

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stríðsglæpadómstóll í Serbíu dæmir fjóra Serba seka um stríðsglæpi:

# Hlutu dóm vegna fjöldamorða í Srebrenica

**BELGRAD, AP** Stríðsglæpadómstóll í Serbíu felldi í gær dóm yfir fjórum borgaralegum hermönnum fyrir aðild þeirra að fjöldamorðunum í Srebrenica árið 1995. Þetta voru fyrstu réttarhöldin í Serbíu sem tengjast fjöldamorðunum þar sem 8.000 Bosníu-múslimar voru drepnir undir lokin á Bosníustríðinu.

Á myndbandsupptöku sjást mennirnir skjóta sex Bosníu-múslima til bana Tveir mannanna fengu tuttugu ára fangelsisdóm, einn þrettán ára fangelsisdóm en sá þriðji fimm ára dóm. Fimmti maðurinn var sýknaður.

Beðið hefur verið eftir þessum úrskurði, þar sem réttarhöldin þykja skera úr um það hvort serbneska dómskerfið sé hæft til að fást við stríðsglæpi Serba. Réttarhöld sem þessi voru ekki möguleg fyrr en Slobodan Milosevic, fyrrverandi forseta Serbíu, var steypt af stóli árið 2000. Hinir dæmdu voru allir meðlimir í vopnaðri sveit borgaralegra hermanna sem gekk undir nafninu Sporðdrekarnir. Einn félaga í sveitinni tók upp á myndband aðfarir félaga sinna, en virðist ekki hafa reiknað með að myndbandið yrði nokkurn tímann gert opinbert. Árið 2005 var myndbandið hins vegar sýnt í réttarhöldum yfir Milosevic hjá stríðsglæpadómstól í Haag. Hinir dæmdu sjást þar flytja Bosníu-múslimana, sem voru bundnir á höndum og fótum, af flutningabíl og yfir á hæð þar sem vélbyssuskothríð var látin dynja á þeim. **- gb**



**FYRIR UTAN RÉTTARSALINN** Nura Alispahic, móðir eins hinna myrtu, bíður þarna úrskurðar dómstóls í stríðsglæparéttarhöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**GLITNIR** Mikil viðskipti voru í Kauphöllinni í gær, mest vegna viðskipta í Glitni.

Mikil viðskipti í Glitni:

## Næstmesta velta ársins

**VIÐSKIPTI** Mikil hlutabréfaviðskipti urðu í Kauphöll Íslands í gær eða fyrir alls 90,5 milljarða krón. Þetta er annar veltumesti viðskiptadagur ársins í hlutabréfum og sá sjötti veltumesti frá upphafi.

Langstærstur hluti var vegna viðskipta í Glitni upp á alls 84,2 milljarða króna en fyrir páska seldi Milestone meirihluta hlutabréfa sinna og Einar Sveinsson, stjórnarformaður Glitnis, allan eignarhlut sinn.

Kaupþing keypti bréfin og miðlar þeim áfram til ýmissa fjárfesta. **- eþa**

### BANDARÍKIN

**Bush styður stækkun NATO**

George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur undirritað lög sem gera ráð fyrir því að Balkanskagalöndin Albanía, Króatía og Makedónía ásamt Georgíu og Úkraínu geti fengið hernaðaraðstoð með það fyrir augum að ganga síðar meir í Atlantshafsbandalagið.

### ÁRÉTTING

Vegna fréttar laugardaginn 7. apríl síðastliðinn um ágreining um hundahald í fjölbýlishúsi við Sólvallagötu í Reykjavík vill Fréttablaðið taka fram: Í umræddri frétt er hvergi hallað staðreyndum en því miður komu aðeins fram sjónarmið annars málsaðila.



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Hollendingarnir voru að koma með flugi frá Amsterdam þegar þau voru handtekin. Þetta er mesta magn kókaíns sem tollverðir hafa fundið það sem af er ári.

# Hollendingar teknir með kíló af kókaíni

**Tveir Hollendingar voru handteknir á föstudaginn langa með um 1.100 grömm af kókaíni falin innan klæða og innvortis. Annar hafði gleypt rúmlega 300 grömm af efninu. Fólkið hefur verið úrskurðað í gæsluvarðhald til 27. apríl.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir hollenskir ríkisborgarar, 27 ára karlmaður og nítján ára kona, voru handteknir af tollvörðum á Keflavíkurflugvelli síðastliðinn föstudag með tæplega 1.100 grömm af kókaíni falin innvortis og innan klæða. Efnin fundust við hefðbundið tollaeftirlit þegar fólkið var að koma frá Amsterdam.

Stærstur hluti efnanna var falinn í nærfatnaði og víðar í klæðum fólksins en maðurinn hafði auk þess gleypt rúmlega þrjú hundruð grömm sem komu í ljós við röntgenmyndatöku. Hann var færður á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í kjölfarið þar sem honum gekk erfiðlega að skila kókaíninu út úr sér og var haldið þar undir stöðugri löggæslu. Á tímabili stóð til að skera manninn upp og sækja efnin enda um mikið magn að ræða sem gæti reynst honum lífshættulegt ef umbúðirnar færu að leka. Slíkt reyndist þó ekki nauðsynlegt þar sem þau skiluðu sér á endanum á páskadag.

Fólkið hefur verið úrskurðað í gæsluvarðhald til 27. apríl næstkomandi. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort að fleiri tengist málinu en það er enn í rannsókn.

Þetta er mesta magn fíkniefna sem lagt hefur verið hald á á Keflavíkurflugvelli það sem af er ári og í þriðja sinn frá áramótum sem einstaklingar eru teknir með fíkniefni innvortis. Í janúar var karlmaður á fimmtugsaldri handtekinn með hátt í áttatíu grömm af amfetamíni falin innvortis. Í kjölfarið gerði lögreglan húsleit á heimili hans og fannst þar töluvert af kannabisplöntum.

Þann þrettánda febrúar voru svo tvær íslenskar konur á fimmtugsaldri handteknar með tæp 700 grömm af kókaíni falin innvortis þegar þær komu saman með flugi frá Amsterdam.

Konurnar höfðu ekki áður komið við sögu lögreglu vegna mála af þessum toga. Karlmaður á þrítugsaldri var í kjölfarið handtekinn í tengslum við málið.

Kókaíninnflutningur til Íslands hefur stóraukist á undanförnum árum. Á síðasta ári lagði tollgæslan á Keflavíkurflugvelli hald á nánast jafnmikið magn af efninu og hún hafði gert samanlagt á tuttugu árum þar á undan, eða um átta og hálft kíló. Það sem af er ári hefur hún tekið hátt í tvö kíló af kókaíni.

thordur@frettabladid.is

Tilraunir með stofnfrumur:

## Tókst að vinna bug á sykursýki

**CHICAGO, AP** **Þrettán ungmenni í Brasilíu, sem öll hafa verið með sykursýki af gerð 1, þurfa ekki lengur að sprauta sig með insúlíni og hafa ekki þörf fyrir nein önnur lyf. Sum hafa verið lyfjalaus í þrjú ár.**

**Þau hafa tekið þátt í umdeildri læknisfræðitilraun sem þykir töluvert áhættusöm en virðist þó lofa góðu. Tilraunin felst í því að stofnfrumur eru unnar úr blóði sjúklinganna, síðan er ónæmiskerfi þeirra gert nánast óvirkt og að því búnu er stofnfrumunum sprautað aftur í líkamann.**

**Frá þessari tilraun er skýrt í Journal of the American Medical Association, tímariti bandarísku læknasamtakanna.** **- gb**

Salt á vegum í Svíþjóð:

## Hreindýr sett í saltsmökkun

**SVÍÞJÓÐ, AP** Elgir og hreindýr í dýragarði í Stokkhólmi hafa fengið það verkefni að smakka mismunandi tegundir af salti. Sú tegund, sem verst fellur að bragðskyni dýranna, verður notuð til þess að bera á vegi landsins á veturna til þess að draga úr hálku.



**HREINDÝR** Smakka salt í Stokkhólmi.

Ástæðan er sú að vegamálastjórnin í Svíþjóð hyggst taka í notkun nýja tegund af salti, sem þykir sætari á bragðið en sú sem til þessa hefur verið notuð. Áður en skipt verður um tegund þarf hins vegar að ganga úr skugga um að nýja tegundin dragi ekki að sér villt dýr, sem gætu þá skapað hættu í umferðinni þar sem þau gæða sér á saltinu á þjóðvegunum. **- gb**


MARKAÐURINN

Einfalt mál

Hafliði Helgason í hádegisfréttum Stöðvar 2 kl. 12:12 alla virka daga





## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝNANDI VEÐUR Í DAG**

Við erum að sigla inn í nokkuð hlýrra veður en verið hefur. Það eru vaxandi suðlægar áttir í kortunum með ágætum hlýindum. Þegar líður á morguninn fer að rigna sunnan til en þá með nokkuð björtu veðri á landinu norðan og austanverðu. Smám saman þykknar upp þar og síðdegis eða í kvöld má búast við rigningu allvíða á landinu og mildu veðri.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Suðaustan strekkingur með rigningu. Hiti 3-6 stig í dag.




um hádegi »

| | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Kaupmannahöfn | 14°C hálfskýjað | London | 19°C léttskýjað | Alicante | 19°C léttskýjað |
| Billund | 14°C hálfskýjað | París | 21°C hálfskýjað | Mallorca | 15°C léttskýjað |
| Osló | 11°C hálfskýjað | Frankfurt | 19°C alskýjað | Basel | 20°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 10°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 22°C heiðskírt | Eindhoven | 17°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 13°C hálfskýjað | Berlín | 14°C léttskýjað | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




**Í FRAMTÍÐINNI VERÐUR HÆGT AÐ GERA MIKLU MEIRA VIÐ PENINGINN**

Framtíðarreikningur er fermingargjöf sem verður verðmætari með hverju ári. Reikningurinn ber alltaf bestu vexti sparireikninga bankans og þar að auki bætum við 2.000 kr. við hverja gjöf upp á 5.000 kr. eða meira.* Framtíðarreikningurinn fæst í næsta útibúi Glitnis og á glitnir.is

* Tilboðið gildir fyrir alla sem eru fæddir 1993 og gildir allt að fimm sinnum fyrir hvern einstakling.

GLITNIR

## KJÖRKASSINN



*Fékkst þú páskaegg?*

| | |
|---|---|
| Já | 76% |
| Nei | 24% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Líður þér betur í millilanda-flugi eftir að öryggisreglur voru hertar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Fangaverðir fundu göt á girðingum umhverfis Litla-Hraun á föstudaginn langa:

# Talin tengjast fíkniefnasmygli

**LÖGREGLUMÁL** Líklegt er talið að fíkniefnasmyglarar hafi klippt göt á girðinguna umhverfis fangelsið Litla-Hraun en fangaverðir tóku eftir þeim á föstudaginn langa. Að sögn lögreglunnar á Selfossi, sem rannsakar málið, hafði verið klippt bæði á ytri og innri girðingar frá jörðu og hálfan metra upp. Telur lögreglan að það sé nógu stórt gat fyrir fullvaxinn mann.

Lögreglan telur ekki að um flóttatilraun hafi verið að ræða en grunar að göt hafi verið klippt á girðingarnar utan frá í því skyni að koma fíkniefnum inn í fangelsið. Sú smyglaðferð er nýstárleg að sögn Selfosslögreglu og er ekki vitað til þess að henni hafi verið beitt áður í fangelsinu.

Svæðið þar sem götin voru klippt er vaktað með eftirlitsmyndavélum og var verið að fara yfir myndbönd úr þeim í gær. Lögreglan sagðist hafa fengið ákveðnar vísbendingar um hvað hefði átt sér stað en varðist frétta að öðru leyti. Málið er enn í rannsókn. **-þsj**



**LITLA-HRAUN** Lögregluna á Selfossi grunar að göt hafi verið klippt á girðingar sem umlykja fangelsið til þess að smygla þangað fíkniefnum.

Árekstur á Vesturlandsvegi:

# Tvær konur fluttar á sjúkrahús

**SLYS** Tvær konur voru fluttar með sjúkrabifreið á Sjúkrahús Akraness í gærkvöld eftir að fólksbifreið sem þær voru í rakst á jeppabifreið á Vesturlandsvegi við Beitistaði í Leirár- og Melasveit. Að sögn lögreglunnar í Borgarnesi þurfti að klippa ökumann fólksbílsins, konu á þrítugsaldri, úr flakinu en auk hennar slasaðist kona á sjötugsaldri.

Áreksturinn varð þegar önnur bifreiðin reyndi framúrakstur en við það rákust bifreiðarnar saman og fóru út af veginum. Að sögn lögreglu voru þær þó ekki á miklum hraða og því fór betur en á horfðist. **-þsj**


Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sala@bodeind.is

BOÐEIND TÖLVUVERSLUN - ÞJÓNUSTA

Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sala@bodeind.is

**Frábær fermingartilboð á www.bodeind.is**



**ASUS A6VM-A Mikið fyrir lítið**
Öflug alhliða fartölva með leikjaskjákorti
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Pentium Mobile Single core 1.73GHz
Skjákort: nVidia Geforce Go 7300 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
**Staðgreiðsluverð kr. 94.900,-**
Verð áður kr. 112.243,-

Frí fartölvutaska, USB mús og Norton Systemworks vírusvörn og eldveggur með öllum fartölvum frá Boðeind



**Asus A6JA**
Öflug alhliða fartölva með leikjaskjákorti
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Intel Pentium Dual Core T2400
Skjákort: 256MB ATI Radeon X1600 leikjakort
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
**Staðgreiðsluverð kr. 129.900,-**
Verð áður kr. 149.900,-

Innbyggð 1.3 MegaPixla vefmyndavél & hljóðnemi er í öllum fartölvum frá Boðeind



**Asus A6T**
Öflug alhliða fartölva með leikjaskjákorti
Skjár: 15.4" Glare type háskerpuskjár
Örgjöri: AMD TurionX2 Dual Core TL52 64 bita
Skjákort: 256MB Geforce 7600 leikjakort
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
**Staðgreiðsluverð kr. 129.900,-**
Verð áður kr. 149.900,-



**Asus Vintage Vel hönnuð og hljóðlát tölva**
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
**Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-**
Verð áður kr. 84.900,-



**Asus Pundit ótrúlega nett og hljóðlát tölva**
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6 GPU
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
**Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-**
Verð áður kr. 84.900,-

**Boðeind í 20 ár**
**Þar sem verð og gæði fara saman**
Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu




**STEFNAN KYNNT** Jónína Bjartmarz, Guðni Ágústsson, Siv Friðleifsdóttir, Jón Sigurðsson, Valgerður Sverrisdóttir, Magnús Stefánsson og Sæunn Stefánsdóttir kynntu stefnuskrá Framsóknarflokksins á áttundu hæð Hótels Nordica í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Skattleysismörkin verði 100.000 krónur

**Framsóknarmenn vilja hækka skattleysismörk, afnema stimpilgjöld og gera leikskólana gjaldfrjálsa. Miða á lán Íbúðalánasjóðs við markaðsverð og lækka skatt á lyfjum. Formaður flokksins segir stefnumálin kosta á annan tug milljarða.**

**STJÓRNMÁL** „Við höfum alla burði til að halda áfram með íslenska efnahagsundrið," sagði Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, við kynningu stefnuskrár hans í gær og marglýsti andúð sinni á því sem hann kallaði „start/stopp eða stopp/stopp eða handbremsustopp í atvinnumálum." Yfirskrift stefnuskrárinnar er enda „Árangur áfram – ekkert stopp."

Stefnuskráin nær til sautján málaflokka og að sögn Jóns kostar framkvæmd hennar, í áföngum á fjórum árum, á annan tug milljarða króna.

Af einstökum liðum er hækkun skattleysismarka kostnaðarsömust en útreikningar framsóknarmanna sýna að hækkun þeirra í hundrað þúsund krónur kosti 10,4 milljarða króna.

Heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, upplýsti að kostnaður við breytingu fjölbýla á dvalar- og hjúkrunarheimilum í einbýli kostaði á bilinu tvo til þrjá milljarða og að lækkun virðisaukaskatts á lyfjum kostaði á milli fjögur og sex hundruð milljónir. Ekki fékkst uppgefið hve mikið lækkun skatts á barnavörum kostar. Siv sagði einnig að hækkun frítekjumarks atvinnutekna lífeyrisþega í 600 þúsund á ári kostaði á þriðja hundrað milljónir og 300 þúsund króna frítekjumark á greiðslur úr lífeyrissjóðum kostaði 3,4 milljarða.

Framsóknarmenn vilja afnema stimpilgjöld enda „hamlandi og úrelt," að sögn Guðna Ágústssonar varaformanns. Árið 2005 námu tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum níu milljörðum króna.

Annars sagði Guðni landbúnaðinn í gríðarlegri sókn, ekki síst hrossabúskap. „Það má segja að íslenski hesturinn sé stóriðja sveitanna," sagði landbúnaðarráðherra og kvað byggðirnar almennt rísa til mikillar sóknar þó á því væru undantekningar.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra sagði samfélagið þurfa stórsókn á sviði menntunar, nýsköpunar og sprotastarfsemi og að slík sókn þyrfti að ná til alls landsins.

### MEÐAL BRÝNUSTU VERKA

**Úr stefnuskrá Framsóknarflokksins**

- Skattleysismörk hækkuð í 100 þúsund krónur.
- Stimpilgjöld verði afnumin.
- Lán Íbúðalánasjóðs miðist við markaðsverð en ekki brunabótamat.
- Aðeins verði einstaklingsrými á dvalar- og hjúkrunarheimilum aldraðra.
- Frítekjumark á atvinnutekjur lífeyrisþega hækki.
- Frítekjumarki á greiðslur úr lífeyrissjóðum verði komið á.
- Dregið verði úr flutningskostnaði fyrirtækja á landsbyggðinni.
- Þjóðvegir út frá höfuðborginni verði tvöfaldaðir.
- Unnið verði að jarðgangagerð á 2 til 3 stöðum samtímis næstu áratugi.
- Fæðingarorlof verði lengt í tólf mánuði.
- Leikskólar verði gjaldfrjálsir í samvinnu við sveitarfélög.
- Virðisaukaskattur á lyf og barnavörur verði lækkaður í 7 prósent.
- Ókeypis tannvernd til átján ára aldurs.
- Námslán mæti raunverulegri framfærsluþörf.
- Þriðjungur námslána breytist í styrk ef námi lýkur á tilskildum tíma.

Framsóknarmenn segjast vilja tryggja afkomuöryggi í öllum byggðum og sagði Jón Sigurðsson aðspurður það merkja að þjóðin ætti öll að vera samferða; einstaka byggðir ættu ekki að verða útundan. Þó þyrftu menn sums staðar að leita sér vinnu í næsta byggðalag.

Aðild að Evrópusambandinu er ekki á stefnuskrá Framsóknar og sagði utanríkisráðherra að lækka þyrfti vexti og verðbólgu áður en afstaða væri tekin til hvort aðild þjónaði hagsmunum Íslendinga.

bjorn@frettabladid.is




Í tilefni af 70 ára afmæli okkar bjóðum við 70% afslátt af öllum almennum fargjöldum fyrir börn á aldrinum 2 til og með 11 ára. Tilboðið gildir til allra áfangastaða Icelandair í Evrópu og Bandaríkjunum. Sölutímabil er frá og með miðvikudeginum 11. apríl til og með sunnudagsins 15. apríl.

+ Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is og í Fjarsölu í síma 50 50 100.

'07 70ÁR Á FLUGI

Vildarpunktar VISA

Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

Ferðatímabil er frá og með 11. apríl til og með 30. september og miðast við að barn ferðist í fylgd með fullorðnum.

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Frá hvaða bæ í Færeyjum er Jógvan Hansen sem vann X-factor?*
2. *Hvað heitir forseti Írans?*
3. *Hver hyggst skrifa ævisögu Maríu Magdalenu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

VG segir erfiðara að vera tekjulítill nú en fyrir tólf árum og vill útrýma fátækt:

# Ríkisstjórnin fellur á velferðarprófinu

**STJÓRNMÁL** Gjaldtaka í menntakerfinu og í heilbrigðisþjónustu hefur verið aukin jafnt og þétt á undanförnum árum. Það eykur misréttið í samfélaginu og býr til alls konar þröskulda sem við viljum burt.

Þetta segir Ögmundur Jónasson hjá Vinstrihreyfingunni - grænu framboði sem í gær kynnti aðgerðir flokks síns til að bæta kjör þeirra sem minnstar hafa tekjurnar og búa við erfiðust kjör. „Við ætlum að útrýma fátækt í landinu. Við erum meðal ríkustu þjóða í heimi og höfum alla burði til þess.“

Athuganir VG benda til að nú sé erfiðara að vera tekjulítill og sjúkur en þegar ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hófst 1995. Sama máli gegni um að vera tekjulítill og húsnæðislaus og tekjulítill og með börn á framfæri. „Það er falleinkunn fyrir þessa ríkisstjórn og forgangsverkefni að snúa þessu við,“ segir Ögmundur sem telur að aðgerðaáætlun flokksins kosti á bilinu 10 til 12 milljarða króna á ári. **- bþs**



**FÁTÆKT VERÐI ÚTRÝMT** Ögmundur Jónasson og aðrir frambjóðendur VG í Suðvesturkjördæmi kynntu aðgerðaáætlun til útrýmingar fátæktar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### FORGANGSMÁL VG

**í útrýmingu fátæktar**

- Fella niður komugjöld á heilsugæslustöðvar
- Veita fólki til 20 ára aldurs ókeypis tannviðgerðir
- Auka hlutdeild ríkisins í húsaleigubótum
- Tryggja nám í heimahéraði til átján ára aldurs alls staðar á landinu
- Grunnlífeyrir verði hækkaður
- Frítekjumark vegna atvinnutekna verði 900 þúsund á ári
- Skattleysismörk verði hækkuð í áföngum
- Átak verði gert í að koma á gjaldfrjálsum leikskóla um allt land



**JARÐSKJÁLFTAHRINA** Tugir jarðskjálfta urðu á Reykjanesi í tólf klukkustunda hrinu sem hófst í fyrrakvöld.

Jörð skalf neðansjávar:

## Snarpir kippir á Reykaneshrygg

**HAMFARIR Tugir jarðskjálfta að styrkleika um þrír á Richterskvarða urðu í jarðskjálftahrinu sem hófst á Reykjaneshrygg klukkan 22.30 í fyrrakvöld. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var skjálftahrinan um 30 kílómetra suðvestur af Reykjanesi. Stærsti skjálftinn var 3,7 á Ricther. Hrinan stóð til um klukkan tíu í gærmorgun. Slíkar jarðskjálftahrinur eru algengar á þessu svæði að því er segir í tilkynningu Veðurstofunnar.** **- gar**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ölvunarakstur um páskana**

Tuttugu og þrír ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu um páskana. Sjö voru stöðvaðir á skírdag, þrír á föstudaginn langa, sex á laugardag, fjórir á páskadag og þrír á annan í páskum. Ökumennirnir voru tuttugu karlmenn og þrjár konur.

# Svíar unnu samkeppni Glitnis

**Bjarni Ármannsson forstjóri segir skipulagningu nýrra höfuðstöðva Glitnis á Kirkjusandi verða unna með borgaryfirvöldum og í sátt við íbúa í Laugarnesi. Sænskir arkitektar unnu samkeppni um hönnunina.**

**SKIPULAGSMÁL** Sænska arkitektastofan Monarken sigraði í fjölþjóðlegri samkeppni um hönnun nýrra höfuðstöðva fyrir Glitni. Byggt verður upp að núverandi höfuðstöðvum fyrirtækisins og á svokallaðri Strætólóð sem Glitnir keypti af Reykjavíkurborg í fyrra.

„Fyrir okkur er þetta vitanlega mjög mikilvægur áfangi,“ sagði Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, þegar hann kynnti úrslit samkeppninnar í gær. Sagði Bjarni Glitni mundu vinna áfram að verkefninu í samvinnu við nágranna sína í Laugarnesi og Reykjavíkurborg með hagsmuni allra aðilanna í huga.

Forstjórinn sagði að meðal annars hefði verið lögð áhersla á að ná samhljómi við núverandi byggð í Laugarnesi. Einnig hefði verið lögð áhersla á skjól fyrir veðri og vindum og auðvelt aðgengi fyrir bæði íbúa í hverfinu og viðskiptavini og starfsfólk. Sömuleiðis væri ætlunin að nýju höfuðstöðvarnar settu sterkan svip á umhverfið. Dómnefndin hefði verið einhuga í vali sínu á tillögunni sem reyndist vera frá sænsku arkitektunum Andreas Hermansson, Andreas Hiller og Samuel Lundberg á teiknistofunni Monarken. Lundberg tók við verðlaununum fyrir þeirra hönd í gær.

Bjarni sagði frá því að þegar forveri Glitnis hefði flutt í núverandi húsnæði á Kirkjusandi árið 1995 hefðu starfsmenn fyrirtækisins verið 500 talsins. Allir hefðu þeir starfað á Íslandi. Í dag væru starfsmenn Glitnis um 1.800 í ellefu löndum. Hann sagði að þótt mesti vöxtur fyrirtækisins væri í útlöndum væri enn ekki séð fyrir endann á vextinum hér heima. Í ljósi þess væri ráðist í gerð nýrra höfuðstöðva. Af 42 tillögum sem bárust voru sex valdar til þátttöku á síðara þrep samkeppninnar. Af þeim voru þrjár íslenskar. Fyrir það hlutu hönnuðir tillagnanna sex 30 þúsund evrur hver.

Að auki fékk vinningstillagan 50 þúsund evrur og tillögurnar í öðru til þriðja sæti 20 þúsund evrur. Samtals greiddi bankinn því í gær 270 þúsund evrur í viðurkenningarskyni til þeirra sex hönnuða sem náðu lengst. Upphæðin svarar til ríflega 24 milljóna króna.

gar@frettabladid.is





**NÝJAR HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS** Vinningstillaga sænsku arkitektastofunnar Monarken. MYND/MONARKEN

**TILLAGAN KYNNT** Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, kynnir vinningstillöguna fyrir formanni skipulags- og byggingarnefndar Reykjavíkur, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


FÉLAGSVÍSINDADEILD



FÉLAGSVÍSINDI – Í ÞÁGU FRAMFARA

Spennandi kostir í framhaldsnámi

Gott nám og rétt val þess er farsæl leið til lífsgæða og aukinna möguleika í starfi. Við félagsvísindadeild Háskóla Íslands bjóðast margir spennandi kostir í námi hjá hæfum og reyndum kennurum.

Góðar aðstæður til náms • Fjölbreytni og sveigjanleiki • Starfstengt rannsóknarnám
Nám með starfi • Nám stutt rannsóknum kennara

- MLIS-nám í bókasafns- og upplýsingafræði
- Cand. psych.-nám í sálfræði
- MA-nám og diplómanám í uppeldis- og menntunarfræði
- MA-nám og diplómanám í kennslufræði til kennsluréttinda
- MA-nám og diplómanám í fötlunarfræði
- MA-nám og diplómanám í félagsfræði
- MA-nám í blaða- og fréttamennsku
- MA-nám og diplómanám í náms- og starfsráðgjöf
- MA-nám og diplómanám í kynjafræði
- MSW-nám í félagsráðgjöf
- MA-nám og diplómanám í félagsráðgjöf
- MA-nám í öldrunarfræðum
- MA-nám í mannfræði
- MA-nám og diplómanám í þróunarfræðum
- MA-nám í þjóðfræði
- MA-nám í hagnýtri þjóðfræði
- MPA-nám og diplómanám í opinberri stjórnsýslu
- MA-nám og diplómanám í alþjóðasamskiptum
- MA-nám í stjórnmálafræði

Doktorsnám í öllum greinum. Allar upplýsingar á www.felags.hi.is
Umsóknarfrestur um meistara- og doktorsnám er til 16. apríl

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu, 101 Reykjavík
Sími 525-4502, felvisd@hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

ÍSLENSKA SIA.IS HSK 37084 04/07




**LÍNUBÁTURINN** Ísbjörg ÍS-69 dreginn til hafnar FRÉTTABLAÐIÐ/VERA

Línubátur varð vélarvana:

## Ísbjörg ÍS-69 dregin í land

**SLYS** Línubáturinn Ísbjörg ÍS-69 var dreginn til hafnar á Ísafirði rétt fyrir hádegi í gær eftir að hafa orðið vélarvana um hálfa sjómílu norðaustur af Arnarnesi í Skutulsfirði. Ástæða vélarbilunarinnar er talin vera sú að sjór komst í vélarrúm bátsins.

Björgunarsveitir og -skip voru kölluð út og báturinn Valur ÍS-20, sem var í námunda við Ísbjörgu, var beðinn um að koma henni til aðstoðar. Hann var þegar kominn með Ísbjörgu í tog þegar björgunarskipið Gunnar Friðriksson kom að og var þá einnig búið að koma í veg fyrir lekann. Björgunarskipið tók þá við Ísbjörgu og dró að landi. Tveggja manna áhöfn bátsins sakaði ekki. **- þsj**


Nýjir tímar - á traustum grunni
» Um helgina hittist sjálfstæðisfólk af öllu landinu á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í Laugardalshöll. Á landsfundi móta sjálfstæðismenn stefnu sína og kosningaáherslur fyrir komandi alþingiskosningar.
» Stefna Sjálfstæðisflokksins hefur reynst íslensku þjóðinni heilladrjúg og leitt af sér miklar framfarir. Grunnurinn að frekari framförum hefur verið lagður.
» Við horfum til nýrra tíma með nýjum tækifærum - nýrra tíma á traustum grunni.
XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN



**KOMMÚNISTAR Í KÍEV** Kommúnistar létu liti sína ekki vanta á útifundi í Kíev, höfuðborg Úkraínu, þar sem stuðningsmenn forsætisráðherrans Viktors Janúkovítsj mótmæltu ákvörðun forsetans Viktors Jústsjenko að rjúfa þing og boða til kosninga.

Birgir Schram neitar að greiða sekt fyrir að leggja í stæði við húsið sitt að Kleppsvegi:

# Misræmi Bílastæðasjóðs og borgar um stæði

**REYKJAVÍKURBORG** „Það er bara orðið of dýrt fyrir mig að búa hérna á Kleppsveginum. Það er víst ekki á mörgum öðrum stöðum þar sem fólk er sektað fyrir að leggja í stæði við húsið sitt,“ segir Birgir Schram, íbúi við Kleppsveg.

Birgir neitar alfarið að greiða sekt frá bílastæðasjóði fyrir að hafa lagt í stæði við heimili sitt að Kleppsvegi 46. Hann segir ósamræmi milli þeirra upplýsinga Bílastæðasjóðs og Reykjavíkurborgar um lögleg bílastæði.

Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, tekur undir að misskilnings um bílastæðamál geti gætt á þessum slóðum.

„Það hafa verið miklar kvartanir frá íbúum við Kleppsveg eftir að stæði voru færð og hljóðmúr settur við götuna. Verið getur að íbúar hafi fengið upplýsingar um hvar stæði eigi að vera í framtíðinni sem Bílastæðasjóður hefur enn ekki fengið upplýsingar um,“ segir Hrólfur.

Hrólfur viðurkennir að tafir hafi orðið á framkvæmdum við svæðið en segir vonir standa til þess að þeim verði lokið sem fyrst eftir páska.

„Ég læt athuga þetta sérstaklega strax eftir hátíðarnar og komi í ljós að misskilnings hafi gætt á ég ekki von á öðru en Bílastæðasjóður taki tillit til þess,“ segir Hrólfur. - kdk



**FYRSTA SEKTIN** Birgir stendur við bíl sinn eftir að hafa fengið fyrsta sektarmiðann sem kom um miðjan mars. Hann segir Bílastæðasjóð ekki sinna röksemdum hans um að þarna sé stæði heldur aðeins senda boð um frekari hækkanir.







**SÉGOLÈNE LÍMD YFIR SARKOZY** Á mánudaginn unnu starfsmenn framboðendanna hörðum höndum að því að festa upp kosningaplaköt fyrir utan kjörstaði út um allt Frakkland. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Lokasprettur í Frakklandi

**Hálf önnur vika er í forsetakjör í Frakklandi og kosningabaráttan hófst formlega á mánudaginn var. Hún verður óútreiknanlegri með hverjum deginum.**

**FRAKKLAND** Kosningabaráttan í Frakklandi hófst formlega nú á mánudaginn, þótt hún hafi í raun staðið yfir í fjölmiðlum mánuðum saman, en aðeins hálf önnur vika er þangað til forsetakosningar verða haldnar.

Síðustu tvær vikurnar fyrir kosningarnar er þess vandlega gætt að allir frambjóðendurnir fái jafnmiklum tíma úthlutað í ljósvakamiðlunum, og nú fyrst eru kosningaplaköt komin upp og fjölmennir kosningafundir haldnir dag eftir dag.

Samkvæmt skoðanakönnunum þykir hægrimaðurinn Nicolas Sarkozy sigurstranglegastur, en á hæla hans fylgir sósíalistinn Ségolène Royal.

Þriðji maðurinn er svo Francois Bayrou, staðsettur einhvers staðar í miðju stjórnmálalitrófsins, og þar á eftir kemur hinn umdeildi þjóðernissinni Jean-Marie le Pen í fjórða sæti.

Alls keppa tólf frambjóðendur um forsetaembættið, en hljóti enginn þeirra meira en helming atkvæða þann 22. apríl þá verður seinni umferð kosninganna haldin tveimur vikum síðar, sunnudaginn 6. maí.

Á lokasprettinum harðnar baráttan um allan helming, frambjóðendur skjóta í allar áttir og umræðan verður harla óútreiknanleg.

Nú síðast vöktu ummæli Sarkozys um barnaníðinga hörð viðbrögð. Sarkozy sagðist í tímaritsviðtali trúa því að barnaníðingar væru strax frá fæðingu verðandi barnaníðingar. Vandamálið væri að við kynnum „engin ráð til að meðhöndla þennan sjúkleika.“

Mótframbjóðendur hans voru ekki lengi að notfæra sér þessi ummæli til þess að skjóta á hann þungum skotum, og kaþólska kirkjan gagnrýndi hann fyrir að gefa í skyn að fólk gæti ekki breyst.

Í gær sagðist Sarkozy aðeins hafa varpað þessu fram til umræðu, sjálfur hefði hann engin svör. „Hve stór hluti er meðfæddur og hve stór hluti er áunninn? Að minnsta kosti ættum við að ræða þetta, við skulum ekki loka á allar umræður,“ sagði hann í sjónvarpsviðtali í gær. gudsteinn@frettabladid.is



BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

AJ ARMANI JEANS

FINUCCI
collezione

Benvenuto.

LLOYD

REDGREEN

BELLINI
collezione

bugatti

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
OG LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17



Herra lagerinn outlet

# Troðfull verslun af merkjavöru

# 60%

# afsláttur

## af öllum vörum

OPIÐ
SUNNUDAGINN 15/4 FRÁ KL. 13 TIL 17

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )



**SELUR PÁFUGLAFJAÐRIR** Indverskur sölumaður heldur þarna á úrvali páfuglafjaðra sem hann býður til sölu fyrir utan hindúahof í Hyderabad. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Jose Ramos Horta með nauman meirihluta í forsetakjöri á Austur-Tímor:

# Líklega verður önnur umferð í kosningum

**AUSTUR-TÍMOR, AP** Flest bendir til þess að efna þurfi til annarrar umferðar forsetakosninganna á Austur-Tímor. Þegar tuttugu prósent atkvæða höfðu verið talin í gær hafði Nóbelsverðlaunahafinn Jose Ramos Horta, sem nú er forsætisráðherra, fengið flest atkvæði, en skammt á hæla honum kom Fernando „Lasama“ de Arujo, fyrrverandi uppreisnarleiðtogi.

Fái enginn frambjóðenda meira en helming atkvæða verður efnt til annarrar umferðar í júní næstkomandi þar sem kosið verður á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Seinni umferðin verður þá haldin um leið og þingkosningar, og gæti það aukið enn á spennuna í landinu, aðeins ári eftir að litlu munaði að borgarastyrjöld brytist þar út.

Búist er við að nokkuð marktækar bráðabirgðaniðurstöður verði birtar í dag en endanleg úrslit verða ekki ljós fyrr en 19. apríl, sem er á fimmtudaginn í næstu viku.

Kosningarnar voru haldnar á mánudaginn, en þetta eru fyrstu forsetakosningarnar í landinu frá því það hlaut sjálfstæði árið 2002. Forseti er kjörinn til fimm ára í senn, en embættinu fylgja ekki mikil pólitísk völd.

Forsetakjörið er þó talinn mælikvarði á það hversu mikinn stuðning hugmyndir þeirra Horta og Xanana Gusmao, núverandi forseta, hafa meðal landsmanna. Gusmao gerir sér vonir um að verða forsætisráðherra að þingkosningum loknum. - gb



**TALIÐ UPP ÚR KJÖRKÖSSUM** Í gær biðu íbúar á Austur-Tímor spenntir eftir úrslitum forsetakosninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Friðarsúlan vígð í október:

## Yoko Ono prófar súlu

**LIST** Yoko Ono, listakona og ekkja Johns Lennons, er stödd hér á landi vegna undirbúnings við uppsetningu Friðarsúlunnar sem staðsett verður í Viðey.



**YOKO ONO**

Listaverkið, ljóssúla sem lýsir beint upp í himininn, verður prófað og tilraunir gerðar með ljósgjafa á næstu dögum, segir Hafþór Yngvason, forstöðumaður Listasafnsins í Reykjavík.

Friðarsúlan var kynnt í október á seinasta ári, en hún á að sýna friðarboðskap Lennons og Ono á táknrænan hátt. Áætlað er að vígja listaverkið á fæðingardegi Lennons, 9. október. - sþs

Sjávarútvegsstjóri Evrópusambandsins:

## Fiskveiðieftirliti er enn ábótavant



**JOE BORG** Fer með fiskveiðimál í framkvæmdastjórn ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**BRUSSEL, AP Eftirliti með fiskveiðum í lögsögu Evrópusambandsríkjanna er enn ábótavant og það á sinn þátt í ofveiði fiskistofnanna. Þetta sagði Joe Borg, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, í gær.**

**„Virkara fiskveiðieftirlit krefst meiri ákveðni og elju,“ sagði Borg.**

**Vegna ófullnægjandi eftirlits væru þess of mörg dæmi að notuð væru óleyfileg veiðarfæri og að skip stælust til að veiða á miðum sem hefur verið lokað í verndarskyni við hætt komna fiskistofna.** - aa



**GAGNRÝNIR ANDSTÆÐINGA ORKUFYRIRTÆKJA** „Það er ástæða til þess að þessi kór taki sér frí því hann syngur falskt,“ segir Gústaf Adolf Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, um þann málflutning að nýting endurnýjanlegra orkulinda sé í andstöðu við þekkingargreinarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Orkufyrirtæki eru þekkingarfyrirtæki

**Orku- og veitufyrirtækin vörðu um fimmtán milljörðum í rannsóknir og hönnun og hálfum milljarði í styrki til rannsókna- og vísindastarfa 2001-2006.**

**TÆKNI** „Hávær kór kyrjar þann söng að nýting endurnýjanlegra orkulinda sé í andstöðu við þekkingargreinarnar og beri frekar að veðja á þekkingargreinar en orkugreinar en á sama tíma fáum við fréttir um útrás á orkuþekkingu þar sem virtustu háskólar í heimi undirrita samstarf um þróun þessarar þekkingar með Íslendingum. Við ákváðum þess vegna að skoða þetta aðeins og þetta eru niðurstöðurnar,“ segir Gústaf Adolf Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku.

„Það er ástæða til þess að þessi kór taki sér frí því hann syngur falskt en ótrúlega hátt engu að síður. Engin innistæða getur talist fyrir því að stilla íslenskum orku- og veitufyrirtækjum upp sem einhvers konar andstæðu við þekkingarfyrirtæki. Þúsundir starfsmanna eiga betra skilið en þetta,“ segir hann.

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, tók nýlega saman upplýsingar um fjölda háskólamenntaðra í hópi starfsfólks aðildarfyrirtækja Samorku, sem og um fjármagn sem þessi fyrirtæki verja til rannsókna, hönnunar og vísinda. Niðurstaðan er sú að orku- og veitufyrirtækin vörðu yfir fimmtán milljörðum króna í rannsóknir og hönnun 2001-2006 auk þess sem fimm hundruð milljónir króna fóru í styrki til rannsókna- og vísindastarfa á vegum annarra.

Hjá orku- og veitufyrirtækjum starfa 330 manns með háskóla- og tæknimenntun, þar af 226 verk- og tæknifræðingar. Aðkeypt sérfræðiþjónusta nam 400 ársverkum háskóla- og tæknimenntaðra, þar sem ætla má að séu meðal annars 273 ársverk verk- og tæknifræðinga, auk fjölda ársverka viðskiptafræðinga, jarðfræðinga og fleiri hópa árið 2006. Samtals gerir þetta 730 ársverk háskóla- og tæknimenntaðra, þar af 499 ársverk verk- og tæknifræðinga. Útrásarfyrirtæki á orkusviði eru ekki með í þessum tölum.

Þá voru 475 ársverk iðnaðarmanna innt af hendi fyrir orku- og veitufyrirtæki á árinu 2006 auk þess sem tæplega 600 starfsmenn teljast til ófaglærðra. Gústaf segir að meðalstarfsaldur ófaglærðra sé með allra hæsta móti hjá orku- og veitufyrirtækjum eða tæplega sextán ár samanborið við sjö ára meðaltal á íslenskum vinnumarkaði. ghs@frettabladid.is

**ORKU- OG VEITUFYRIRTÆKI**
- 730 ársverk háskóla- og tæknimenntaðra, þar af 499 ársverk verk- og tæknifræðinga
- 475 ársverk iðnaðarmanna voru unnin 2006
- Tæplega 600 starfsmenn eru ófaglærðir
- 15,5 milljarðar króna fóru í hönnun, rannsóknir og vísindi


Byrjaðu ferðina heima,
- og bókaðu bílinn strax!




Ef þú bókar fyrir 1. maí færðu 1.000 Vildarpunkta

Ef þú bókar bílaleigubílinn heima á Íslandi bíður hann þín á áfangastað. Hver leiga færir þér **500 Vildarpunkta** að auki. Bókaðu bílinn núna í 522 44 00 og tryggðu þér meira öryggi og betri þjónustu á ferðum þínum erlendis hvert sem leið þín liggur.

Safnaðu Vildarpunktum

Hertz

522 44 00 • www.hertz.is

Bilaður síðan í desember:

## Þriðja tilraun til Cantat-viðgerðar

**SAMSKIPTI** Reynt verður að gera við CANTAT-3 sæstrenginn á næstu dögum. Sá hluti strengsins sem liggur til Kanada hefur verið bilaður síðan 16. desember síðastliðinn. Þetta er í þriðja skiptið sem reynt er að gera við strenginn síðan hann bilaði. Vont veður hefur hingað til hamlað því.

Í tilkynningu frá Farice hf. segir að skipið CS Pacific Guardian hafi nýlega lagt af stað frá Bermúda og komi á bilunarstað í dag. Búast megi við nokkurra klukkutíma rofi á umferð áður en viðgerð hefst og þegar henni lýkur, en hún tekur um það bil viku. - sþs



**OBAMA OG LETTERMAN** Stefnir ekki á aukahlutverk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barack Obama:

## Engan áhuga á varaforsetastóli

**WASHINGTON, AP** Bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Barack Obama segist engan áhuga hafa á því að verða varaforsetaefni í næstu forsetakosningum.

„Nei, maður býður sig ekki fram í annað sæti," sagði hann í sjónvarpsþætti Davids Letterman á mánudagskvöld. Letterman spurði Obama hvort það hefði komið til tals að hann myndi taka þátt sem varaforsetaefni ef niðurstaðan yrði sú að Hillary Clinton yrði forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins.

„Ég hef ekki trú á því," sagði Obama. - gb

Jarðskjálftar í Grikklandi:

## Meðalsterk skjálftahrina

**GRIKKLAND, AP** Hrina meðalsterkra jarðskjálfta gekk yfir miðbik Grikklands í gærmorgun. Fólk beið engan skaða af en nokkrar skemmdir urðu á byggingum.

Þrír skjálftar, sem mældust 5,2, 5,0 og 5,4 á Richterskvarða, skóku bæina Agrinion og Messolongi á tveimur mínútum á ellefta tímanum að staðartíma. Jarðvísindastofnun Grikklands varaði við eftirskjálftum og hús sem urðu fyrir skemmdum voru rýmd og lokuð af. - aa


# GRÆN FRAMTÍÐ

Í dag kynnum við Græna framtíð stefnu Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs um sjálfbæra þróun. Þar setjum við fram nýja sýn á umhverfi, samfélag og efnahag.
**Saman leggjum við grunn að grænni framtíð.**

**Boðað er til fréttamannafundar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar miðvikudaginn 11. apríl kl. 13:00**

**Kynntu þér málið á www.VG.is**

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

**ALLT ANNAÐ LÍF!**

- með vinstri grænum



**Kolbrún Halldórsdóttir**
skipar 1. sæti Reykjavíkurkjördæmi Suður

Samfylkingin

„Við viljum tryggja ókeypis tannvernd fyrir börn."





**Foreldrar eiga ekki að borga svona mikið fyrir tannviðgerðir barna sinna.**

xS

Gunnar Svavarsson, 1. sæti í suðvesturkjördæmi
Guðný Hrund Karlsdóttir, 4. sæti í suðurkjördæmi



**KÍNALEIÐTOGI Í S-KÓREU** Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, heilsar suðurkóresku skólafólki við móttökuathöfn í Seúl í gær. Í heimsókninni á meðal annars að stilla saman strengi í viðræðunum um kjarnorkumál Norður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Formlegar stjórnarmyndunarviðræður eru að hefjast í Finnlandi:

# „Hægri-græn“ stjórn í bígerð

**FINNLAND, AP** Formlegar stjórnarmyndunarviðræður eru að hefjast í Finnlandi undir forystu Matti Vanhanen, formanns Miðflokksins, og eru allar líkur á því að borgaraleg ríkisstjórn fjögurra flokka verði mynduð á næstu dögum. Flokkarnir fjórir eru Miðflokkurinn, Hægriflokkurinn, Sænski þjóðarflokkurinn og Græningjar. Jafnaðarmenn detta þar með út úr ríkisstjórnarsamstarfi í Finnlandi.

Jyrki Katainen, formaður Hægriflokksins, segir að um sögulega ríkisstjórnarmyndun sé að ræða. Hægriflokkurinn kemur nú inn í ríkisstjórn í Finnlandi í fyrsta skipti í langan tíma en flokkurinn vann mikið á í þingkosningunum 18. mars. Helsingin Sanomat hefur eftir Vanhanen að þessi ríkisstjórnarmyndun sé í samræmi við niðurstöður kosninganna. Helstu verkefni ríkisstjórnarinnar verði á sviði orku- og loftslagsmála, einkareksturs, endurnýjunar almannatryggingakerfis og þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Vanhanen hefur lýst yfir að stjórnin muni styrkja velferðarkerfið og vera í góðu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

„Hægri-græna“ ríkisstjórnin mun hafa 126 af 200 þingmönnum á finnska þinginu á bak við sig. Gert er ráð fyrir að Vanhanen haldi áfram sem forsætisráðherra en Katainen verði fjármálaráðherra. - ghs



**INN Í RÍKISSTJÓRNINA** Jyrki Katainen, formaður Hægriflokksins, kemur væntanlega inn í ríkisstjórnina og verður trúlega fjármálaráðherra.

### Lentu við geimstöð í gær:

# Ferðalangur í dýrri geimferð

**ALÞJÓÐLEGA GEIMSTÖÐIN, AP** **Geimferja með bandaríska milljarðamæringinn Charles Simonyi innanborðs lenti við Alþjóðlegu geimstöðina í gær. Hann er fimmti maðurinn sem fer út í geim á eigin vegum. Ferðin kostaði hann rúman einn og hálfan milljarð króna.**

**Mikil fagnaðarlæti upphófust þegar Simonyi, sem er hugbúnaðarverkfræðingur, sveif inn í geimstöðina. Tveir rússneskir geimfarar voru að auki í áhöfn ferjunnar sem skotið var á loft frá Rússlandi á laugardag. Undirbúningur ferðarinnar hefur staðið yfir síðan á síðasta ári.** - sþs

### McCain missir flugið:

# Segir enn von í Íraksstríðinu

**WASHINGTON, AP** Öldungadeildarþingmaðurinn John McCain, sem berst fyrir því að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins í forsetakosningunum í Bandaríkjunum á næsta ári, reynir nú að sannfæra almenning í Bandaríkjunum um að sigur geti unnist í Írak. Vinsældir hans hafa farið minnkandi, meðal annars vegna þess að hann hefur ótrauður haldið fast við stuðning sinn við Íraksstríðið.



**JOHN MCCAIN**

Helstu keppinautar hans um útnefningu flokksins í forsetaframboð, þeir Rudy Giuliani og Mitt Romney, hafa lagt aðaláherslu á utanríkismálin í baráttu sinni. - gb

### Mjög hvasst á Austfjörðum:

# Norræna beið í vari

**VEÐUR** Allhvasst var á Seyðisfirði og í Neskaupstað í gærmorgun og gat farþegaferjan Norræna ekki lagst að bryggju á Seyðisfirði. Ferjan beið í vari austan við Brimnesið eftir að vindinn lægði. Hún kom í land um hádegið.

Tvö hjólhýsi sem geymd voru á tollsvæðinu á Seyðisfirði fuku hvort á annað í veðrinu og skemmdust töluvert en vindur fór upp í 29 metra á sekúndu í mestu hviðunum. Í Neskaupstað fauk upp svalahurð á íbúðarhúsi og eyðilagðist. Engin slys urðu á fólki og veðrið gekk niður um hádegisbilið. - þo



**NORRÆNA** Norræna komst ekki í land á réttum tíma í gær sökum hvassviðris. Í síðustu viku slitnaði ferjan frá bryggju í roki.



**ÝTT UNDIR GRÓÐURHÚSAÁHRIF?** Norræn skógrækt í nýju ljósi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Ný bandarísk rannsókn á gróðurhúsaáhrifum:

# Skógrækt á norðurslóðum kann að skila minna en engu

**LOFTSLAGSMÁL** Skógrækt á snjóríkum svæðum getur ýtt undir gróðurhúsaáhrif þar sem trjákrónurnar draga í sig sólarljós sem annars hefði verið endurvarpað af snjóbreiðunni.

Að þessari niðurstöðu er komist í skýrslu sem birt er í bandaríska vísindaritinu Proceedings of the National Academy of Sciences og vitnað er til á fréttavef breska ríkisútvarpsins BBC.

En höfundar skýrslunnar, vísindamenn við Lawrence Livermore National Laboratory og fleiri vísindastofnanir í Bandaríkjunum, leggja áherslu á að þeir séu ekki að mælast til þess að skógar á norðlægum slóðum verði höggnir niður.

Náttúrufræðingar hafa lengi haldið því fram að skógrækt hjálpi til við að vinna á móti gróðurhúsaáhrifunum þar sem tré síi koltvísýring úr andrúmsloftinu og breyti því í súrefni. En samkvæmt skýrslunni getur á vissum norðlægum slóðum skógrækt skilað minna en engu í þessu tilliti.

Hins vegar komast skýrsluhöfundar að þeirri niðurstöðu að regnskógar hitabeltisins gegni mjög miklu hlutverki í að verka á móti gróðurhúsaáhrifunum; þeir síi mikið magn koltvísýrings úr loftinu allan ársins hring og eigi þátt í skýjamyndun sem einnig dragi úr inngeislun sólar. - aa



**FYRSTU TÓNLEIKARNIR** Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hélt tónleika á grunni nýja menningarhússins sem nú rís á Akureyri. Þegar húsið er tilbúið fær hljómsveitin þar inni en hún hefur verið á hrakhólum undanfarin ár. Segja má að tónleikarnir hafi verið fyrsti viðburðurinn sem haldinn er í menningarhúsinu sem fengið hefur nafnið Hof. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS






# Gorenje þvottavélar

## Fyrir íslensk heimili



| | |
|---|---|
| 1200 snúninga 5 kg: | 54.900.- |
| 1200 snúninga 6 kg: | 67.900.- |
| 1400 snúninga 6 kg: | 72.900.- |
| 1600 snúninga 6 kg: | 79.900.- |
| 1600 snúninga 7 kg: | 109.900.- |

- Mjög hljóðlátar
- Auðveldar í notkun
- Hristivörn
- Flæðivörn
- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- 5-7 kg hleðsla
- 1200-1600 snúningar
- A í orkunýtni
- A í þvottahæfni

PIPAR • SÍA • 70063

**REYKJAVÍK**
Rönning
Borgartúni 24
Sími 562 4011

**AKUREYRI**
Rönning
Óseyri 2
Sími 460 0800

**REYÐARFJÖRÐUR**
Rönning
Nesbraut 9
Sími 470 2020

**REYKJANESBÆR**
Rönning
Hafnargötu 52
Sími 420 7200

RÖNNING
www.ronning.is

## „ORÐRÉTT“

### *Meira að segja í Eurovision*

**„Ég styð þá í hvaða vitleysu sem er eins og þar stendur.“**

SVEINN RÚNAR HAUKSSON, FORMAÐUR FÉLAGSINS ÍSLAND-PALESTÍNA, SEGIST MEIRA AÐ SEGJA STYÐJA PALESTÍNU Í ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT Í EUROVISION.

**Fréttablaðið 10. apríl**

### *Bara smá grín*

**„Ég hef ætíð haft miklar mætur á Íslandi og þið væruð síðasta þjóðin sem ég myndi vilja sjá sprengjum varpað á.“**

UWE E. REINHARDT, PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI VIÐ PRINCETON-HÁSKÓLA, BIÐST AFSÖKUNAR Á HÁÐSGREIN SEM HANN SKRIFAÐI ÞAR SEM HANN HVATTI TIL ÞESS AÐ ÍSLAND YRÐI SPRENGT Í STAÐ ÍRANS.

**Morgunblaðið 10. apríl**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR SÖNGKONA

## *Syngur ljóð Jónasar*

„Það er bara allt gott að frétta af mér,“ segir Hulda Björk Garðarsdóttir söngkona aðspurð hvað sé að gerast hjá henni þessa dagana. „Ég er mest búin að vera að vinna í tónlist eftir Atla Heimi Sveinsson sem er samin við ljóð Jónasar Hallgrímssonar. Verkið er útsett fyrir fjögur hljóðfæri og söngrödd og ég er í afar góðum félagsskap.“

Hún segir Sigurð Snorrason klarinettleikara útsetja efnið en meðal annarra tónlistarmanna í hópnum séu Eyjólfur Eyjólfsson söngvari, Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari.



„Það er í deiglunni að gefa þetta síðan út og halda tónleika hér á landi, helst í kringum fæðingardag Jónasar sem er 16. nóvember. Þangað til verðum við að taka upp og förum með verkið eitthvað út í heim.“

Hulda segist hafa unnið dágóða törn fram að páskum en tekið sér frí alla páskahelgina. „Við fjölskyldan fórum úr bænum í snjósleðaferð upp á Mýrdalsjökul yfir páskana, sem var alveg rosalega skemmtilegt. Skyggnið var reyndar ekkert rosalega gott akkúrat á meðan við vorum þarna en aðalfjörið var að fara á vélsleða með börnunum. Síðan skruppum við í fjöru í Vík og gerðum ýmislegt fleira í fríinu.“

Að lokum bætir Hulda við að vorverkin séu farin að kalla á sig. „Maður fer að huga að þeim þegar sólin er farin að rísa og benda á hvar þarf að þurrka af.“

## FYRSTA HJÓLIÐ:
### ÓPRAKTÍSKT OG ÁN FÓTSTIGA



■ Nú þegar sólin skín verða reiðhjól algengari sjón á götum úti. Fyrsta reiðhjólið sem smíðað var væri kannski nothæft á sléttum malbikuðum götum nútímans, en það þótti einkar óhentugt á sínum tíma þar sem það réð ekki við holóttar götur. Tilgangurinn var heldur að komast hraðar um konunglega garða. Draisienne, eins og hjólið kallast, var hannað af von Drais baróni árið 1817 og var einvörðungu smíðað úr viði. Ekkert fótstig var á hjólinu, heldur komust ferðalangar áfram með því að sitja á sætinu og ýta sér svo áfram.

## SJÓNARHÓLL
### SKORTUR Á HJÚKRUNARFRÆÐINGUM



**MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR**
Upplýsinga- og fræðslufulltrúi SAF.

### *Alvarlegt mál*

„Það er mjög sorglegt og illa fyrir okkur komið ef við getum ekki mannað störf hjúkrunarfræðinga betur. Ef við getum það ekki akkúrat núna í allri þessari góðu tíð sem hér hefur verið, hvenær er þá hægt að manna þessi störf? Einhvers staðar þarf að verða áherslubreyting þannig að hægt verði að borga mannsæmandi laun. Það er spurning hvað ný ríkisstjórn gerir og hvar hún leggur áherslurnar. Mönnun á sjúkrastofnunum er eitt af þeim grundvallaratriðum sem þurfa að vera í lagi í okkar þjóðfélagi. Að mínu mati þarf að setja meiri peninga í heilbrigðiskerfið þannig að hægt sé að borga betri laun og fara betur yfir það hvernig þessum peningum er varið. Manneklan er farin að vera svo slæm að þetta getur komið við öryggi sjúklinganna og það er mjög alvarlegt mál,“ segir María Guðmundsdóttir, upplýsinga- og fræðslufulltrúi hjá Samtökum ferðaþjónustunnar, SAF.

# Ólafsvakan er sunnudagaskóli í samanburði við réttirnar

**„Þegar ég var sextán ára fór ég með gamalli skútu til Íslands og það voru mín fyrstu kynni af Íslandi. Þetta var árið 1945. Við sigldum umhverfis Ísland. Svo kom ég ekki aftur til Íslands fyrr en 1964. Á sjöunda áratugnum veiddu margir Íslendingar í Norðursjó og komu við í Færeyjum á leiðinni út og heim og þá kynntist ég mörgum,“ segir Poul Mohr, fráfarandi aðalræðismaður Íslendinga í Færeyjum.**

Poul Mohr átti slippinn í Færeyjum og var skipstjóri í Þórshöfn. „Það komu margir, bæði Austfirðingar og Vestmannaeyingar. Flestir þeirra eru nú hættir á sjó. Það voru svo margir bátar á Íslandi á þessum tíma að það var oft erfitt að komast í slipp á Íslandi en þeir komust að hjá okkur og oft komu heilu áhafnirnar heim til okkar Önnu konu minnar og við skemmtum okkur og höfðum það huggulegt saman,“ segir hann.

Poul er líflegur og skemmtilegur maður sem talar góða íslensku. Eins og sjá má er hann mörgum Íslendingum að góðu kunnur, ekki síst gömlum skipstjórum og sjómönnum og fólki í viðskiptum við Færeyinga. Poul varð fyrst ræðismaður Íslendinga 1985 og árið 2002 varð hann aðalræðismaður. Hann hefur nú látið af störfum.

„Einar Ágústsson var sendiherra í Danmörku og Geir Hallgrímsson var utanríkisráðherra og þeir báðu mig um að verða ræðismaður Íslendinga. Matti Matt var líka í ríkisstjórninni og hann talaði við mig líka. Ég vildi feginn vera ræðismaður Íslands. Ég hefði ekki viljað vera ræðismaður fyrir nokkurt annað land. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á því sem gerist á Íslandi og íslenskum stjórnmálum,“ segir hann.

**Þykir vænt um þessa menn**

Poul hefur margoft komið til Íslands og dvalið hér. Hann er mikill áhugamaður um land og þjóð og les allt sem hann kemst yfir um Ísland. Hann þekkir margar íslenskar ættir og getur líka rakið saman ættir íslenskra hesta.

„Ég les allar ævisögur. Ég hef til dæmis lesið ævisögu Hannesar Hafstein og Einars Ben. Mér þykir ótrúlega vænt um þessa menn og hef gaman af að lesa um þá. Svo hef ég líka lesið ævisögu Gunnars Thoroddsen. Hann og pabbi minn voru miklir vinir. Gunnar var bæjarstjóri í Reykjavík þegar pabbi var bæjarstjóri í Þórshöfn. Þeir voru saman í Osló,“ segir Poul.

> Ég les allar ævisögur. Ég hef til dæmis lesið ævisögu Hannesar Hafstein og Einar Ben. Mér þykir ótrúlega vænt um þessa menn og hef gaman af að lesa um þá.

Honum finnst skemmtilegast að fara í réttirnar til að hitta fólk og eignast vini. „Mennirnir eru þar með vasapela og taka í nefið og borða flatkökur og drekka kaffi og syngja og fara ríðandi á hestum. Það finnst mér ótrúlega gaman. Ég hef verið í smalamennsku í Landmannalaugum í nokkra daga og það var mjög gaman. Svo hef ég líka verið í hestaréttunum í Skagafirði. Ólafsvakan í Færeyjum er eins og sunnudagaskóli í samanburði við þetta.“

**Hringdi í vini mína**

Í Færeyjum eru 80-90 prósent hestanna íslenskir. Afgangurinn er norskir hestar. Poul er mikill hestamaður en faðir hans var með íslenska hesta þegar hann var strákur og sjálfur er hann með fimm hesta í húsi. Það var því vel við hæfi að Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra skyldi færa honum forláta íslenskt beisli að gjöf sem þakklætisvott fyrir unnin störf.

Poul segir að staðan í Færeyjum sé góð, atvinnuleysi ekkert og góður snúningur á efnahagslífinu. Flestöll fyrirtæki virðast ganga vel. Verðbréfamarkaðurinn er Poul hugleikinn og hefur hann sérstakan áhuga á velgengni Atlantic Petroleum sem var stofnað árið 1998 og er skráð á markað bæði á Íslandi og í Danmörku.



**FÉKK ÍSLENSKT BEISLI** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra færði Poul Mohr forláta íslenskt beisli að gjöf sem þakklætisvott þegar Poul lét af störfum sem ræðismaður Íslands í Færeyjum. Poul er mikill Íslandsvinur og ánægður með að hafa fengið að vera ræðismaður Íslands í Færeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VIÐ HÖFNINA Í ÞÓRSHÖFN** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra með Poul Mohr, fráfarandi aðalræðismanni Íslendinga, við höfnina í Þórshöfn í Færeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Færeyingar eru vaknaðir til meðvitundar um verðbréfamarkaðinn. Það var eitt af mínum helstu áhugamálum og ég var einn af frumkvöðlunum. Félagið er með starfsemi í Norðursjó og þaðan fáum við peninga inn í fyrirtækið. Gengi bréfanna er spáð hækkandi og við erum komnir með olíuleit við Írland líka,“ segir Poul Mohr. Hann segir stofnun félagsins ekki hafa verið alveg þrautalausa.

„Það voru bara Færeyingar sem stofnuðu þetta félag. Við þurftum mikið stofnfé þegar erfiðleikarnir voru miklir. Ég hringdi í nokkra vini mína og bað þá um að leggja peninga í fyrirtækið. Við fengum 25 milljónir og stofnuðum félagið. Í dag eru 3.000 Færeyingar hluthafar í félaginu. Sá sem setti 1.000 krónur í félagið fær 8.000 krónur í dag,“ segir Poul Mohr.

**ghs@frettabladid.is**




Bónus býður betur!
EKKERT BRUDL
18
Bónus í átján ár!
bonus.is
Allar Bónusvörur á afmælistilboði!
ALLAR Bónusvörur:
25%
afmælisafsláttur
við kassann
Sjáðu úrvalið!
ALLAR Bónusvörur:
25%
afmælisafsláttur
við kassann
BÓNUS
Uppþvottavéla duft
Alhliða hreingerningarlögur
Feti
Feti
BÓNUS MÚSLÍ
Trefjaríkt morgunkorn
1kg
LÝSI
500 GRÖMM
BÓNUS kaffi
Súkkulaði ís
Sinneps síld
Hvítlauks síld
Marineruð síld
Krydd síld
Samlokuskinka
Reykt brauðskinka
www.bonus.is

## Svona erum við

> Fjöldi póstafgreiðslustaða í lok hvers árs




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING** ALÞJÓÐALÖGREGLAN INTERPOL

# Þriðja stærsta alþjóðastofnun heims

Alþjóðalögreglan Interpol hafði leitað Davíðs Garðarssonar, dæmds nauðgara, frá árinu 2005 þegar hann kom í leitirnar fyrir þarsíðustu helgi.

**Hvað er Interpol?**
Interpol er alþjóðleg stofnun sem ætlað er að hjálpa til við samvinnu lögregluembætta víðs vegar um heiminn. Interpol er þriðja stærsta alþjóðlega stofnun veraldar, á eftir Sameinuðu þjóðunum og Alþjóðaknattspyrnusambandinu. Stofnunin verður samkvæmt stjórnarskrá sinni að vera hlutlaus þegar kemur að pólitískum deilumálum, og vinnur því ekki í kynþátta-, trú- og stjórnmálum eða hertengdum lögreglumálum, auk þess sem málið verður að teygja anga sína í fleiri en eitt land.

Árið 2005 störfuðu ríflega 500 manns hjá Interpol. Opinber tungumál stofnunarinnar eru arabíska, enska, franska og spænska. Núverandi aðalritari Interpol er Bandaríkjamaðurinn Ronald K. Noble en forseti stofnunarinnar er Jackie Selebi frá Suður-Afríku.

**Hver er saga Interpol?**
Interpol var stofnað árið 1923, og hét þá The International Criminal Police Commission. Interpol er nafnið sem notað var í símskeytum og var það tekið upp sem nafn stofnunarinnar árið 1956. Stofnunin var undir forystu Þýskalands nasismans á stríðsárunum og var aðstaða hennar þá aðallega nýtt undir starfsemi Gestapo, þýsku leynilögreglunnar. Höfuðstöðvar Interpol hafa verið í Lyon frá árinu 1989.

**Hverjir eru aðilar að Interpol?**
Lögregluembætti flestra ríkja heims, eða 186 talsins, eru aðilar að Interpol. Einungis níu ríki eru ekki aðilar að stofnuninni, Norður-Kórea, Vatíkanið (Páfagarður) og sjö lítil eyríki í Kyrrahafi, Kíribatí, Míkrónesía, Palá, Samóa, Salómonseyjar, Túvalú og Vanúatú.

**SPURT & SVARAÐ**
SKORTUR Á HJÚKRUNARFRÆÐINGUM

## *Áhugi á námi*


ERLA KOLBRÚN SVAVARSDÓTTIR Hjúkrunarfræðingur

Frá og með þessu ári hafa Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands leyfi til að taka inn samtals 153 hjúkrunarfræðinema. Samkvæmt nýrri skýrslu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga þyrftu þeir að vera 190. Erla Svavarsdóttir er deildarforseti hjúkrunarfræðideildar HÍ.

**Þurfið þið að vísa mörgum nemendum frá á ári hverju?**
Nú í janúar komust 105 nemendur inn en 135 hófu nám í klásus.

**Væri raunhæft að útskrifa 190 hjúkrunarfræðinga á ári?**
Ef við fengjum nægjanlegt fjármagn ætti að vera hægt að fjölga nemendum. Það mætti til að mynda taka inn nemendur tvisvar á ári.

**Strandar þetta bara á peningum?**
Við þurfum meira fjármagn. Þekkingin er til staðar og með góðri samvinnu skólanna og sjúkrahúsanna ætti að vera hægt að taka fleiri nemendur inn.

# Klókindaskepnan hrafninn

**Hrafnar slá öllum öðrum fuglum við í klókindum og hafa að sumu leyti greind sem sambærileg er við greind prímata. Þetta staðfesta nýjustu rannsóknir.**

Rannsóknir hafa staðfest að greind hrafna er viðbrugðið. Fuglaatferlisfræðingar, sem stundað hafa áralangar rannsóknir á hinum svartfiðruðu stríðnispúkum í rannsóknastöð í Austurríki og vitnað er til í grein í þýzka vikuritinu Der Spiegel, spyrja sig jafnvel til hvers þessi fugl þurfi á öllum þessum klókindum að halda.

Aðrir fuglar komast vel af án mikilla vitsmuna. Eðlisávísunin segir þeim hvernig byggja á haganleg hreiður og syngja falleg lög. Fyrir vitsmunum er hins vegar, líffræðilega séð, mikið haft og auk þess eru þeir dýru verði keyptir. Sá sem getur velt hlutunum fyrir sér gerir mistök.

Spurningin er: hvers vegna hefur þróunin gert hrafninn að slíkri klókindaveru? Af hverju geta hrafnar ekki líka bara treyst á eðlisávísunina til að gera hið rétta, eins og aðrir fuglar?

**Forritað mynstur óbrúkhæft**
Der Spiegel hefur eftir bandaríska hrafnarannsóknamanninum Bernd Heinrich, að „hið rétta" sé varla til þegar hrafnar séu annars vegar. Ævi þeirra sé margslungin og lífsbaráttan flókin. Þörf hrafnsins fyrir greind rekur Heinrich til þess að úti í náttúrunni nærist hann helzt á hræjum af dýrum sem rándýr hafa fellt. Þá skipti öllu að vera á réttum stað á réttum tíma og hamstra mat eins og hægt er. Það þýðir að öllu jöfnu að rándýrið er viðstatt. Það skapi aðstæður sem geri forritað hegðunarmynstur óbrúkhæft. Refir og önnur rándýr bregðist gjarnan illa við ef aðrir nábítar vappa í kring um þá. Hrafninn þarf því að geta reiknað rándýrið út til að vita hversu langt hann getur leyft sér að ganga.

Við slíkar hættuaðstæður, þar sem ekkert er fyrirsjáanlegt, dugar ekki forrituð eðlisávísun ein. Þess vegna sækja hrafnar strax í frumbernsku óstjórnlega í allt sem hægt er að gogga í og stríða. Einkum og sér í lagi eru þeir reknir áfram af löngun til að stríða hættulegum rándýrum. Í löndum þar sem eru birnir og úlfar eyða unghrafnar miklu púðri í að eltast við og reyna á þolrif slíkra dýra. Að sögn Heinrichs hrafnafræðings gera þeir þetta til að læra að reikna dýrin út; vita hve langt þau geta stokkið í einu stökki og komast að því hvar mörkin liggja hvar stríðnin verður lífshættuleg.

**Útsmognir í að lesa önnur dýr**
Fullorðnir hrafnar eru svo útsmognir í að reikna önnur dýr út, að þeim tekst að éta megnið af hræi veiðidýrs sem rándýr hefur fellt. „Hrafnar hafa fram til þessa verið stórlega vanmetnir sem hræætur," hefur Spiegel eftir Thomas Bugnyar við Konrad-Lorenz-rannsóknastöðina í Grünau í Austurríki. „Þeir éta ekki bara það sem verður eftir; þeir fá næstum allt."

Það tekur þá heldur ekki langan tíma að tæta í sig jafnvel stærstu hræ. Það sem þeir éta ekki á staðnum fela þeir í nágrenninu til að sækja síðar. Sumir hrafnar sérhæfa sig jafnvel í að ræna þessa fæðufelustaði kollega sinna. Hrafnar leggja því mikið á sig er þeir fela mat og búa meðal annars til platfelustaði til að villa um fyrir öðrum hröfnum sem hyggja á að ræna fengnum.

**Mesta úrvinnsluminnið**
Kristinn Haukur Skarphéðinsson, dýravistfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, hefur stundað rannsóknir á hröfnum á Íslandi. Hann staðfestir að hrafnar séu „þeir fuglar sem hafa mesta úrvinnsluminnið og þetta sem við köllum greind". Margar rannsóknir sem hafa verið gerðar á þessum fuglahópum hnígi að því sama, að hrafnar og skyldar tegundir séu greindastar, ásamt páfagaukum. Þetta komi að hluta til af því að þeir þurfa að geyma og fela mat.

Kristinn segir það ekki skrýtið að hrafnar gegni eins miklu hlutverki og raun ber vitni í þjóðtrú og goðsögnum í hinum ýmsu menningarheimum. „Menn hafa greinilega tekið eftir þessu í þúsundir ára, að hrafnar séu klókari en aðrir fuglar og þannig hafa þessar sögur orðið til," segir Kristinn. Auk hinna þekktu sagna um hrafna í norrænni goðafræði og íslenzkri þjóðtrú megi nefna að hrafninn var ásamt erni og háhyrningi eitt þriggja helgustu dýranna í trú margra indíána í Vesturheimi.


KRISTINN HAUKUR SKARPHÉÐINSSON

**Um 15.000 hrafnar að hausti**
Um íslenzka hrafnastofninn segir Kristinn að litlar rannsóknir hafi verið gerðar á honum nýlega. Síðasta stofnstærðarmat hafi verið gert árið 1990, en þá hafi mönnum talizt til að í landinu væru um 15.000 hrafnar að hausti. Kristinn bendir á að þúsundir hrafna séu drepnir hérlendis á hverju ári, flestir skotnir. „Skráð veiði hefur minnkað mikið, hvort sem það er mælikvarði á minnkandi stofn eða ekki, við vitum það ekki," segir Kristinn.

Hann segir hrafninn hins vegar verða æ meira áberandi í borginni á veturna. Eftir því sem hann fái bezt séð sé hann nú að verða spakari en hann var á árum áður. „Maður kemst oft í meira návígi við þá og maður sér þá vel þegar þeir eru að glíma við eitthvað," segir Kristinn. Þannig hafi menn meiri tækifæri til að virða atferli þeirra fyrir sér en kannski oft áður.

Eina svæðið þar sem nákvæm rannsókn hefur verið gerð á varpi hrafna á síðustu árum segir Kristinn vera Þingeyjarsýslur þar sem kollegi hans á Náttúrufræðistofnun, Ólafur Karl Nielsen, hafi rannsakað varpið. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu að á þessu svæði hafi hröfnum farið sífækkandi á síðustu 25 árum; að jafnaði um tvö prósent á ári.

Rannsókn sem gerð var á níunda áratugnum, þar sem um 500 hrafnar voru merktir, leiddi í ljós að hrafnar ferðast heilmikið milli landshluta. Þótt flestir haldi sig að mestu nærri uppeldisstöðvum sínum hafi nokkur dæmi fundizt um að fuglar flygju landshornanna á milli. Enginn færi þó til útlanda. Ekkert benti til þess að samgangur væri milli hrafna hér á landi og í næstu grannlöndunum, í Færeyjum og á Grænlandi.


ÍSLENZKIR HRAFNAR Stríðnin þjónar greindarþroskanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## EIN ÚTBREIDDASTA FUGLATEGUND HEIMS

Hrafn, *Corvus corax*, er stærsta gerð þeirrar ættar fugla sem annars eru kallaðir krákur. Hrafninn er mjög útbreiddur, verpir allt í kringum hnöttinn og allt frá mjög norðlægum að mjög suðlægum slóðum. Eftir því sem heimkynni hans eru norðar, þeim mun stærri er hann.

Hrafninn er að stórum hluta staðfugl, og því verða til erfðafræðilega sérstakir deilistofnar. Íslenzki hrafninn telst vera slíkur deilistofn. Rannsóknir hafa sýnt að íslenzki hrafninn ferðast mikið innanlands en flýgur ekki milli landa. Ekkert bendir til að samgangur sé á milli hrafnastofnanna á Íslandi og í næstu grannlöndunum, í Færeyjum og á Grænlandi.

Um árið 1990 var lagt mat á stærð hrafnastofnsins hérlendis og var þá gizkað á að hann væri um 15.000 fuglar að hausti. Það eru drepnir þúsundir hrafna á hverju ári. Þróun hrafnavarps hérlendis hefur eingöngu verið rannsökuð í Þingeyjarsýslum, en þar hefur hrafninum farið stöðugt fækkandi á síðustu 25 árum, sem svarar um tveggja prósenta fækkun á ári.


**KRUMMI KRUNKAR ÚTI** Kallar á nafna sinn. En keppist svo við að fela fyrir honum matarfenginn.
LJÓSMYND/CHRISTIAN SCHLÖGL


FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is



VANTAR ÞIG PÍPULAGNINGARMENN?
Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins
Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?
VOOT
STARFSMANNAMIÐLUN
VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS

Menning sem lifibrauð?
Skráðu þig í MA í menningarstjórnun.
Umsóknarfrestur er til 15. maí 2007.
Frekari upplýsingar:
www.bifrost.is
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY


Microsoft
Sérsniðinn viðskiptahugbúnaður
fyrir einyrkja og lítil fyrirtæki
Microsoft C5 er viðskiptahugbúnaður sem þróaður hefur verið sérstaklega til að uppfylla þarfir einyrkja og lítilla fyrirtækja. Með Microsoft C5 færðu góða og faglega yfirsýn yfir reksturinn án þess að fjárfesta í búnaði langt umfram núverandi þarfir starfseminnar. Microsoft C5 er samþættur Microsoft Office.
Grunneiningar Microsoft C5 eru:
• Fjárhagur
• Viðskiptamannaskrá
• Lánardrottnar
• Birgðir
Eftir því sem reksturinn stækkar bætir þú við Microsoft C5.
• Innkaupakerfi
• Verkbókhaldskerfi
• Pantanakerfi
• O.fl.
Vertu með reksturinn í öruggu og traustu umhverfi, sem þú getur treyst á í framtíðinni.
Kynntu þér málið frekar hjá Microsoft: www.microsoft.is.
Microsoft C5

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gleymt viðfangsefni:

# Útgjöld eða útflutningur?

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Stærsta viðfangsefnið á sviði efnahagsmála er að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd. Hallinn á viðskiptum Íslands við aðrar þjóðir hefur verið meiri en góðu hófi gegnir.

Rétt er og skylt að hafa í huga að hluti viðskiptahallans á rætur að rekja til fjárfestinga í nýjum útflutningsfyrirtækjum. Mest fer þar fyrir stórvirkjunum og álverum. Tekjur af þeim útflutningi munu byrja þegar á þessu ári að ganga til þess að minnka hallann.

Annar hluti viðskiptahallans skýrist hins vegar af aukinni einkaneyslu. Tæpitungulaust þýðir sú staðreynd að hluti lífskjaranna er greiddur með lántökum. Á bak við þann hluta þeirra er því ekki raunveruleg verðmætasköpun. Fyrr en síðar þarf að jafna þann reikning.

Þegar umræður formanna stjórnmálaflokkanna fóru fram á öðrum degi páska vakti það mesta athygli að þar fór lítið fyrir rökræðu um hvernig ná ætti jöfnuði í þessum efnum. Ef eitthvert viðfangsefni ætti að brenna á mönnum öðru fremur fyrir þessar kosningar er það þó leiðarlýsing að því marki.

Formaður Samfylkingarinnar hefur tekið undir gagnrýni framkvæmdastjóra ASÍ um að verðbólga umfram sett markmið hafi rýrt kjör launþega. Þetta er vitaskuld rétt, en þó aðeins hálfur sannleikurinn. Bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra hafa réttilega bent á heildarmyndina sem sýnir að ráðstöfunartekjur heimilanna hafa aukist til mikilla muna. Tekjurnar hafa einfaldlega aukist meir en útgjöldin.

Á báðum vígstöðvum hættir mönnum hins vegar til að fara á svig við þann veruleika að hluti kaupmáttarins byggist á lántökum en ekki verðmætasköpun. Spurningin snýst þar af leiðandi um hvernig menn ætla að endurgreiða þann reikning. Vandinn er sá að hagkerfið þarf að vaxa og verðmætasköpunin að aukast á næstu árum án þess að valda nýrri þenslu eigi kaupmátturinn að haldast.

Leiðin að þessu marki getur verið vandrötuð. Of harkaleg tímabundin stöðvun nýrrar verðmætasköpunar gæti leitt til þess að reikningarnir yrðu aðeins jafnaðir með verulegri og snöggri kaupmáttarrýrnun. Of mikil áframhaldandi þensla gæti þar á móti viðhaldið innistæðulausum lífskjörum. Hér sýnist því vera þörf ákveðinnar hófsemi.

Loforð um aukin útgjöld og lægri skatta eru annar mikilvægur þáttur. Fjárlög þessa árs sýna nokkurn tekjuafgang. Hann þyrfti að vera meiri. Fjárlagatillögur stjórnarandstöðuflokkanna þriggja fólu í sér að þeim afgangi yrði eytt með öllu. Smám saman hefur svo verið bætt í loforðin.

Þó að landsfundir tveggja stjórnmálaflokka hafi enn ekki verið haldnir er fyrirsjáanlegt að flokkar með talsverðan meirihluta á þingi eru að bjóða kjósendum upp á verulegan halla á rekstri ríkissjóðs. Það eru vond tíðindi þó að verkefnin séu flest hver þörf.

Eigi að jafna viðskiptahallann með því að gefa atvinnulífinu svigrúm til aukinnar verðmætasköpunar og útflutnings er þörf á að hemja útgjöld ríkisins. Við ríkjandi aðstæður verður hvort tveggja ekki gert án nýrrar þenslu. Útgjaldaloforð geta því verið launþegum dýrkeypt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Obbobobb – ekkert stoppstopp

„Stjórnarandstaðan krafðist þess hins vegar að allt yrði skrúfað niður í stoppstopp með handbremsu," sagði Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, í Morgunblaðinu í gær. Eitt sinn urðu fræg varnaðarorð Guðna Ágústssonar, varaformanns Framsóknarflokksins „obbobobb". Því má kannski segja að myndast hafi hefð innan flokksins að hafa sín varnaðarorð sama orð, endurtekið. Hvað þýðir annars stoppstopp? Er það eitthvað meira stopp en bara stopp? Er þetta kannski eitthvað ofurstopp sem Jón vill varast?



### Bara áfram

Árangur áfram – ekkert stopp, er slagorð Framsóknar fyrir þessar kosningar og verður eflaust endurtekið ad nauseam. Auglýsingasérfræðingar flokksins hefðu eflaust getað bent leiðtogum hans á hættuna við það að orðið sem fólk man eftir sé „stopp", en ekki „áfram" sem er eflaust ekki það sem leitast var eftir. Á netinu er þegar farið að snúa út úr þessu slagorði og má þar meðal annars finna slagorðin „Einkavinavæðing áfram – ekkert stopp" og „Stóriðja áfram – ekkert stopp."



### Betri íslenskukunnáttu takk

Á laugardag auglýsti Frjálslyndi flokkurinn á forsíðu Fréttablaðsins að íslenska væri kosningamál. Flokksmönnum veitir kannski ekki af því að benda á mikilvægi góðrar íslenskukunnáttu í ljósi leiðinlegrar stafsetningarvillu sem læddist inn í auglýsingu þeirra á sama stað á fimmtudag. Þá var sagt að „óheftur innflutningur (svo)" væri hagstjórnarmál.

svanborg@frettabladid.is

# Börnin og gleymska stjórnmálanna



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

**Í DAG** | Hagur barna

Hvernig ætla stjórnmálaflokkarnir að treysta og bæta umhverfi barna í heimi sem verður stöðugt viðsjálli og hættulegri? Það sker í augu að í stefnuskrám fæstra flokka er að finna samfellda, meitlaða stefnu um börn. Börnin komast of sjaldan á dagskrá stjórnmála fyrir deilum um hjóm – þau hafa ekki atkvæðisrétt!

Ég er því stoltur af að eiga örsmáan þátt í ítarlegri stefnu Samfylkingarinnar í 60 liðum um hvernig á að bæta líf íslenskra barna og gera þau að sterkum og sjálfstæðum einstaklingum. Í stefnuplagginu „Unga Ísland" er sérstök áhersla lögð á að þrátt fyrir misjöfn efni foreldranna njóti börnin okkar jafnra tækifæra til að skapa sér hamingjuríkt líf.

**Börn sem líður illa**

Á Íslandi búa tvöfalt fleiri börn við fátækt en á Norðurlöndunum. Skýrsla, sem Samfylkingin óskaði eftir á Alþingi, sýnir að yfir 5 þúsund börn búa við fátækt. Þessi börn borða sjaldnar hollan mat en hin, hreyfa sig minna, og eru líklegri til að þjást af offitu. Miklu færri þeirra taka þátt í íþróttum eða skipulögðu tómstundastarfi. Mörg bera stöðu sína utan á sér, í fasi, hegðun og klæðaburði. Þau eru í meiri hættu á að verða fórnarlömb eineltis og lenda í andlegum erfiðleikum. Sum koðna niður, hluti fer í uppreisn, önnur ná sem betur fer að brjótast út úr mynstrinu.

Fast að fimmtungur barna á grunnskólaaldri fær ekki viðunandi tannlæknaþjónustu vegna fátæktar. Landlæknir hefur sýnt fram á að það er háð efnahag hvort foreldrar leysa út lyf fyrir börn sín. Barnið, sem býr við fátækt, fær því ekki alltaf jafngóða heilbrigðisþjónustu og börnin sem búa við betri efni. Rannsóknir sýna líka að fátæk börn eru líklegri en önnur til að flosna upp úr skóla, fá aðeins láglaunavinnu eða verða öryrkjar. Er það ekki þetta sem á kjarnyrtri íslensku heitir að eiga ekki sjens?

**Lengsti vinnudagur í Evrópu**

Það þarf ekki fátækt til að börnum líði illa. Lengsti vinnudagur í Evrópu leiðir til þess að tengsl milli íslenskra barna og foreldra eru of veik, og valda báðum vanlíðan. Samkvæmt nýbirtri skýrslu UNICEF eru tvöfalt fleiri ungmenni á Íslandi en Norðurlöndunum sem líður illa, eru einmana, utanveltu, hafa ekki góða tilfinningu fyrir sjálfum sér, eða finna sig ekki.

Í nýrri rannsókn, sem Sigrún Júlíusdóttur gerði, kemur fram að stór hluti ungmenna, eða 30-65%, tjáir skýrar óskir um meiri fjölskyldustuðning, nánari tengsl, ástúð, áhuga, samtöl og samveru. Fast að fimmtungur þeirra telur sig beinlínis utanveltu í eigin fjölskyldu. Skilnaðarbörn virðast vera í sérstaklega erfiðri stöðu, og má rifja upp að á Íslandi eru fast að 20 þúsund börn á framfæri einstæðra foreldra.

Það undrar mig því ekki að í nýlegri rannsókn Jafnréttisstofu kom fram að tæp 90% íslenskra foreldra eiga erfitt með að samræma vinnutíma og fjölskylduábyrgð. Langflest þeirra setja sveigjanlegan vinnutíma í efsta sæti varðandi breytingar.

**Unga Ísland**

Við jafnaðarmenn höfum lagt fram 60 liða stefnu um bætt kjör barna undir heitinu „Unga Ísland". Hækkun skattfrelsismarka og barnabóta vegur þungt en meðal fjölmargra annarra úrbóta er að tryggja ókeypis skólamáltíðir, aðgang að gjaldfrjálsu tómstundastarfi, að námsbækur í framhaldsskóla verði nemendum að kostnaðarlausu, huga að sérstakri niðurgreiðslu á kostnaði við heilbrigðisþjónustu fyrir börn fátækra foreldra, auka kostnaðarþátttöku ríkisins í tannlækningum og gleraugnakaupum barna, og gera ungum einstæðum foreldrum kleift að ljúka námi í framhaldsskóla með sérstökum styrkjum. Í tilviki skilnaða þarf að tryggja rétt barna til að umgangast báða foreldra ef nokkur tök eru á því.

Besta leiðin til að auka tengsl barna og foreldra er vitaskuld að stytta virkan vinnutíma og gera hann sveigjanlegri. Um leið þarf að auka rétt foreldra til veikindafría og tryggja þeim sem eiga langveik og fötluð börn ráðrúm til að sinna þeim. Þetta, ásamt leiðum til að létta líf fjölskyldna sem eiga ungmenni sem strífir við geðraskanir eða hefur lent í neyslu, er að finna í „Unga Íslandi" jafnaðarmanna.

Börnin eru okkar dýrmætasta eign, og uppspretta mestrar hamingju. Þau verðskulda ekki gleymsku stjórnmálanna.

# Ofsóknir og einelti

**UMRÆÐAN**

Baugsmálið



VALA MATT

Ég verð að viðurkenna að þessa dagana kemst ég ekki hjá því að verða niðurdregin. Það er orðið nokkuð ljóst að við búum við ótrúlega ófullkomið réttarkerfi – og við sem höfum alltaf staðið í þeirri meiningu að Ísland væri svo framarlega á öllum sviðum,ekki síst hvað dómskerfið varðar.

Eins og flestir hef ég fylgst með fréttum af „Baugsmálinu" og nú er tilfinningin sem ég hef haft gagnvart því máli að sannast, hér er um algjört einelti að ræða gagnvart aðilum sem einhverra hluta vegna virðast ekki hafa fallið í kramið hjá ráðamönnum þjóðarinnar. Ég er greinilega ekki ein um þá skoðun því sumir hafa gengið svo langt að tala um nornaveiðar. Sú lýsing er ískyggilega rétt. Hvernig stendur á því að öll þessi viðamikla og langdregna rannsókn hefur ekki leitt neitt í ljós sem réttlætir svo harkalegar aðgerðir? Getur verið að hún hafi í raun verið tilhæfulaus?

Hvernig stendur svo á því að á sama tíma eru olíuforstjórarnir, eftir að hafa játað stórfelld samráð, lausir allra mála vegna galla í lögum? Og til að kóróna allt saman erum við, skattborgararnir, að borga brúsann, bæði í kolólöglegu samráði olíufélaganna og þeim óhemjukostnaði sem hleðst upp við lögsóknina gagnvart Baugsmönnum. Mér finnst þetta óhugnanlegt og er örugglega ekki ein um að vilja sjá skattféinu betur varið. Ég er líka hneyksluð á sjálfri mér og reyndar þjóðinni allri fyrir að láta ekki meira í okkur heyra þegar orðið var ljóst að hér var um hreinar ofsóknir að ræða.

Það er aðdáunarvert hvernig Baugsmenn og -konur hafa haldið virðingu sinni á þessari þrautagöngu gegnum íslenskt réttarkerfi og staðið af sér alls kyns árásir og skítkast af æðruleysi og þolinmæði. Þau verðskulda afsökunarbeiðni frá opinberum yfirvöldum. Okkur er misboðið fyrir þeirra hönd!

*Höfundur er sjónvarpskona.*



**ENGINN VILL KAUPA CHRYSLER**
Daimler-Benz leitar nú logandi ljósi að kaupanda að Chrysler. Margir eru kallaðir til en fáir virðast hafa áhuga. BÍLAR 2

**KALDAKINN ER HEIMSKLASSASVÆÐI**
Góðir gestir utan úr heimi tóku þátt í árlegri ísklifur-hátíð Alpaklúbbsins í Köldukinn fyrir nokkru. FERÐIR 3





## ALLT HITT

[ BÍLAR FERÐIR ]

**Fiat** frumsýnir nýjan Fiat 500 hinn 4. júlí þegar fimmtíu ár verða liðin frá því að fyrsti Fiat 500 bíllinn var sýndur blaðamönnum.

**Fornbílaklúbbur** Íslands sýnir heimildarmynd frá History Channel um sögu fjöldaframleiðslunnar á kvikmyndakvöldi í kvöld. Þar skipa bílarnir veglegan sess. Nánar á www.fornbill.is

**Gistinóttum** á hótelum í febrúar fjölgaði um 14 prósent milli ára í febrúarmánuði. Voru 63.500 nú í febrúar en voru 55.900 í sama mánuði árið 2006. www.saf.is

**Íslenski** alpaklúbburinn heldur upp í afmælisferð á Skessuhorn laugardaginn 14. apríl. Þetta er gert í tilefni af fyrstu Ísalpferðinni sem var farin sumarið 1977 á Skessuhorn. Nánar á www.isalp.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 11. apríl, 101. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.11 | 13.29 | 20.48 |
| Akureyri | 5.50 | 13.13 | 20.39 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Það er mikið líf í frönskutímunum hjá Ástu Ingibjartsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Flétta leiklist saman við frönskukennslu

***Frönskudeild Háskóla Íslands hefur tekið leiklistina í þjónustu sína við kennslu. Ásta Ingibjartsdóttir er aðjunkt við deildina.***

„Eitt stærsta skref sem stigið er í tungumálanámi er að byrja að þora að tala sjálfur það mál sem verið er að ná tökum á. Þess vegna ákváðum við að brydda upp á þeirri nýjung í vetur að nota leiklistina sem lið í tungumálakennslunni. Það gefst vel,“ segir Ásta spurð um tildrög þess að frönskunemarnir hennar fetti sig alla og bretti um leið og þeir tjá sig á hinu framandi máli. Kennslan fer fram í íþróttahúsi Háskólans og þar bregða nemendurnir á leik, stíga fram hver af öðrum og bregða sér í hlutverk þeirra sögupersóna sem þeir hafa verið að lesa um. Allir hafa gaman af og sé framburðurinn ekki hundrað prósent réttur er auðvelt að láta sökina falla á þá persónu sem nemandinn leikur.

Ásta er menntuð í Frakklandi í frönskukennslu fyrir útlendinga og hefur sérhæft sig í notkun leiklistar í tungumálakennslu. Hún er ekki í vafa um gildi þeirrar aðferðar og segir leiklistina öflugt tæki til að yfirvinna ótta og liðka sig í því að beita málinu á áhrifaríkan hátt. Hún segir að laugardaginn 21. apríl verði sérstök sýning á verkinu Krónikur dags og nætur í matsal Borgarleikhússins. „Nemendurnir hafa verið að vinna með þann texta í sínu námi og einn þeirra tekur þátt í sýningunni,“ segir Ásta og bætir við að um þriggja kortera sýningu sé að ræða og um leið verði nám í frönsku við Háskóla Íslands kynnt með sérstakri áherslu á leiklistarþáttinn.

*gun@frettabladid.is*


**Ert þú að komast yfir lesefnið?**

“Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!”
**Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.**
“Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf.”
**Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.**
“Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi.”
**Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, krefjandi, skemmtilegt, góð þjónusta.

**Fermingargjöf með æviábyrgð – uppl. á www.h.is**
**6 vikna námskeið hefst 17. apríl (20 - 22)**
**3 vikna hraðnámskeið hefst 13. apríl (17-20)**

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.



www.expressferdir.is

GOLFFERÐIR
TÓNLEIKAFERÐIR
FÓTBOLTAFERÐIR
SÉRFERÐIR
SÓLARFERÐIR
FORMÚLUFERÐIR

**EXPRESS FERÐIR**

**Ferðir við allra hæfi!**
**Kynntu þér úrvalið á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100**

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

**Volvo** í Svíþjóð hefur gefið út handbók þar sem því er lýst hvernig öryggi ófrískra kvenna og barna á mismunandi aldursskeiðum er best tryggt í bílnum. Nánar á www.fib.is.

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep
CHRYSLER
DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is



Ford Edge fellur vel í kramið hjá neytendum.

# Ford Edge rokselst

***Vegna mikillar sölu á Ford Edge í Ameríku koma fáir bílar hingað til lands.***

Ford Edge er nýkominn á markað en þrátt fyrir það er hann þegar farinn að narta í skottið á helstu keppinautunum. Sala hefur gengið vonum framar erlendis bæði hvað varðar sölutölur og hversu fljótt bílarnir fara, en að meðaltali stendur hver bíll aðeins í 20 daga á plani áður en hann selst.

Hérlendis var salan í raun orðin góð áður en bíllinn var frumsýndur, og voru til að mynda einhverjir búnir að panta bílinn áður en hann var fáanlegur í reynsluakstur.

Vegna mikillar sölu í Ameríku fékk Brimborg aðeins tuttugu bíla, tíu eru nú þegar komnir og seldir, en hinir tíu koma á næsti tveimur mánðum. *- tg*

# Chrysler verðlaust?

***Illa gengur að selja Chrysler og virðast fáið hafa áhuga á að kaupa.***

Ekki er hægt að segja að tilboðunum rigni inn í Chrysler, en DaimlerChrysler leitar nú logandi ljósi að kaupanda. GM hefur reyndar boðist til að kaupa, eða öllu heldur taka við fyrirtækinu, og eru forsvarsmenn fyrirtækisins tilbúnir að láta tæplega 10 prósenta hlut í eigin fyrirtæki í skiptunum.

Á sama tíma vilja þeir fá háar fjárhæðir frá Þjóðverjunum til að losa um heilbrigðistryggingar. Þegar dæmið er reiknað til enda kemur í ljós að tilboðið hljóðar aðeins upp á um 1,4 milljarða.

Kanadíska varahlutafyrirtækið Magna hefur hins vegar boðið 300 milljarða í Chrysler, sem hljómar töluvert betur í eyrum DaimlerChrysler-manna. Auðkýfingurinn Kerkorian hefur boðið svipaða upphæð en hann hefur lengi haft augastað á fyrirtækinu.

Tvennum sögum fer af öllum tilboðum og stöðugt birtast fregnir um að ný tilboð berist eða fallið sé frá öðrum. Sama hvernig fer er ljóst að DaimlerChrysler hefur tapað gríðarlegum fjárhæðum á Chrysler, en fyrirtækið, sem hét Daimler-Benz þá, borgaði 2.500 milljarða fyrir Chrysler árið 1998. *- tg*



Chrysler reykspólar þessa dagana en kemst ekkert áfram.

## Míní Rolls Royce

NÝR OG MINNI ROLLS MUN BRÁTT LÍTA DAGSINS LJÓS.



Rolls Royce eru stórir og dýrir bílar, mjög dýrir. Þannig hafa þeir alltaf verið. Þess vegna kom nokkuð á óvart þegar framleiðandinn tilkynnti að smíðaður yrði nýr bíll í sama stærðarflokki og hinn hefðbundni fjölskyldubíll. Upphaflega átti bíllinn að byggjast á BMW 7-línunni, en BMW er eigandi Rolls, en nú hefur verið ákveðið að smíða bílinn frá grunni.
Sumt breytist hins vegar aldrei. Þrátt fyrir að nýi Rollsinn verði í stærð sem flestir ráða við verður bíllinn samt sem áður á verði sem fæstir ráða við. *- tg*

ekill ehf
Ökunám í fjarnámi !!!!
Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.
Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is
Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið.
Fleiri námskeið eru væntanleg á næstu mánuðum Ö2 námskeið / Aukin ökuréttindi / Fyrir lesblinda ofl.
Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**

JCB TRACKMAKERS GÆÐI Á GÓÐU VERÐI!
Gúmmíbelti undir ALLAR gerðir mini-beltavéla allt að 8 tonna

“Kynntu þér verðin”
Algengustu stærðir til á lager
VÉLAVER
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

ALLT UM HOLLYWOOD
ENTERTAINMENT TONIGHT OG INSIDER

ENTERTAINMENT TONIGHT
KL 20:00
FRÉTTASKÝRINGARÞÁTTUR UM ÞAÐ SEM ER AÐ GERAST Í HOLLYWOO

INSIDER
Í DAGSKRÁRLOK
ÞÁTTUR SEM AFHJÚPAR LEYNDARMÁL FRÆGA FÓLKSINS
ENTERTAINMENT TONIGHT OG INSIDER
MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA
90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti
SIRKUS TV

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar

Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

**Útivist** stendur fyrir ferð um Jökulheima, Breiðbak og Hólaskjól nú um helgina. Ferðin er fyrir mikið breytta jeppa og er þátttaka háð samþykki fararstjóra sem er Skúli Haukur Skúlason. www.utivist.is



# Klifrað í Köldukinn

***Alpaklúbburinn hélt sitt árlega ísklifurfestival í Köldukinn í Þingeyjarsýslu í lok febrúar. Þar gerðu íslenskir ísklifrarar sér glaðan dag og tóku á móti góðum gestum utan úr heimi.***

Ísklifur er frekar ung íþrótt hér á landi en ofurhugunum sem kjósa að klífa ísilagða hamra fer sífellt fjölgandi. Freyr Ingi Björnsson er einn þeirra og auk þess formaður Íslenska Alpaklúbbsins. „Þetta ísklifurfestival hefur verið árviss viðburður frá því 1998," segir Freyr. „Fyrstu árin fór það fram á stöðum þar sem lítið hafði verið klifrað áður en nú í seinni tíð höfum við lagt meira upp úr því að hittast, gera okkur glaðan dag og klifra saman, frekar en að reyna að finna ný svæði. Þetta var til dæmis í annað sinn sem hátíðin er haldin í Köldukinn enda er það einstaklega skemmtilegt svæði," segir Freyr.

Undanfarin ár hafa komið hingað erlendir ísklifrarar í tilefni hátíðarinnar og í ár komu nokkrar austurrískar stórstjörnur innan ísklifursins. „Almenningur kannast kannski ekki við þessi nöfn en fyrir okkur er þetta eins og að fá Rolling Stones hingað til landsins," segir Freyr og hlær. Það er Albert Leichtfried sem fer fyrir austurríska hópnum en stærsta stjarnan er án efa Ines Papert sem er að sögn Freys langöflugasta ísklifurkona heims. „Það var alveg frábært að fá hana í heimsókn enda er hún margfaldur heimsmeistari í ísklifri og hefur tekið þátt í alls konar mótum," segir Freyr og líklega hafa klifrararnir skemmt sér stórvel við góðar aðstæður í Köldukinn sem er að sögn Freys heimsklassasvæði.

Freyr er formaður Íslenska Alpaklúbbsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Horft upp hamarinn. Kaldakinn er frábær staður fyrir ísklifrara. MYND/ALPAKLÚBBURINN

Hvað er að frétta?



Fréttastofa beintengd við tölvuna þína_
www.visir.is
vísir

Við sérhæfum okkur í ferðum til Eistlands



Vor Páskar 2007
Miðaldaborgin frá 11. öld:
Tallinn í Eistlandi
Beint flug frá Keflavík og Akureyri
Aðeins 19.990 kr.
Flug frá Keflavík 17.-28. júlí með sköttum.
Tallinn og Pétursborg frá Akureyri
21.-30. júní. Verð 128.900 kr. með hóteli, rútu, fararstjórn, skoðunarferðum, sköttum o.fl.
Verð miðast við gengi Evru 10. nóv. 2006
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is

Frá kr. 26.990



Bókaðu núna! www.terranova.is
Fyrstu 300 sætin á frábærum kjörum - tryggðu þér lægsta verðið núna!
París
– Borg elskenda

Terra Nova býður mjög takmarkaðan fjölda af flugsætum til Parísar í júlí á einstöku tilboðsverði og nokkur frábær helgartilboð (frá miðvikudegi til sunnudags). París er ótrúlega spennandi borg, hvort sem þú vilt þræða listasöfnin, spranga um í Latínuhverfinu eða njóta lífsins lystisemda sem þessi einstaka borg býður í ríkum mæli. Notaðu tækifærið og bjóddu elskunni þinni til Parísar á frábærum kjörum.

Frábær helgartilboð
Verð kr. 26.990
Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Netverð á mann. Miðað við út- og heimflug á sunnudegi í júlímánuði. Takmarkaður sætafjöldi í boði á þessu fargjaldi í hverri brottför.
Verð kr. 49.710
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 4 nætur á Hotel Victoria ** með morgunmat, m.v. miðvikudag til sunnudags í júlí.
Verð kr. 54.910
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 4 nætur á Hotel Arcadia Montparnasse *** með morgunmat, m.v. miðvikudag til sunnudags í júlí.





Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Terra Nova PRIMERA GROUP



Tilboð dagsins!
Plokkfiskur
á aðeins
890.- kr./kg.
Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir
Búðakór 1 / Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 /fiskisaga.is

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI





Bílabúð Benna ehf.
Bíldshöfða 10,
Sími: 587 1000
www.benni.is




Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800


Breiðan ehf
821-6292



Musso diesel turbo 5 cylindra, beinskiptur, árgerð 2002, 35" breyting, álfelgur, ný dekk, tímareim og túrbína, aukaljós, DVD spilari, fortjald aftan á gafl, ekinn 110 þús.km., sk.'08, verð kr. 1.250.000,- 821-6292



Gallopher árgerð 1999, diesel, sjálfskiptur, 32" dekk, ekinn 170 þús. km., þjónustubók, sk. '08, 100% lánað, verð kr. 490.000,- 821 6292.



Toyota hilux árgerð 1996, double cab, bensín, pallhús, 33" breyting, álfelgur, ekinn aðeins 132 þús. km., sk. '08, 100% lánað, verð kr. 690.000,- 821 6292.



Musso árgerð 1998, 5 cylindra turbo diesel, beinskiptur, ekinn 165 þús.km., sk. '08, 100% lánað, verð 650.000,- 821 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu



Hefur þig langað í Jeppa?Nissan Terrano II SE með öllu'96 verð tilboð uppl. 6903703.



Til sölu Toyota RAV 4 árg.2006 ekinn 16 þ. km. Reyklaust ökutæki topp eintak. Til sýnis hjá Bílasölu Akureyrar. sími 6992779



Ford Escape des 03 svartur XLT V6 200hö. Ekinn aðeins 36000 km Leður + aukahlutir. Vel með farinn, fluttur inn af umboði. S.8974465.



Toyota Corolla, árg. '98, ek. 143 þ. Verð 350 þús., sumar- og vetrardekk, álfelgur. S. 865 3640, Björn.



MMC Pajero SW. Dísel. Árg. '00. Ek. 155 þús. Leður, topp.L. Góður bíll. Uppl. í s. 899 8902.



Nissan Patrol, 2.8 Turbo, disel, árg. '92-'93, ek. 340 þ. km., v. 300 þ. S. 659 3374, Guðmundur.



VW Caddy '03 1,4 beinsk., ek. 76 þús. sk. '08. Topp vinnubíll. Ath. get tekið gamla bílinn þinn uppí. Uppl. í s. 846 1065 Óli.



Ford Ranger '04, rauður, 6 cyl, ek. 18 þús. mílur. Eins og nýr. Verð 1.400 þús. S. 867 4822.

Peugeot árg. '99. Ek. 127 þús. Verð 450 þús. Listaverð 540 þ. Uppl. í s. 847 0534.

Tveir góðir MMC Pajero árg. '98 ásett 890 þús. Stgr. 750 þús og VW Passat station árg. '00, ásett 820 þ. Stgr. 620 þús. Uppl. í s. 695 2589.

**Mitsubishi Pajero**
árg'93, langur Gls disel, Skoðaður 2008, Ekinn ca100.000km á vél. Töluvert mikið endurnýjaður. Uppl.í síma 822-8283 Óli

## 0-250 þús.

Ódýrir góðir!! VW Polo árg. '98. 5 d. Ek. 120 þ. Nýsk. V. 175 þ. Opel Astra st. árg. '96. Nýsk. V. 75 þ. S. 844 6609.

Hyundai Accent árg. '96, ekinn 110 þús. 5 dyra, sk. '08. Ný heilsársdekk. Tilboð 160 þús. Sími 691 9374.

Ford Explorer árg. '93. Sko. út árið. Ek. 170 þ. Verð 250 þ. Uppl. í s. 699 2707.

**Gullmoli til sölu**
Benz 200D, '91, ek. 600 þús. Verð 120 þús. S. 820 2383.

## 250-499 þús.



Toyota Corolla G6, árg. '98. Topplúga, svartur ný dekk, skoðaður '08. Verð 400 þ. S. 617 6029.

Toyota Corolla 1998 - Vel með farinn, skoðaður. Kr. 350.000. sími 661 3171

## 500-999 þús.



VW Passat '98. 1800cc 125hö. Sjálfskiptur ekinn 130þ.km. Sumar og vetrardekk, dráttarkúla, vindskeið. Reyklaus og mjög vel með farinn. Verð: 670þ.kr. S:8654176



VW Polo 1.4 Comfortline Skr. 08/2003 Beinsk. ek. 37 þ.km Verð 990 þús. S:8567452

## 1-2 milljónir

Til sölu: VW Golf GTI VR6, módel '00. Ekinn 67 þús km. sk. '08. Verð 1.850 þús. S:616-9067

## 2 milljónir +



M. Benz Av.garde '02, ek. 78 þ., sjálfsk. Umboðsbíll í toppstandi. V. 2,3 m. S. 856 7481.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl ekki eldri en '97, á 0-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. S. 691 9374.

Óska eftir ódýrum bíl, 15-50 þ. Uppl. í s. 699 2707.

## Jeppar



Nissan Terrano 3.0 dísel árg. '03 e 52 þús , sjálfsk. filmur, 31" sumard. smurbók, sk '08, V. 2.600 þús S: 8488788



Gott verð. Nissan Terrano II bensín, árg. '99, beinskiptur, 7 manna. Nýskoðaður. Tilboð 490 þús. stgr. Uppl. í s. 895 5577.

Mitsubishi Pajero '99, 7 manna 32"dekk. Bill í góðu standi, ek. 96 km, 100% lán. Uppl. s. 696 6955.

## Pallbílar






## Vörubílar



Til sölu Man 97 með Palfinger 23002 6 í glussa upplýsingar í síma 8650069

**www.trukkur.is**
Sími 893 8327.

## Húsbílar




## Mótorhjól



Suzuki GSXR 1000cc Árg.06 skráð 1.4'07,ókeyrt,(nýtt hjól) verð 1.490þ uppl.8971899

## Vélsleðar

Til sölu einssleða opinn kerra mál. 1,3x3,0 m. Á jeppa dekkjum og nánast ónotuð m/ sturtum. V. 150 þús. sími 893 6666.

## Hjólhýsi



**Rýmingarsala**

Rýmingarsala á Hobby hjólhýsum

Rýmum fyrir árgerð 2007, allra síðustu húsin með miklum afslætti,

Fyrstur kemur fyrstur fær, húsin eru hlaðin aukabúnaði, allt að 400.000 kr afsláttur.

Hobbyhúsið umboðsaðili fyrir Hobby á Íslandi.

Dugguvogi 12. S. 517 7040 www.hobbyhusid.is








LMC Dominant 560 RDB árg. 06. Vinsælasta húsið seinasta ár! Fullt af aukahlutum s.s. ALDE hitakerfi +gólfhiti, sjónvarpsloftnet, lagt fyrir 2 sjónvörp. 4 metra skyggni, Útvarp með CD Ásett verð 2.890 þús ákv. ca.1800 þus. Uppls. s. 660 1304

## Fellihýsi








Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

## Gefins

Sófasett 3+2 fæst gefins. Uppl. í s. 849 7955.

## Dýrahald

**Alþjóðleg hundasýning Hundaræktunarfélagsins Íshunda**
**fer fram núna um helgina í reiðhöll Fáks í Víðidalnum. Sýningin byrjar klukkan 11:00 báða dagana. Einnig verður boðið upp á kynningar og sölubásar frá fyrirtækjum og tegundarbásar þar sem fólk gefst kostur á að kynna sér hundategundir og aðrar upplýsingar varðandi hunda. Allir velkomnir, aðgangseyrir er 500 krónur.**

**Hundaræktunarfélagið Rex**
**heldur fyrirlestur um almenna umhirðu hunda Sunnudaginn 15.Apríl kl 12:00 að Fosshálsi 17-25 (Plastprenthúsið). Fyrirlesari er Sóley Möller hundasnyrtir. Þáttaka tilkynnist fyrir 13.Apríl á rexhundar@rexhundar.is Aðgangseyrir 500,- fyrir félagsmenn,1.000,- fyrir aðra. Allir velkomnir Stjórn Rex.**



Schnauzerhvolpur p&s til sölu. Frábærir heimilis- og vinnuhundar. Upplýsingar í síma 862 0543 www.simnet.is/blaklukka

3 Papillon tíkur til sölu. Verða til afhendingar 20.apríl. Afhendist heilsufarssk., örmerktar og ættbókafærðar frá Íshundum. Uppl. í s. 863 8596.

Tveir ótrúlega sætir fress kettlingar fást gefins. uppl. í síma 6916101 Valgerður

Pekingese hvolpur til sölu 2 mán pekingese strákur til sölu. upplýsingar í síma 8987181

Tveir loðnir Chihuahua hvolpar til sölu. S. 868 6428 & 893 4694, e. kl 14. Myndir á http://www.hvolpar1.dyraland.is

Geltir hundurinn þinn stanslaust? Ef svo er þá erum við með lausnina. Uppl. í s. 661 0988.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. www.vadlaborgir.is - S. 897 5300, Leó.

**Orlofshús á Akureyri**
Orlofshús á 601 Akureyri, með öllum húsbúnaði til leigu, eftir 15. apríl, um helgar eða vikur í senn. S. 897 7613.

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. www.vadlaborgir.is - S. 897 5300, Leó.

## Hestamennska

**Hesthús til sölu**
30 hesta pláss til sölu, má skiptast í 10 hesta einingar. Hagst. áhv. lán. Lítil útb. Uppl. í s. 846 7925.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Glæsileg lúxus íbúð til leigu í rólegu hverfi (101). Allt innfalið. Sjón er sögu ríkari. Upplýsingar í síma 864 5719.

81 fm íbúð til leigu á svæði 111. Laus strax. Uppl. í s. 897 7689 & 566 7589.

Herbergi til leigu með aðgangi að salerni, eldhúsi og þvottaaðstöðu. S. 893 8839.

Til leigu herbergi með aðgangi að góðu elhúsi, baði og þvottavél. Herbergið er á besta stað í miðbæ Rvk. Uppl. í síma 552 1225 & 690 9202.

Sérstaklega björt og snyrtileg 2ja herb. 55 fm íbúð í Vesturbæ (107). Mjög stórar svalir með útsýni. Leiguverð 105 þús/mán. Hússj. innifalinn. Aðeins reglusamir og skilvísir leigendur koma til greina. Uppl. í s. 898 1188 e. kl. 14.

## Húsnæði óskast

Þýska sendiráðið, óskar eftir ca.5 herb. húsnæði frá og með 1. ágúst í 4 ár. Upplýsingar gefur info@reykjavik.diplo.de

Fjölskylda á heimleið óskar eftir 5-6 herb. húsnæði í nokkur ár frá og með júlí -ágúst n.k. Upplýsingar veitir johanna_v44@yahoo.com

Reyklaus rólegur einstaklingur og kött vantar litla kjallaraíbúð með sérinngangi í gömlu hverfi. Má vera ósamþykkt. S.8966844 Jón Þór

Einstæð móðir með 2 börn bráðvantar 3-4 herb. íbúð í Kópav. á 80-100 þús. Reglusöm, tryggar greiðslur í bankaþj. S 8680646

Óska eftir 2-3 herb. íbúð m/húsg. til 1. júl, helst í Mosó. 2 í heimili, reykl. regl. og áreiðanl. greiðslur. Uppl s. 8202416, m4jj@hotmail.com

Reglusamt par með 2 börn á leiðinni vantar 3. herb. íbúð frá 1. júní. Uppl. í s. 848 7352.

## Sumarbústaðir




## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu**
Við sund: Til leigu 70 og 20 fm. atvinnuhúsnæði á 2. hæð. Leigist ekki til íbúðar. Sími 894 1022.

Til leigu 96 fm iðnaðarhúsnæði við Dalshraun Hafnarf. S. 868 1451.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**
**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**
**Call Joao, tlf. 864-9873**

KFC

**Kentucky Fried Chicken Mosfellsbæ**
**Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhús, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum. KFC Mosfellsbæ s. 586 8222.**

OLIVER BAR CAFÉ GRILL

**Vor- og sumarstörf.**
Cafe Oliver óskar eftir fólki bæði í hluta og full störf. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Evu í síma 845 5923.

**Aðstoðarmaður í eldhús**
**Aðstoðarmaður í eldhús óskast í leikskólann Brekkuborg í Grafarvogi.**
**Uppl. veitir leikskólastjóri í s. 567 9380.**

**Næsti Bar.**
**Starfsfólk óskast á bar, í sal og í dyravörslu. Lágmarksaldur er 20 ára.**
**Upplýsingar í síma 844 1304 eftir kl 13.00.**

**Fjarðarbakarí Hafnarfirði**
**óskar eftir afgreiðslufólki til starfa sem fyrst, frá 13-19:30 virka daga.**
**Upplýsingar í síma 895 7355, Halldór og 862 9363, Bragi.**

**Keiluhöllin Öskjuhlíð**
**Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu í dagvinnu. www.keiluhollin.is**
**Upplýsingar í síma 864 6112.**

**American Style**
**Vantar þig góða vinnu í fullu starfi og í föstu vaktavinnukerfi? Þá er American Style á Bíldshöfða málið. Vantar þig aukavinnu með skólanum? Pláss fyrir frábært fólk á Bíldshöfða og í Hafnarfirði á grilli . 19 ára aldurstakmark . (ath. ekki sumarvinna). Einnig laus störf í hlutastörf í sal í Hafnarfirði. 17 ára aldurstakmark. Sæktu um á american-style.is.**
**Upplýsingar gefur Herwig í síma 568 6836.**

**Veitingastaðurinn Galileó**
**Óskar eftir starfsfólki í sal, reynsla æskileg. Skemmtilegur og líflegur vinnustaður. Góð laun í boði.**
**Upplýsingar á staðnum eða í s. 663 2315 & 511 1980 og á staðnum milli kl 14 og 17.**

**Meiraprófsbílstjóri**
**Flutningafyrirtæki sem starfar á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra.**
**Uppl. í s. 860 8486.**

Nesbyggð

**Reykjanesbær**
**Okkur vantar vanan gröfumann með meirapróf. Einnig vantar bílstjóra á trailer.**
**Uppl. í s. 840 6100, Páll eða 840 6105, Ómar.**

Óska eftir starfsmanni í eldhús, fullt starf. Uppl. í s. 864 6112

**Starfsfólk óskast**
Óskum eftir duglegu starfsfólki í almenn garðyrkjustörf. Einnig laust hlutastarf í sölumennsku. S. 862 8618, Magnús.

Getum bætt við okkur starfsfólki á hjólbarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. Dekkjahöllin s. 462 3002 & 471 2002.

Au pair Englandi. Íslensk læknahjón óska eftir barngóðri stúlku, 19 eða eldri, til að gæta 18 mán drengs. Uppl í s. 00441922746723 eða DrMatthildur@msn.com.

**Housekeeping**
We need to add to our fantastic staff. Housekeeping 100% job or 50% Monday-Friday, basic English needed. Please contact lobby@hotelvik.is

Við leitum að áhugasömum starfsmönnum til að aðstoða fólk með fötlun sem býr sjálfstæðri búsetu. Um er að ræða dag- og kvöldvinnu. Nánari uppl. veitir Sighvatur Blöndahl í s. 561 3141 & 896 5907. Umsóknum skal skilað á sighvatur.b.magnusson@reykjavik.is

Lagerstarf og útkeyrsla - sumarafleysingar Heildsala í Garðabæ óskar eftir að ráða starfsmann á lager. Vinnutími 8-16 virka daga + einhver yfirvinna þegar þörf er á. Áhugasamir sendi upplýsingar á baldur@icewear.is Eða hafið samband í sima 555 7400.

Vantar röska menn á hjólbarðaverkstæði. Uppl. í s. 557 7200.

**Smiðir**
Smiðsafl ehf. óskar eftir smiðum. Fyrirspurnir sendist á smidsafl@hive.is eða í s. 693 8773.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
**í eftirtalin störf :**
**Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan.**
**Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**

**INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK**

Útvegum m.a.:
- Smiði
- Múrara
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbílstjóra
- Tækjastjórnendur
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda

INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri
Hafðu samband í síma 517 4530

INTJOB STARFSMANNALEIGA
Hagasmára 1, 201 Kópavogur, www.intjob.is

Borgarðu vel? Vantar þig hörkuduglegan 22 ára mann í vinnu? Þá ertu að leita að mér, er vanur trésmíði, en skoða ýmis boð. Uppl. í s. 866 2655.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, suðumenn, bílstjórar o.fl. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt



**Uppskriftir**
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál

**18plús.is**
**XXX samfélag íslendinga á netinu**
- birtu eigin myndir -
- skoðaðu myndir annarra -
ATH. að vefurinn hentar jafnt konum sem körlum.

**Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

## TILKYNNINGAR

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

**Alþingisreitur, reitur 1.141.1**
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að núverandi framhús að Vonarstræti 12 verður flutt á nýjan kjallara að Kirkjustræti 6 og að framhlið Kirkjustrætis 8 verði endurbyggð. Gert verður ráð fyrir allt að fimm hæða nýbyggingu við Vonarstræti 12 og fyrir hornið á Tjarnargötu sem stallast niður í þrjár hæðir í átt að Kirkjustræti. Á milli skála Alþingis og nýbygginga er gert ráð fyrir glergangi, einnig á milli nýbygginga við Kirkjustræti og Vonarstræti. Gert verður ráð fyrir bílakjallara.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Vesturlandsvegur - Hallar**
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að á svæði þar sem áður voru tvær stórar lóðir, merktar 9.1d, 17.115m² að stærð og lóð 9.1e, 20.448m² að stærð, verða nú 8 smærri lóðir, frá 3.210m² til 6.460m² að stærð. Lóðirnar eru merktar frá 9.1d.1 til 9.1d.8. Starfsemi á lóðunum skal vera í samræmi við áður gerða skilgreiningu í Aðalskipulagi Reykjavíkur og í þróunaráætlun Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. Ekki skal vera matvöruverslun á svæðinu og skal lágmarksstærð einstakra verslana vera minnst 1000m² af gólfflatarmáli verslunarhúsnæðis.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 11. apríl 2007 til og með 23. maí 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 23. maí 2007.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 11. apríl 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

## TILKYNNINGAR

**Félagsmenn í hestamannafélaginu Gusti.**

Félagsfundur verður haldinn í veislusal félagsins fimmtudaginn 12. apríl kl. 20.00.

Fundarefni: Félagsmál staða mála og næstu skref

**Stjórn hestamannafélagsins Gusts**

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

allt atvinna
Alla sunnudaga

## FASTEIGNIR



**GLÆSILEG ÍBÚÐ Í SJÁLANDI, GBÆ - NORÐURBRÚ 2 m. bílag - til sölu eða leigu**

Björt, opin og glæsileg 3ja til 4ra herbergja íbúð (117 fm íbúð) á 1. hæð við Norðurbrú í Garðabæ í hinu vinsæla Sjálandshverfi. Bílastæði í lokaðri bílageymslu fylgir eigninni. Lyfta er í húsinu. Útgengt er út á stóran hellulagðan pall frá stofu og hægt að nota svalir, sem annan inngang. Stofa er mjög stór og opin. Gluggar ná alveg að gólfi. Stofan er opin við eldhús. Eignin er vel innréttuð með hvítri og stílhreinni eldhúsinnréttingu frá HTH með innbyggðri uppþvottavél og eyju. Gott skúffupláss í eyjunni og eldhústæki frá AEG. Inngangur er með svörtum náttúrusteini og eikarparket á gólfum. Lýsing er frá Lumex. Sólargluggjatjöld fyrir gluggum fylgja eigninni. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með góðri hvítri baðinnréttingu með halógenlýsingu. Upphengt salerni, baðkar og handklæðaofn. Þvottahús er inn í íbúðinni.

Um er að ræða nýtt hús og því er sameign mjög snyrtileg. Góð geymsla fylgir eigninni. Þetta er vönduð eign á þessum vinsæla stað í Garðabæ. Stutt í alla þjónustu og verslanir. Laus til afhendingar við kaupsamning. Uppsett verð 36,9 millj. Yfirtakanleg lán með hagstæðustu vaxtakjörum. Íbúðina er einnig hægt að leigja.

**Allar nánari upplýsingar hjá Nönnu í síma 861-5658 eða nannaosk@gmail.com.**

## ATVINNA

# MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

**RÚMMETER EHF.**
Alhliða byggingaverktakar

VEGNA AUKINNAR VERKEFNASTÖÐU VANTAR OKKUR VERKAMENN Í ALMENNA BYGGINGARVINNU

Um er að ræða framtíðarstörf.
Í boði eru góð laun fyrir rétta aðila.
Umsóknir á rummeter.is
Nánari upplýsingar um störfin eru veittar í síma 577 1927 á skrifstofutíma.
Einnig er hægt að senda okkur tölvupóst á m3@rummeter.is

**RÚMMETER EHF. SUÐURLANDSBRAUT 4A, 108 REYKAJVÍK**

**www.rummeter.is**

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# Viðskiptahúsið

FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÚTVEGUR

Félag fasteignasala

## ATVINNUHÚSNÆÐI

### Reykjanesbær



Nýtt atvinnuhúsnæði við Hólmbergsbraut 5 í Reykjanesbæ. Um er að ræða 2.500 fm á einni hæð skipt niður í 10 einingar sem hægt er að kaupa stakar.

### Vesturhraun 5 - Garðabær.



Höfum í einkasölu Würth-húsið við Vesturhraun 5. Alls 1.944 fm að grunnfelti með góðum milliloftum. Lóðin er alls 15.000 fm.
Tilboð óskast í eignina.

### Bæjarflöt 1 - Grafarvogur.



Nýtt verslunar- og þjónustuhúsnæði alls 1.867 fm, 10 m lofthæð. Milliloft að hluta. Góð bílastæði. Býður upp á fjölmarga notkunarmöguleika. Staðsett á góðum stað í Grafarvogi. Selst í heilu lagi eða minni hlutum. Verð 360 milljónir.

## *Hvörfin í Kópavogi*

### Víkurhvarf 1



Glæsilegt skrifstofu- og verslunarhúsnæði á þremur hæðum. Byggingin er samtals 7.337 fm og er fyrsta hæðin um 4.848 fm, þar af 3.719 fm rými sem t.d. er hægt að nota undir verslun eða sem sýningarsal. Önnur hæðin er 1.485 fm og þriðja hæðin er 1.003 fm. Um 230 bílastæði.

### Vikurhvarf 7



Glæsilegt verslunar- og skrifstofuhúsnæði alls 3.542 fm, sem skiptist þannig. Fyrsta hæð 785,4 fm. Önnur hæð 845,6 fm. Þriðja hæð 356,4 fm og kjallari 792,5 fm.

Hverfi í mikilli uppbyggingu.

### Urðarhvarf 12



Húsið er alls 6720 fm á sex hæðum með tvöföldum bílakjallara. Frábær staðsetning gefur húsinu mikið markaðsgildi við fjölfarna akstursleið.



Jóhann Ólafsson
Löggiltur FSS
Gsm: 863 6323
johann@vidskiptahusid.is



Jón S. Sigurjónsson
Hdl. & Löggiltur FSS
Gsm: 893 3003
jon@vidskiptahusid.is



Þórhallur Björnsson
Löggiltur leigumiðlari
Sölumaður
Gsm: 899 6520
thorhallur@vidskiptahusid.is



Haraldur A. Haraldsson
Viðskiptafræðingur
Gsm: 690 3665
haraldur@vidskiptahusid.is



Kristmundur Einarsson
Sölumaður
Gsm: 824-2877
kristmundur@vidskiptahusid.is

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími 566 8800 • E-mail vidskiptahusid@vidskiptahusid.is • www.vidskiptahusid.is

Frum

# Björgunarsveitir sem varalið lögreglu

UMRÆÐAN
Öryggismál


JÓN GUNNARSSON

Öryggi borgaranna er eitt mikilvægasta málefni hvers samfélags. Við Íslendingar höfum verið mjög heppin þegar kemur að þessu. Vegna legu landsins höfum við lent utan hringiðu stríðsátaka þrátt fyrir hernaðarlega mikilvæga legu landsins á tímum. Það er okkur fjarlægt að hugsa til þess að hér geti ógnaratburðir á borð við hryðjuverk eða önnur átök átt sér stað. En málið er alls ekki svona einfalt. Aðstæður í heiminum hafa breyst, og eðli þeirra ógna sem að samfélögum steðja er allt annað í dag en áður.

Við erum fámenn þjóð í strjálbýlu landi og af því litast umræða um varnar- og öryggismál. Þegar kemur að alvöru hernaðarlegum vörnum landsins er ljóst að við verðum að treysta á samvinnu við þjóðir sem við treystum og starfa með bæði hvað varðar mannafla og tækjabúnað. Sjálf getum við aldrei gert meira en að koma upp lágmarksviðbúnaði á þessu sviði. Sú staðreynd firrir okkur hins vegar ekki þeirri ábyrgð að tryggja með sem bestum hætti öryggi borgaranna. Það er léttvægt að tala bara um að við séum friðelskandi þjóð sem engum vill illt. Það er ábyrgðarlaust tal.

Það er óþolandi fyrir þessa umræðu hver endurtekin viðbrögð fulltrúa stjórnarandstöðunnar eru þegar málefnið ber á góma. Alveg sama hvaða hugmyndir dómsmálaráðherra hefur viðrað, alltaf er reynt að gera þær tortryggilegar. Reynt er að villa um fyrir almenningi með upphlaupi og hástemmdum yfirlýsingum. Það er alvarlegt mál og ábyrgðarlaust þegar stjórnmálaforingjar eyðileggja umræðu með slíkum vinnubrögðum. Það er líka til þess fallið að rýra öryggi borgaranna og hver vill bera ábyrgð á því?

Hugmyndir Björns Bjarnasonar um varalið lögreglu hafa fengið stöðluð viðbrögð stjórnarandstöðunnar. Hugmynd þessi þóknast aftur á móti þeim sem til málanna þekkja og hefur verið í umræðunni í nokkurn tíma. Við stærri atburði, s.s. mikilvæga fundi, samkomur og aðra atburði hefur gjarnan verið leitað til björgunarsveitafólks til að sinna gæslustörfum. Við sem á þeim vettvangi störfum fögnum þessum hugmyndum því oft höfum við af vilja en mætti liðsinnt lögreglu í þessum verkefnum. En þjálfun okkar og búnaður miðar allur að því að leita að og bjarga fólki og verðmætum. Við erum því ekki í stakk búin til að sinna þessu verkefni sem skyldi.

Oft hafa félagar innan okkar raða gert við það athugasemdir að ekki sé staðið betur að skipulagi þessara mála. Við fögnum því hugmyndum ráðherra og ég er þess fullviss að margt af okkar góða björgunarfólki verður tilbúið til að taka þessa þjálfun og sinna verkefnum sem starfinu fylgja. Þannig getur þetta orðið til að efla enn frekar samstarf björgunarsveita og lögreglu. Það er lágmarkskrafa til þingmanna sem tjá sig um þetta málefni að þeir kynni sér málið en fari ekki fram með það að markmiði að rugla fólk. Slík vinnubrögð geta staðið góðum málum fyrir þrifum.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Landsbjargar.*

# Heilbrigðisskoðun

UMRÆÐAN
Innflytjendamál


LÝÐUR ÁRNASON

Orðræður stjórnmálamanna eru misjafnar og jeminn hve mörgum fer betur að þegja. Innflytjendamálin eru ágætt dæmi um þetta en þar karpa stjórnmálamenn um vond þjóðerni, góð þjóðerni, kynþáttahatara og nasista. Fyrir almenning er útkoman hryggileg, upplýsingin engin og betur heima setið. En um hvað snýst allt þetta havarí, þ.e. hvernig er innflytjendamálum eiginlega háttað hér á landi? Af hverju upplýsa stjórnmálamenn ekki fólk um stöðuna í stað þess að kalla hver annan ónöfnum? Í dag geta allir sótt um dvalarleyfi á Íslandi. Fólk frá EES-löndunum og á Schengen-svæðinu nýtur sérstakra milliríkjasamninga en öllum umsækjendum er skylt að framvísa skilríkjum, sakavottorði, heilbrigðisvottorði, hjúskaparvottorði, framfærslutryggingu og sjúkratryggingu. Útlendingastofnun fer svo yfir umsóknirnar og metur. Málið er því í raun ekki svo flókið þótt deila megi um hvort herða skuli útlendingalöggjöfina eða rýmka. Í ljósi fyrirliggjandi laga er aftur á móti erfiðara að finna ummælum þingmanna stoð, sérlega þeirra um heilbrigðisskoðanir útlendinga. Er eitthvað rangt við að heilbrigðisskoða fólk? Er það mannfyrirlitning að skanna þá fyrir berklum sem koma þaðan þar sem sjúkdómurinn er landlægur? Er það mismunun að bólusetja einn sem ætlar til Afríku en ekki hinn sem ætlar til Englands? Við erum á vaktinni með fugla, hvers vegna þá ekki menn? Heilbrigðisskoðun er einfaldlega skynsöm og nauðsynleg, hún þjónar öllum hlutaðeigandi og tengist ekki kynþáttahatri. Undangengin umræða um þetta atriði er niðurfelling heilbrigðrar skynsemi og áhyggjuefni að hún skuli eiga sér stað, m.a. á sjálfu alþingi.

Umræðan um innflytjendamál á aðeins að snúast um tvennt: Okkur sjálf, þ.e. hvort við höfum ástæðu til að stíga varlegar til jarðar en fjölmennari þjóðir og hins vegar um innflytjendurna, að þeim séu tryggð lögbundin lágmarksréttindi og málkennsla. Bæði atriðin þarf að ræða en að kalla málshefjendur mannhatara og rasista er fráleitt. Svoleiðis orðagjálfur hefur enga þýðingu nema kannski á sparkvelli stjórnmálanna þar sem bitist er um fylgið. Fjölþjóðasamfélög framtíðarinnar er óþarft að hræðast en þróunarhraði þeirra getur skipt sköpum um ágætið. Að þessu og engu öðru ættu stjórnmálamenn að hyggja.

*Höfundur er heilbrigðisstarfsmaður.*


# Nýja snilldarplatan með Sverri Stormsker

## Fólk er yfir sig hrifið af nýju plötu Sverris Stormskers, “There Is Only One” eins og sjá má af eftirfarandi umsögnum:

★ ★ ★ ★ ★




**Rúnar Júlíusson, tónlistarmaður:**
**“Alveg einstaklega frábær diskur hjá Stormsker, stórstígar framfarir í laga- og textagerð, söngur í splunku nýjum hæðum, magnaður flutningur í alla staði.”**

**Páll Óskar Hjálmtýsson, söngvari:**
**“Þessi plata kom mér verulega á óvart. Ég vissi ekki að Stormsker ætti þetta til og ég var eiginlega búinn að gleyma hvað hann er góður lagasmiður.”**

**Einar Bárðarson, umboðsmaður:**
**“Tímamóta!”**

**KK, tónlistarmaður:**
**“Sverrir Stormsker, melody maker af Guðs náð.”**

**Magni Ásgeirsson, söngvari:**
**“There Is Only One er falleg og angurvær plata frá einum skemmtilegasta tónlistarmanni þjóðarinnar. Söngvararnir ná nýjum hæðum í eiginlegri merkingu, lögin eru allt í senn hnyttin, smekklega útsett, vel samin og grípandi, - skyldueign í safnið.”**

**Gunnar Þórðarson, tónskáld:**
**“Stormsker er einn sá albesti.”**

**Arnar Eggert Thoroddsen gagnr. Mbl:**
**“Ferill Sverris Stormskers í íslenskri dægurlagatónlist er algerlega einstakur. Hann nýtur hylli almennings um leið og hann stendur kirfilega utan við alla strauma og stefnur, utangarðsmaður með hreina náðargáfu hvað laga- og textagerð varðar. Þessi hæfileiki sannast svo um munar á There Is Only One, angurværri og sorgbitinni plötu þar sem á takast fegurð og fallvaltleiki, vonleysi og von. Hið ótrúlega næmi sem Sverrir hefur fyrir melódíu hefur aldreið verið jafn augljóst og hér.”**

**Þorsteinn Eggertsson, textahöfundur:**
**“Ég er á því að á þessari nýju plötu Stormskers eru mörg þau bestu lög sem hafa verið samin á Íslandi í heila öld, enda samin af persónulegasta, fjölhæfasta og besta tónskáldi landsins. Auk þess er söngur Sverris ótrúlega einlægur og söngur hinnar asísku Myru er líklegast sá magnaðasti sem heyrst hefur á íslenskri plötu frá upphafi. Þessi plata er einfaldlega hrein og tær snilld. Algjört regin hneyksli að hún skuli ekki vera spiluð á Rás 2.”**

**Zonet dreifir plötunni, sem gefin er út í takmörkuðu upplagi hér á Íslandi.**

# „Svindl“ í umræðu um loftslagsmál

**UMRÆÐAN**
Veðurfarsbreytingar

Heimildarmyndin The Great Global Warming Swindle um loftslagsbreytingar af mannavöldum, sem sýnd var á breskri sjónvarpsstöð í síðasta mánuði, hefur vakið mikla athygli og verið til umfjöllunar bæði í fjölmiðlum og á netinu. Hún var meðal annars kveikjan að grein eftir Hannes Hólmstein Gissurarson í Fréttablaðinu 30. mars sl. Í myndinni eru vísindamenn og umhverfisverndarsinnar ásakaðir fyrir óvönduð vinnubrögð og jafnvel um vísvitandi fölsun á staðreyndum í umræðum um loftslagsbreytingar. Myndin sýnir viðtöl við nokkra vísindamenn sem gagnrýna harðlega umræður um loftslagsbreytingar bæði í vísindaritum og fjölmiðlum. Athygli vekur að menn, sem gagnrýna aðra fyrir yfirlýsingagleði og óábyrgar ályktanir, skuli sjálfir vera jafn afdráttarlausir og fram kemur í myndinni í skoðunum um málefni þar sem óvissa er augljóslega mikil og margt umdeilanlegt. Í myndinni er m.a. lýst hröðum loftslagsbreytingum sem óvéfengjanlegar heimildir eru fyrir í jarðsögunni og ekki geta verið af mannavöldum, og í beinu framhaldi leiddar líkur að því að loftslagsbreytingar nú séu einnig að mestu af náttúrulegum orsökum. Fullyrða sumir viðmælendanna að engin haldgóð rök séu fyrir því að mannkynið komi þar við sögu. Þarna er blandað saman óumdeildum staðreyndum og óraunsæjum ályktunum, og er það einkennandi fyrir myndina. Á sama hátt kemur réttilega fram að styrkur koltvísýrings í andrúmsloftinu hafi á fyrri tímabilum jarðsögunnar verið mun hærri en nú er, og látið er að því liggja að frekari losun mannkyns sé því saklaus, sem verður að teljast í meira lagi vafasamt, enda hefur styrkur koltvísýrings ekki verið meiri en nú í a.m.k. 650 þúsund ár.

Meðal vísindamannanna sem rætt er við í myndinni er Carl Wunsch, þekktur haffræðingur við Tækniháskólann í Massachusetts (MIT), sem er með virtustu háskólum á sviði raunvísinda í Bandaríkjunum. Wunsch hefur áður vakið athygli fyrir gagnrýni á ýmsar fullyrðingar vísindamanna og umhverfisverndarsinna um breytingar á Golfstraumnum vegna hlýnandi veðurfars sem hann telur ekki réttlætanlegar á grundvelli vísindalegra rannsókna. Engu að síður sá Wunsch sig knúinn til þess að birta opinbera yfirlýsingu um þátt sinn í myndinni. Yfirlýsing hans er mjög harðorð varðandi vinnubrögð þeirra sem myndina gerðu. Í yfirlýsingunni kemur meðal annars fram að Wunsch telur orð sín hafa verið rangtúlkuð þannig að stappi nærri fölsun, og að hann sé að kanna hvort hann eigi að mótmæla meðferðinni á sér í myndinni með formlegri hætti en með yfirlýsingunni. Wunsch segir í lauslegri þýðingu okkar: „Þáttur minn í The Global Warming Swindle er auðmýkjandi (deeply embarrassing) og hefur rýrt orðstír minn sem vísindamaður. Ég var blekktur, og finnst að ég hafi verið settur í óþægilega stöðu.“ Það virðist því sem „svindl“ í umræðum um loftslagsbreytingar sé jafnvel víðtækara en haldið er fram í myndinni.


TÓMAS JÓHANNESSON


JÓN EGILL KRISTJÁNSSON

Wunsch dregur í yfirlýsingunni í nokkrum orðum saman skoðanir sínar á loftslagsbreytingum af mannavöldum og segir þar að hann telji nánast öruggt að athafnir manna orsaki að miklu leyti þær loftslagsbreytingar sem nú verður vart, og að í þeim felist veruleg ógn. Við bendum þeim sem vilja kynna sér skoðanir „gagnrýnins“ vísindamanns á þessu flókna máli á að lesa yfirlýsingu Wunsch um myndina í heild sinni. Upplýsandi umræður um loftslagsbreytingar af mannavöldum almennt má m.a. finna á spjallþræðinum RealClimate3 en þar spjalla ýmsir vísindamenn sem stunda rannsóknir á þessu sviði um niðurstöður sínar og annarra. Jafnframt má benda á skýrslur Milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC)4, sem fá harkalega útreið í heimildarmyndinni. Milliríkjanefndin gefur reglulega út greinargott yfirlit fyrir stjórnvöld og almenning um stöðu rannsókna á loftslagsbreytingum á grundvelli birtra rannsókna. Þetta yfirlit, sem er vandað að okkar dómi og unnið af fjölda vísindamanna, er mjög gagnlegt sökum þess hvað rannsóknir á þessu sviði eru orðnar yfirgripsmiklar.

Í heimildarmyndinni eru margar augljósar rangfærslur og eru nokkrar þeirra nefndar sem staðreyndir í grein Hannesar Hólmsteins. T.d. segir Hannes Hólmsteinn: „Vatnsgufa er 98% gróðurhúsalofttegunda.“ Hið rétta er að vatnsgufa veldur um 50-60% af gróðurhúsaáhrifum lofthjúpsins en koltvísýringur um 20-25%. Annað dæmi: Bæði í myndinni og grein Hannesar Hólmsteins er því haldið fram að „breytingar á hitastigi jarðar virðast standa í beinu sambandi við virkni sólar“, en sannleikurinn er sá að síðustu 50 ár hefur sólvirknin staðið í stað og jafnvel aðeins minnkað meðan hiti á jörðinni hefur hækkað um 0,6 stig, en á sama tíma hefur styrkur koltvísýrings aukist um rúm 20%. Og, eins segir í myndinni og hjá Hannesi Hólmsteini: „Þegar lífverur anda frá sér eða rotna og þegar eldfjöll gjósa, streymir meiri koltvísýringur út í andrúmsloftið en vegna brennslu olíu eða kola,“ en í raun og veru er koltvísýringslosun eldfjalla á ári hverju aðeins um 1% losunar mannkyns. Það er vissulega rétt sem fram kemur í myndinni og grein Hannesar Hólmsteins að nauðsynlegt er að „rannsaka fordómalaust“ hvaða ógn felst í losun mannkyns á gróðurhúsalofttegundum. Sá tónn sem sleginn er í myndinni er hins vegar ekki líklegur til þess að vísa fram á veginn í því efni.

*Tómas er jarðeðlisfræðingur við Veðurstofu Íslands og Jón Egill prófessor í veðurfræði við Óslóarháskóla.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Tvískinnungur græningja

**Pétur Sigurðsson járnsmiður skrifar um umhverfismál:**

Mengun andrúmsloftsins er af ýmsum toga en trúlega kemur oftast upp í hugann útblástur frá vélum og verksmiðjum. Þessa mengun er unnt að mæla en til er önnur stórvirk uppspretta mengunar og gróðurhúsalofttegunda, sem sumir átta sig ekki á og aðrir vilja ekki vita af. Hér er átt við þá miklu mengun sem streymir upp úr lítt grónu landi eða því sem orðið er auðnin ein vegna ofbeitar og áníðslu. Erlendis hafa farið fram miklar rannsóknir á þessu enda er þessi mengunaruppspretta önnur meginástæðan fyrir því ástandi sem er að verða í loftlagsmálum. Hér á landi hefur þetta líka verið athugað nokkuð og geta menn sér til að mengun frá rotnandi lífrænum leifum í íslenskum jarðvegi, sem búið er að svipta gróðurhulunni, sé meiri en nemur allri annarri mengun frá umsvifum okkar hér. Á þetta minnast þeir aldrei sem nú fara mikinn í umhverfismálum, til dæmis Vinstri græn og Framtíðarlandið. Þau virðist ekki hafa neina stefnu í því sem ekki fyrir löngu var kallað mesti umhverfisvandinn í þessu landi, gróðureyðingunni. Ef íslenska „umhverfisbyltingin“ ætlar að þegja áfram um meðferðina á landinu, þá er hún ekki öll þar sem hún er séð. Þá ræður annað för, kannski atkvæðaveiðarnar. Fræði- og vísindamenn kalla ekki land sem er ein útausandi uppspretta gróðurhúsalofttegunda „hreint“. Þeir segja ekki að land sem hefur verið nagað ofan í rót og allur gróður víða horfinn,sé „ósnortið“ og þeir segja ekki að Ísland sé „óspillt“, heldur þvert á móti. Það mun sýna sig framundan hverjir eru raunverulegir umhverfisverndarmenn, hverjir hafa þrek og þor að takast á við vanda sem er ekki sök erlendra auðhringa, heldur okkar sjálfra. Að sjálfsögðu munu vinstri græn skila hér auðu en gaman verður að fylgjast með viðbrögðunum hjá Framtíðarlandinu og öðrum náttúruverndarsamtökum.

ÍSLAND 2050
TVEIR Á MÓTI EINUM
AÐALFUNDUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS
17. apríl 2007 á Hótel Nordica

OPIN DAGSKRÁ

14:00 „ÍSLAND 2050 – TVEIR Á MÓTI EINUM“
Framtíðarleiftur
Ræða Ingimundar Sigurpálssonar, formanns Samtaka atvinnulífsins
Ræða Geirs H. Haarde, forsætisráðherra

15:00 Kaffiveitingar – framtíðarmyndir

15:30 Hvert stefnum við?
Niðurstöður könnunar Capacent Gallup á framtíðarviðhorfum Íslendinga
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknarstjóri Capacent Gallup
Umræður:
Guðfinna S. Bjarnadóttir, fv. rektor HR
Karl Wernersson, Milestone
Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvá
Þóra Helgadóttir, hagfræðingur í greiningardeild Kaupþings
Þórður Friðjónsson, forstjóri Nordic Exchange á Íslandi
Stjórnandi: Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA

16:30 Fundarlok
Fundarstjóri: Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Gaums
Fundarmenn fá ritið: *Ísland 2050 - Hvert stefnum við?* English translation



SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Skráning á vef SA – www.sa.is

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# Skynsamir neytendur

**UMRÆÐAN**
Bílakaup


EGILL JÓHANNSSON

Í Morgunblaðinu 30. mars birtist grein eftir Ágústu Loftsdóttur, starfsmann Orkustofnunar, sem er um margt athyglisverð. Þess ber að geta að Ágústa hefur unnið að verkefni fyrir Orkustofnun um möguleika vistvæns eldsneytis á bíla. Í greininni segir Ágústa að svo virðist sem neytendur láti skynsemi lítt ráða för við val á bíl því eldsneytisnotkun hafi ekki áhrif, heldur önnur atriði, svo sem margvíslegir aukahlutir. Einnig má skilja á grein Ágústu að bílaumboð dragi lappirnar í sölu á vistvænum bílum þrátt fyrir að úrval þeirra sé að hennar mati nægilegt frá bílaframleiðendum. Hvorugt er rétt.

Varðandi efasemdir Ágústu um skynsemi neytenda þegar kemur að „réttu“ vali á bíl langar mig að benda á eftirfarandi. Við val á bíl hafa margir þættir áhrif.

Það er því mikil einföldun að halda því fram að eingöngu sé hægt að velja bíl eftir eyðslu enda hafa fjölskyldustærð, búseta og aðrar þarfir mikil áhrif. Neytendur eru skynsamir en þarfir þeirra misjafnar.

Sú fullyrðing Ágústu að eldsneytiseyðsla hafi lítil áhrif við val á bíl er beinlínis röng. Ég get fullyrt að nánast hver einasti bílkaupandi spyr mjög snemma í kaupferlinu um eldsneytiseyðslu og er hún í hópi ráðandi þátta við valið. Það er einnig áberandi að við eldsneytishækkanir, ekki síst þær sem orðið hafa undanfarin misseri, fær sú áhersla mun meira vægi við bílakaup neytenda. Mjög gott aðgengi er að upplýsingum um eyðslu og losun CO2 hjá bílaumboðum, t.d. á vefsíðum, á verðlistum eða í bæklingum í sýningarsölum og jafnvel víðar. Þrátt fyrir það hefur Bílgreinasambandið hvatt aðildarfélög til að gera enn betur í þeim efnum.

Það er fráleitt að ætla að bifreiðaumboðin dragi lappirnar varðandi sölu á vistvænum bílum. Ástæðan er auðvitað gífurleg samkeppni sem ríkir meðal umboðanna enda níu fyrirtæki sem keppa á þessum markaði. Á þessum markaði ræður einfaldlega eftirspurn og framboð hvað boðið er á markaðnum. Í þessu samhengi er rétt að skjóta inn og ítreka að hugmyndir, sem reglulega skjóta upp kollinum, um handstýringu ríkisvaldsins á því hvaða bílar henti neytendum best virka ekki.

Framboðið ræðst eingöngu af því hvað bílaframleiðendur hafa fram að færa og á hvaða mörkuðum þeir eru tilbúnir að bjóða sína vöru. Það er einfaldlega staðreynd að úrval á fjöldaframleiddum vistvænni bílum er enn mjög takmarkað auk þess sem flestir framleiðendur bjóða slíka bíla fyrst og fremst á heimamarkaði eða stærri mörkuðum meðan enn er verið að þróa vöruna.

Það er aftur á móti gleðiefni að þróun þessara bíla hefur tekið mikinn kipp undanfarin misseri og á næstu árum mun þessum bílum fjölga mjög á mörkuðum um allan heim. Þar á meðal á Íslandi.

*Höfundur er formaður Bílgreinasambandsins.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.578 **-0,06%** **Fjöldi viðskipta:** 420 **Velta:** 90.514 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petrol.** | +2,90% | **Actavis** | -1,27% |
| **FL Group** | +1,02% | **Landsbankinn** | -1,23% |
| **Össur** | +0,81% | **365** | -0,56% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,53 -0,56% ... Actavis 77,50 -1,27% ... Alfesca 4,80 +0,00% ... Atlantic Petroleum 710,00 +2,90% ... Atorka 6,95 +0,14% ... Bakkavör 66,80 +0,60% ... Eimskipafélagið 34,40 -0,29% ... FL Group 29,80 +1,02% ... Glitnir 27,20 +0,00% ... Kaupþing 1.041 +0,19% ... Landsbankinn 32,10 -1,23% ... Marel 74,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,90 +0,63% ... Straumur-Burðarás 19,90 +0,51% ... Össur 125,00 +0,81%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Tilboð sagt væntanlegt í Chrysler



**ÆÐSTU MENN DAIMLERCHRYSLER** Pieter Zetsche, stjórnarformaður DaimlerChrysler, og Tom LaSorda, forstjóri Chrysler, ræða málin. Nordicphotos/AFP

Dieter Zetsche, forstjóri bílaframleiðandans DaimlerChrysler hefur staðfest að fyrirtækið hafi rætt við nokkra aðila um sölu á Chrysler-hluta fyrirtækisins í Bandaríkjunum. Nákvæmar tölur um verðið á Chrysler liggja ekki fyrir en talið er að það verði nálægt fimm til níu milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði um 300 til 600 milljarða íslenskra króna.

Hugsanlegir kaupendur hafa ekki verið nafngreindir en fjárfestingasjóðurinn Cerberus Capital Management hefur verið nefndur á nafn eftir að fulltrúar sjóðsins gerðu sér ferð til höfuðstöðva Chrysler í Bandaríkjunum á dögunum til að rýna í bækur félagsins. Auk þess hafa nöfn bandaríska bílarisans General Motors, fjárfestingasjóðsins Blackstone og kanadíska fyrirtækisins Magna International borið á góma.

Chrysler-hluti fyrirtækisins skilaði 1,5 milljarða dala, tæplega 100 milljarða króna, tapi á síðasta ári og hefur verið þrýstingur á DaimlerChrysler að það losi sig við fyrirtækið.

Chrysler hefur líkt og aðrir bandarískir bílaframleiðendur gripið til nokkurra hagræðingaaðgerða til að snúa rekstrinum við, meðal annars með uppsögnum á 13.000 starfsmönnum og lokun tveggja verksmiðja. **- jab**



**PALLBÍLL FRÁ FORD** Sala á nýjum bílum frá bandarísku bílaframleiðendunum dróst saman í mars.

# Bílarisarnir fá skell á ný

Sala á bifreiðum dróst talsvert saman hjá risunum á bandaríska bílamarkaðnum í mars miðað við sama tíma í fyrra. Samdrátturinn var langmestur hjá Ford, eða 12,4 prósent. Á sama tíma varð aukning á sölu japanskra bíla vestanhafs. Toyota, sem stefnir á að verða umsvifamesti bílaframleiðandi í heimi á árinu, seldi 7,7 prósent fleiri bíla í mars en á sama tíma í fyrra.

Næst mesti samdrátturinn var hjá General Motors, eða 7,7 prósent. DaimlerChrysler fylgir svo á eftir með samdrátt upp á 4,6 prósent. Helsta ástæðan fyrir samdrættinum er minni kaup bílaleiga í Bandaríkjunum á nýjum bílum auk þess sem hið opinbera hefur haldið að sér höndum í innkaupum. **- jab**



**VERÐBRÉFAMIÐLARAR** Seðlabanki Indlands hefur meðal annars hækkað stýrivexti til að koma í veg fyrir að aukin verðbólga komi niður á lægri stéttum.

# Beita sér gegn verðbólgu

Seðlabanki Indlands ákvað í síðustu viku að hækka stýrivexti um 25 punkta í 7,75 prósent. Þetta er í annað sinn á árinu sem bankinn hækkar stýrivexti í þeim tilgangi að halda aftur af verðbólgu.

Ákvörðunin kom greinendum á óvart en þeir gerðu ekki ráð fyrir að bankinn myndi hækka vextina fyrr en síðar í þessum mánuði í fyrsta lagi.

Í rökstuðningi bankastjórnarinnar segir meðal annars að hækkunin þyki nauðsynleg til að sýna að bankinn líti á verðbólguþróunina mjög alvarlegum augum.

Verðbólga mælist nú 6,46 prósent á Indlandi en það er nokkuð yfir 5,5 prósenta efri verðbólgumarkmiðum seðlabankans.

Breska ríkisútvarpið bendir á að hagvöxtur mælist nú níu prósent, sem er sambærilegt við hagvöxt síðasta árs. Góðu fréttirnar séu þær, að sögn BBC, að kaupmáttur millistéttarinnar hafi aukist vegna þessa. Slæmu fréttirnar séu hins vegar þær að vöruverð hafi hækkað og komi það hart niður á lægri og fátækari stéttum í landinu **- jab**





INNKAUPAKORT VISA




- **Innkaupakort VISA** er ókeypis kreditkort.
- Ekkert stofngjald, árgjald eða seðilgjald.
- Kortið er ætlað í rekstrarinnkaup og kemur í stað beiðna- og reikningsviðskipta.
- Lengri greiðslufrestur.

Úttektartímabil **Innkaupakorts** er almanaksmánuður og gjalddagi reiknings 25. næsta mánaðar.

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á www.visa.is og hjá öllum bönkum og sparisjóðum.
Nánari upplýsingar í síma 525-2280

**Nýr dagur – ný tækifæri** VISA



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Þorgeirsdóttir,**

sem lést föstudaginn 6. apríl, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 13. apríl kl. 11.00. Jarðsett verður í Fossvogskirkjugarði.

**Þorgeir Guðbjörnsson** **Guðrún Ebenezersdóttir**
**Baldvin Guðbjörnsson** **Hrafnhildur Stígsdóttir**
**Hólmfríður M. Guðbjörnsdóttir**
**Sigurbjartur Sigurbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær sonur minn, bróðir og mágur,*

**Páll Guðfinnur Elíasson**

frá Grundarfirði, síðast til heimilis að Asparfelli 12, Reykjavík,

lést laugardaginn 7. apríl. Jarðarförin fer fram frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 14. apríl kl. 14.00. Þeir sem vilja minnast hans láti Geðhjálp, s. 9072070, njóta þess.

**Petrea Guðný Pálsdóttir**
**Steinbjörg Elíasdóttir** **Árni Eiríkur Árnason**
**Guðný Elíasdóttir** **Ólafur Ægir Jónsson**
**Margrét Elíasdóttir** **Þorkell Pétur Ólafsson**
**Elín Katla Elíasdóttir** **Steinar Helgason**
**Finnborgi Elíasson** **Sigurlaug Jóhanna Björnsdóttir**
**Kjartan Elíasson** **Svanhvít Guðmundsdóttir.**



*Bróðir okkar og frændi,*

**Axel Axelsson**

Pasadena, Kaliforníu,

er látinn. Jarðarförin hefur farið fram í Selkirk, Manitoba, Kanada.

**Fyrir hönd vandamanna,**
**Soffía Ólöf Axelsdóttir**
**Axel Ketilsson.**



*Kæri frændi minn og bróðir,*

**Guðmundur Hjartarson,**

fv. seðlabankastjóri, Selvogsgrunni 29, Reykjavík,

andaðist föstudaginn 6. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Fjóla Guðrún Friðriksdóttir**
**Anna Pálmey Hjartardóttir**
**Emil Hjartarson.**



*Okkar hjartkæri*

**Þorvaldur Jóhannesson**

frá Arnarhóli,

varð bráðkvaddur miðvikudaginn 4. apríl sl. Jarðsett verður í Noregi föstudaginn 13. apríl.

**Rósa Kristrún Kristófersdóttir**
**Svanhildur Diljá Þorvaldsdóttir**
**Emil Brynjar Þorvaldsson**
**Jóhannes Guðmundsson** **Borghildur Þorgrímsdóttir**
**Svanhildur Sigtryggsdóttir** **Kristófer Reykdal Magnússon**
**systkini og fjölskyldur þeirra.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**RAGNAR KRISTINN GUNNARSSON, RAGGI SÓT, ER 44 ÁRA Í DAG**

*„Það er búið að kalla mig Ragga sót frá blautu barnsbeini. Aldrei hef ég steytt hnefann þess vegna og látið mér vel líka. Þetta var starfsheiti föður míns á sínum tíma og festist við fjölskylduna. Var kannski viðkvæmt meðan barnsskóm var slitið en alls ekki á seinni árum. Er nú svo komið að þetta er eiginlega meira svona ættarnafn en viðurnefni.“*

***Forsöngvari Skriðjökla ræðir landsfrægt viðurnefni sitt.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## MERKISATBURÐIR

**1815** Eldgos í Tamborafjalli á eyjunni Sumbawa í Indónesíu verður tíu þúsund manns að bana.

**1899** Spánn nær völdum í Púertó Ríkó af Bandaríkjunum.

**1912** Fiskverkunarkonur í Hafnarfirði taka aftur til starfa eftir að hafa verið í verkfalli í meira en mánuð.

**1921** Íþróttaviðburði er útvarpað í fyrsta skipti.

**1959** Rannveig Þorsteinsdóttir öðlast rétt til að flytja mál fyrir Hæstarétti fyrst kvenna.

**1961** Bob Dylan kemur fram í fyrsta skipti sem söngvari í New York.

**1970** Geimfarið Apolló þrettándi sent á loft.

**NÝR MENNTASKÓLI** NÝJASTA TÆKNI OG AUKIN ÁBYRGÐ NEMENDA

# iTunesforrit og engir bekkir

Í ágústlok tekur nýr menntaskóli til starfa í Borgarnesi en á dögunum samþykkti menntamálaráðherra yfirlýsingu um hugmyndafræði þeirrar stofnunar sem markar tímamót í kennslustarfi á framhaldsskólastigi. Meðal nýjunga í skólastarfi Menntaskóla Borgarfjarðar verður þriggja ára nám til stúdentsprófs fyrir nemendur á meðalnámshraða, aukið einstaklingsmiðað nám og engin formleg annarpróf.

Ársæll Guðmundsson, skólameistari MB, segir að markmið skólans sé að hafa starfið þar opið og sniðið að þörfum nemenda hverju sinni en um leið sé ábyrgð nemendanna aukin og skólastarfið fært nær því sem gerist á öðrum vinnustöðum. „Þannig víkja hefðbundnar kennslustundir fyrir meiri verkefnavinnu og einstaklingsmiðuðu námi,“ útskýrir hann og áréttar að þrátt fyrir nafnið verði engir bekkir í nýja skólanum. „Það er engin regla til á Íslandi um hvað skólar eiga að heita. Við erum eins mikill áfangaskóli og hægt er en köllum hann menntaskóla til að undirstrika að við erum að brjóta þessar hefðir. Við erum skóli sem menntar – og öllum opinn.“

Hið fyrsta verður kennt á fjórum námsbrautum við skólann. Hann þjónar fyrst og fremst nemendum í Borgarfirði en er opinn öllum þeim sem rétt eiga á kennslu á framhaldsskólastigi.



**ÁRSÆLL GUÐMUNDSSON SKÓLAMEISTARI**



**NÝ TEGUND AF BRÚARSMÍÐ** Grunnskólar og nýstofnaður menntaskóli í Borgarbyggð vinna að samræmdum kennsluháttum á grunn- og framhaldsskólastigi. Nýi menntaskólinn hefur starfsemi í haust.

Nýi skólinn verður tæknivæddur mjög en forsvarsmenn hans vinna nú með Apple-umboðinu að því að þróa áfram notkun á forritinu iTunes við nám og kennslu en þar verður kennsluefni til dæmis miðlað með „pod-cast“. Nemendur skólans munu fá fartölvu sér að kostnaðarlausu á meðan þeir eru í námi.

Ársæll útskýrir að í skólastefnu MB sé horft til skóla bæði nær og fjær þar sem svipuð hugmyndafræði er ríkjandi. Forsvarsmenn MB heimsóttu skóla í Svíþjóð og horfðu til nágranna sinna á Snæfellsnesi en fjölbrautaskóli þeirra á Grundarfirði hefur verið leiðandi í nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi.

Lengi hefur verið rætt um að reisa framhaldsskóla á þessu svæði þar sem fyrir eru tveir háskólar, á Bifröst og á Hvanneyri, og einnig góðir grunnskólar. Ársæll segir að eftir að sú ákvörðun var tekin hafi framkvæmdin gengið hratt og vel fyrir sig. Stofnað var einkahlutafélag um rekstur skólans og eru Sparisjóður Mýrasýslu og sveitarfélagið Borgarbyggð stærstu hluthafarnir en um 150 smærri hluthafar, bæði einstaklingar og fyrirtæki, hafa komið að uppbyggingarstarfinu. Skólameistarinn segir að mögulega sé framkvæmd þessi vísir að því að framhaldsskólarnir verði færðir til sveitarfélaganna. Hann segir að stjórn skólans hafi ákveðið að ekki yrðu lögð nein önnur gjöld á nemendur en gengur og gerist í framhaldsskólum sem reknir eru af ríkinu.

Ársæll útskýrir að í undirbúningsvinnu fyrir skólastarfið hafi verið leitast við að móta það heildrænt og einn liður í því er verkefni sem kennt er við Borgarfjarðarbrúna en að því koma grunnskólar á svæðinu ásamt nýja menntaskólanum og menntamálaráðuneytinu. „Við ætlum að nýta þetta tækifæri og koma með nýja hugsun inn í skólastarfið og vinnum að því að samræma kennsluhætti og áherslur frá byrjun grunnskóla til loka framhaldsskólans.“ Frumkvæðið segir Ársæll vera komið frá grunnskólunum en vilji sé til að brúa bilið sem hefur verið milli grunn- og framhaldsskólastigsins og lofa nemendum og starfsemi að flæða þar á milli. Þannig muni nemendur í menntaskólanum einnig geta sótt námskeið á vegum háskólanna á svæðinu.

**kristrun@frettabladid.is**



*Ástkær sonur okkar, bróðir, unnusti og faðir,*

**Benedikt Ingi Ármannsson,**

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju fimmtudaginn 12. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Félag ábyrgra feðra, Rn. 515-26-6209, kt. 620997-2779.

**Ármann H. Benediktsson** **Elín Ebba Gunnarsdóttir**
**Erna Karen Stefánsdóttir** **Jón Óskar Þórhallsson**
**Dóra Steinunn Ármannsdóttir** **Magnús Birgisson**
**Ármann Ingvi Ármannsson**
**Ásthildur Erlingsdóttir**
**Ísabella Ronja Benediktsdóttir**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Magnea Katrín Bjarnadóttir**

frá Bjarnastöðum, Heiðargerði 6, Akranesi,

verður jarðsungin frá Akraneskirkju miðvikudaginn 11. apríl kl. 14.

**Benedikt Bjarnason**
**Guðrún Stefanía Bjarnadóttir**
**Halldór Bjarnason** **Elín Hannesdóttir**
**ömmubörn og langömmubarn.**




Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

*Fallegir legsteinar á góðu verði*



**Englasteinar**

Helluhrauni 10 Hafnarfirði

Sími: 565-2566

www.englasteinar.is




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

ftr.
FÉLAG TÆKNIFÓLKS Í RAFIÐNAÐI

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði verður haldinn þann 16. apríl kl. 18 að Stórhöfða 31 110 R.
Gengið er inn að norðanverðu (Grafarvogsmegin)

Dagskrá:

1. Kosningar
2. Kosning fulltrúa á RSÍ þing
3. Venjuleg aðalfundarstörf
4. Önnur mál

Stjórn FTR

...þitt félag!

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



Hey!

Spænir og hör færðu í Húsasmiðjunni Ögurhvarfi*
ásamt úrvali af öðrum vörum fyrir hestamanninn

* Hestavörur fást einnig í völdum verslunum um land allt

HÚSASMIÐJAN ...ekkert mál

## STUÐ MILLI STRÍÐA Á vit eldhnatta og ævintýra

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR ÞUSAR ENN UM ÞJÓNUSTUFÓLK



Í ljósi síðasta pistils míns, um kurteisi og ókurteisi afgreiðslufólks, finnst mér ekki úr vegi að kafa aðeins ofan í eigin reynslu af þjónustustörfum. Á þjónaferli mínum hef ég gengið í gegnum þolraunir á borð við að vera læst inni í útigeymslu, fá bjórkút í andlitið (innihaldið, nóta bene) og vera beðin lengstra, og ljótastra, orða að pilla mig til Kólumbíu þar sem eiturlyfjahyski eins og ég ætti heima.

Fyrsta næturvaktin mín á barnum sem varð sú síðasta á ferilsskrá minni komst á spjöld sögunnar fyrir tilþrif mín í samræmum við síðhærðan Norðmann. Lokkaprúði maðurinn var svo heillaður af framtakssemi minni á bak við barinn að hann hreinlega lá fram á borðið. Ég laut fram til að bjóða honum fagmannlega aðstoð mína og átti við hann orðastað sem ég skildi lítið af. Sökum tregðu minnar laut hann enn lengra yfir borðið, með þeim afleiðingum að mittissítt hárið lagðist ofan í kerti á borðinu, og breyttist fyrirvaralaust í eldhnött. Hversu mikið hársprey maðurinn hefur notað veit ég ekki, en hitt er víst að haddurinn fuðraði upp með látum. Maðurinn lokkaprúði gerði sér þó lítið fyrir, reytti af sér sviðið hárið og bað mig vinsamlega að henda því fyrir sig. Því næst setti hann afganginn, sem nú var um hálfur haus, í tagl og hélt út á dansgólfið. Sjálf stóð ég enn með sviðna lokkana í höndunum þegar öryggisverðirnir komu á staðinn vegna hávaða í brunavarnarkerfinu. Ég uppskar ekki mikinn skilning þegar ég reyndi að útskýra hver eldsupptökin væru.

Af Norðmanninum hefur ekki spurst síðan, en hann var bara sá fyrsti af þeim ólíkindatólum sem ég átti eftir að kynnast. Enn sem komið er hefur ekkert annað starf mitt leitt mig á vit jafnskemmtilegra ævintýra. Eins hef ég hvergi fyrirhitt jafn mikla leiðindapúka og á þessum umrædda stað. Kurteist afgreiðslufólk er möst, en það þarf líka að vera kurteis við afgreiðslufólk. Það lendir í ólýsanlegustu hremmingum á hverjum degi.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





# Minkaveiðiátak

## Skotveiðifélags Íslands
## 2007 og 2008

Minkurinn er mikill vágestur í íslenskri náttúru. Frá því að minkurinn var fluttur hingað til lands árið 1931 hefur hann stöðugt numið land á nýjum stöðum. Þrátt fyrir að gríðarlegum fjárhæðum hafi verið varið til að útrýma mink eða halda honum í skefjum hefur það ekki borið tilætlaðan árangur. Þess vegna er nauðsynlegt að herða enn baráttuna gegn minkinum. Þátttaka í átakinu er öllum heimil. Tilgangur átaksins er að veiða eins marga minka og unnt er á ári hverju og halda með því stofninum í skefjum og helst að útrýma honum alveg, í það minnsta á viðkvæmum stöðum í íslenskri náttúru.

### Skipulag átaksins er eftirfarandi:

Íslendingar eru hvattir til að veiða mink. Þegar minkurinn hefur verið veiddur er tekin mynd af bráðinni og veiðimanninum og hún send til Skotveiðifélags Íslands, helst með tölvupósti til skotvis@skotvis.is eða í pósti til:



Skotveiðifélag Íslands
Holtagerði 32
200 Kópavogur



Einnig má senda skriflegt vottorð þar sem aðili sem náð hefur lögaldri vottar að viðkomandi hafi veitt minkinn. Með myndinni eða vottorðinu þurfa að fylgja eftirfarandi upplýsingar: Nafn veiðimanns og kennitala, heimilisfang, sími og tölvupóstfang. Þá þurfa að fylgja upplýsingar um það hvar minkurinn var veiddur, þ.e. sveitarfélag og staður. Þá þarf að tilgreina veiðiaðferð þ.e.a.s. hvort minkurinn var veiddur með skotvopni, í gildru eða með hundi.

### Verðlaun

Hver sá sem veiðir mink og sendir Skotvís mynd eða vottorð fær að launum fallega barmnælu með mynd af minki.

**Átakinu er skipt í þrjá þætti:**

a) Veiðar með skotvopni
b) Veiðar í gildru
c) Veiðar með hundi

Nöfn allra þeirra sem veiða mink fara í pott sem dregið verður úr 1. desember 2007 og 1. desember 2008.
Flokkarnir sem verðlaun verða veitt fyrir eru þrír og verða þrenn verðlaun veitt í hverjum flokki:

**Veiðar með skotvopni:**
1. Riffill af gerðinni Brno cal. 22LR með sjónauka og tösku
2. Úttekt í versluninni Ellingsen fyrir kr. 20.000
3. Bókin „Íslensk spendýr"

**Veiðar í gildru:**
1. Farmiði fyrir tvo til Kaupmannahafnar með Flugleiðum
2. Úttekt í versluninni Hlað fyrir kr. 20.000
3. Bókin „Íslensk spendýr"

**Veiðar með hundi:**
1. Videovél af gerðinni Canon MVX4i
2. Úttekt í versluninni Veiðihornið fyrir kr. 20.000
3. Bókin „Íslensk spendýr"

### Allir geta tekið þátt

Allir geta tekið þátt í þessu þjóðþrifaátaki án tillits til aldurs eða búetu. Ekki þarf veiðikort til að stunda veiðar á minki með gildru eða hundi. Sé skotvopn notað við veiðarnar þarf viðkomandi vitaskuld að hafa skotvopnaleyfi. Eftirtalin atriði eru þó afar áríðandi: Brýnt er að börn undir 16 ára aldri stundi ekki veiðar á minki nema í fylgd með fullorðnum.
Skotveiðifélag Íslands vill þó taka það skýrt fram að minkaveiðar unglinga undir 18 ára aldri eru alfarið á ábyrgð foreldra eða forráðamanna. Þá ber minkaveiðimönnum að virða eignarrétt landeigenda. Minkaveiðar eru því óheimilar á landi í einkaeigu nema með leyfi landeigenda.

**Nánari upplýsingar á www.skotvis.is**

SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
Landssamtök um skynsamlega skotveiði



ABBABABB!

eftir Dr. Gunna

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

Sun 15. apríl kl. 14.00 örfá sæti laus
Sun 15. apríl kl. 17.00 laus sæti
Sun 22. apríl kl. 14.00 og 17.00, laus sæti

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is



CAVALLERIA RUSTICANA

eftir PIETRO MASCAGNI
2. sýn: Mið. 11. apríl kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
3. sýn: Lau. 14. apríl kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
4. sýn: Sun. 15. apríl kl. 17- ÖRFÁ SÆTI LAUS

Elín Ósk Óskarsdóttir
Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Ólafur Kjartan Sigurðarson
Hörn Hrafnsdóttir Þórunn Stefánsdóttir

SAMSTARFSVERKEFNI ÍSLENSKU ÓPERUNNAR OG ÓPERUKÓRS HAFNARFJARÐAR

TILFINNINGASÚPA Í HÁDEGINU
HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRIÐJUDAGINN 17. APRÍL KL. 12.15
Sigríður Aðalsteinsdóttir, mezzósópran og Helga Bryndís Magnúsdóttir, píanó, flytja þýsk og frönsk ljóð.
Miðaverð kr. 1.000.-

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Stóra sviðið kl. 20:00

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 nokkur sæti laus**, sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus,** sun. 29/4 kl. 14:00.
Sýningum lýkur í apríl!

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fim. 12/4 **örfá sæti laus,** fös. 13/4 **örfá sæti laus,** lau. 14/4 **örfá sæti laus**, fim. 19/4, fös. 20/4 **örfá sæti laus,** lau. 21/4 **nokkur sæti laus,** fim. 26/4, fös. 27/4 **örfá sæti laus lau. 28/4,fös. 4/4, lau. 5/4.**
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.

**CYMBELINE** eftir Shakespeare - gestaleikur í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 **örfá sæti laus**, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus,** fös. 18/5.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

**Hálsfesti Helenu** eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 14/4 uppselt, sun. 15/4 uppselt, fös. 21/4 **örfá sæti laus**, fös. 27/4.

Kassinn

**HJÓNABANDSGLÆPIR** eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Frumsýning mið. 18/4 uppselt, fim. 19/4 uppselt, fös. 20/4 **örfá sæti laus,** lau. 21/4 **örfá sæti laus,** fim. 26/4 **örfá sæti laus,** fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 **örfá sæti laus,** sun. 29/4 **örfá sæti laus,** fim. 3/5 uppselt, fös. 4/5 **örfá sæti laus,** lau. 5/5 **örfá sæti laus,** sun. 6/5 **örfá sæti laus.** sun. 13/5, fös. 18/5.

Kúlan

**MJALLHVÍT** Brúðusýning Helgu Arnalds.
Lau. 14/4 kl. 15:00, sun. 15/4 kl. 15:00, fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.

**GERSEMAR GÆRDAGSINS** Gestasýning frá Turak leikhópnum í Frakklandi.
Mán. 16/4 kl. 20:00 örfá sæti laus.

Afgreiðslan er opin frá kl. 12:30 til kl. 18:00 á mánudögum og þriðjudögum. Aðra daga frá kl. 12:30 til 20:00.

Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is

Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!



„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN"
GRETTIR

SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20 Miðaverð 3.900

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 15/4 kl. 20 Fim 3/5 kl. 20
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 15/4 kl.20 Þri 17/4 kl. 20
Fim 19/4 kl. 20 Þri 24/4 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl. 14 UPPS.
Mán 16/4 kl.21 UPPS. Fim 19/4 kl. 14 UPPS.
Fim 19/4 kl. 17 UPPS. Fim 19/4 kl. 21 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS. Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Fim 10/5 kl. 20 UPPS. Fim 10/5 kl. 22:30
Þri 29/5 kl. 20 Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 Lau 2/6 kl. 22:30

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl.20 UPPS.
Mán 16/4 kl. 20 UPPS. Fös 20/4 kl. 20 UPPS.
Lau 21/4 kl.20 UPPS. Sun 22/4 kl.20 UPPS.
Mið 25/4 kl. 20 UPPS. Lau 28/4 kl. 20 UPPS.
Sun 29/4 kl. 20 UPPS. Fim 3/5kl.20
Sun 6/5 kl. 20 Fim 10/5 kl. 20
Fös 11/5 kl. 20 Lau 12/5 kl. 20

OPNUNARTÍMI MIÐASÖLU
Miðasalan er lokuð frá fös 6/4 til lau 14/4.
Miðasala á netinu allan sólarhringinn

DAGUR VONAR
Mið 18/4 kl. 20 UPPS. Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20
Fös 4/5 kl. 20 Mið 16/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORS.UPPS.
Lau 21/4 kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Lau 14/4 kl. 20 Fös 20/4 kl. 20
Lau 21/4 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Þri 17/4 kl. 20 AUKAS.
Mið 2/5 kl. 20 AUKAS.
Lau 5/5 kl. 20 AUKAS.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ


! **Kl. 13.00**
*Myndlistarmennirnir Sirra Sigrún Sigurðardóttir og Guðrún Benónýsdóttir sýna í Nýlistasafninu við Laugaveg. Á sýningunni Fata Morgana eru innsetningar eftir báðar listakonurnar. Sýningin er opin milli kl. 13-17.*



## >Ekki missa af...

óperunni **Viröld fláa** eftir Hafliða **Hallgrímsson** á **Listahátíð**. Sinfóníuhljómsveit Íslands og átta einsöngvarar flytja óperu Hafliða á tónleikum um miðjan maí en verkið byggir hann á smásögum rússneska framúrstefnuhöfundarins **Daniil Kharms**. Hljómsveitarstjóri er **André de Ridder**.

# menning

menning@frettabladid.is

# Blásið í kirkjunni

Það er fríspilið sem ræður ríkjum á Fríkirkjuveginum í kvöld en þar mun þýski blásarinn Axel Dörner koma fram í tónleikaröð sem kennd er við hinn séríslenska rétt kokteilsósu.

Það er þýski trompetleikarinn Axel Dörner sem treður upp á tónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík, en hann er í fremstu víglínu spunatónlistarmanna og hefur vakið heimsathygli fyrir nýstárlega og frumlega nálgun á hljóðfæri sitt. Hann fékk nýverið hin virtu tónlistarverðlaun SWR útvarpsins í Þýskalandi. Hann hefur komið fram með fjölda listamanna, svo sem Keith Rowe, Tom Cora, Mats Gustavsson, Alexander von Slippenbach, Ken Vandermark og Kevin Drumm. Axel býr í Berlín en leikur jöfnum höndum í Norður- og Suður Ameríku, Ástralíu og Japan, ásamt Evrópu.



**TÓNLIST** Blásarinn ungi frá Berlín blæs á Fríkirkjuvegi í kvöld

Spunalistin er aftur að ryðja sér til rúms í tónlistarlífi borgarinnar eftir nokkra fjarveru en það þykir mikill hugur í spunamönnum sem treysta sér til að troða upp einir. Axel ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og mun koma fram einn síns liðs, nokkuð sem ekki er á færi allra trompetleikara. Tónmál hans og spilatækni þykja einstök, en hann reiðir sig á aðferðir sem eru gjarnan sjálfsprottnar og óvenjulegar. Koma hans til Íslands er mikill fengur fyrir unnendur framsækinnar tónlistar sem og djassáhugamenn, segir í fréttatilkynningu Kokteilsósunnar.

Á tónleikunum kemur einnig fram Nýlókórinn sem flytur þrjú glæný tónverk eftir þá Áka Ásgeirsson, Pál Ivan Pálsson og Þorkel Atlason. Nýlókórinn mun vera einn sveigjanlegasti og frumlegasti kór landsins og auk þess að nota röddina til hins ýtrasta munu kórmeðlimir meðal annars leika á dómaraflautur og tannbursta.

Tónleikarnir eru liður í tónleikasyrpunni Kokteilsósa en í þeirri röð hafa margir tónleikar framsækinna tónlistarmanna á borð við Fred Frith, Hestbak, Andrew D'Angelo og Noah Phillips farið fram.

Forsala aðgöngumiða er á www.midi.is og svo við innganginn.

- pbb



**MARGBLENDINN** Innlendir og erlendir snúðar munu taka snúning á tónsmíðum Tómasar R. Einarssonar.

# Sveifla í blandara

Hljómdiskurinn ROMM TOMM TOMM vakti verðskuldaða athygli í fyrra en þar leikur latínsveit Tómasar R. Einarssonar tónsmíðar höfuðpaurs síns af stakri prýði.

Nú berast fregnir af því að íslenskir og erlendir raftónlistarmenn og plötusnúðar hyggist endurhljóðblanda lög af latíndiskum Tómasar. Auk ROMM TOMM TOMM hefur Tómas gefið út tvær aðrar latíndjassplötur en sú nýjasta er raunar fjórtánda platan sem geymir tónsmíðar Tómasar enda hefur hann starfað sem kontrabassaleikari og djasstónskáld um árabil. Meðal þeirra listamanna sem orðaðir eru við þessa latnesku blöndun eru félagar úr hljómsveitunum Gus Gus og Trabant en verkið er væntanlegt í hillur verslana með haustinu.

Latínsveitin sjálf heldur hins vegar tónleika á Café Rósenberg í Lækjargötu í kvöld og leikur þar velvalda tóna af ROMM TOMM TOMM. Auk bassaleikarans Tómasar skipa sveitina Kjartan Hákonarson trompet, Óskar Guðjónsson saxófón, Samúel J. Samúelsson básúnu, Ómar Guðjónsson gítar og Matthías M.D. Hemstock trommur.

Tónleikarnir hefjast kl. 22.


ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Vesturport

Í samstarfi við Vesturport
14. apríl - Uppselt
15. apríl Uppselt
21. apríl Uppselt
25. apríl Uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is





Norræna húsið og sænska sendiráðið efna til málþings og pallborðsumræðna í tilefni aldarafmælis Astrid Lindgren



"Réttur barna til foreldra"
Norræna húsið fimmtudag 12. april kl 14:00

Dagskrá og frummælendur

*Inngangsorð:*
*Madeleine Ströje Wilkens sendiherra Svíþjóðar*

*Frummælendur:*
*Frú Vigdís Finnbogadóttir*
*Lena Nyberg umboðsmaður barna í Svíþjóð*
*Ingibjörg Rafnar umboðsmaður barna á Íslandi*

*Kaffihlé*
*Vigdís Erlendsdóttir forstöðumaður Barnahúss*
*Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur*

*Pallborðsumræður:*
*Lena Nyberg, Ingibjörg Rafnar, Vigdís Erlendsdóttir, Madeleine Ströje Wilkens og Kristín Helga Gunnarsdóttir.*

*Fundarstjóri: Valgeir Guðjónsson*

*Léttar veitingar að fundi loknum*

*Enginn aðgangseyrir*



Astrid Lindgren



Draumalandið
*eftir Andra Snæ Magnason*

**14. apr** lau 8 sýning **kl. 20**
**20. apr** fös 9 sýning **kl. 20**
**21. apr** lau 10 sýning **kl. 20**

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

# Dívurnar á Domo í kvöld

Fjórar söngkonur leggjast á eitt og efna til flugeldasýningar í kjallaranum í Þingholtsstræti 5 í kvöld. Þær Margrét Eir, Hera Björk, Regína Ósk og Heiða Ólafsdóttir eru ekki aðeins systur í faginu, allar menntaðar söngkonur og starfandi sem slíkar, heldur eru þær einnig góðar vinkonur sem lengi hefur dreymt um að troða upp saman.

Draumur sá verður að veruleika í kvöld og munu dívurnar flytja sín hjartans lög með sínum hætti. „Þetta verður svolítið rokk og ról, svona stór lög í bland við þau litlu – sem verða náttúrlega stór þegar við flytjum þau,“ segir Margrét Eir sposk. Þannig munu þær, með liðsinni hins marghæfa tónlistarmanns Karls Olgeirssonar, gefa gömlum poppsmellum nýtt líf og má vera að þær sýni hinum útspiluðu Kryddpíum hvar Davíð keypti ölið.

Það verða því dramatískir dúettar, stjörnusóló og fagmannlegur fjórsöngur á Domo í kvöld.



**HAFA LAUMAST Í KARÓKÍ SAMAN** Söng- og vinkonurnar Hera Björk, Margrét Eir, Regína Ósk og Heiða halda sína fyrstu sameiginlegu tónleika.

# Franskir tónar

Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og bandaríski píanóleikarinn John Robilette leika á Tíbrár-tónleikum í Salnum í kvöld.

Samstarf þeirra tveggja kom til af því að Robilette hreifst af leik Hallfríðar á einleikstónleikum sem hún hélt í Washington á fyrra ári og lýsti miklum áhuga á að leika með henni. Frönsk tónlist var efst á óskalistanum, bæði hin fræga Poulenc-sónata og Fantasían eftir Fauré, en þó sérstaklega hin safaríka sónata Césars Franck, sem upphaflega er samin fyrir fiðlu, en er ekki síður vinsæl á efnisskrá flautuleikara. Auk þessara verka leikur John Robilette píanóverk eftir Ignace Jan Paderewski, Chopin og Saint-Saëns og Hallfríður leikur Passacagliu eftir Ernst von Dohnanyi, sannkallað virtúósastykki fyrir einleiksflautu.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.



**HALLFRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR FLAUTULEIKARI**

## NÝJAR BÆKUR

Hjá Máli og menningu er komin út bókin Svona varð ég til eftir Katerina Janouch og Mervi Lindman. Sigþrúður Gunnarsdóttir þýddi. Flestir krakkar spyrja sig einhvern tíma spurninga á borð við: Hvernig verða börnin eiginlega til? Er það satt að öll börn verði til úr frumu og eggi? Hafa allir verið í maganum á mömmu sinni og hvað gerist þar inni í níu langa mánuði? Hvað stjórnar því hvort barn verður stelpa eða strákur? Hvernig kemst barnið svo út úr maganum? Í þessari bók er þessum spurningum og mörgum öðrum svarað á einkar líflegan og skemmtilegan hátt í máli og myndum.




Hjá Vöku-Helgafelli er komin út að nýju bókin Franskbrauð með sultu eftir Kristínu Steinsdóttur með myndum eftir Brian Pilkington. Tuttugu ár eru síðan bókin kom fyrst út en fyrir hana hlaut Kristín Íslensku barnabókaverðlaunin vorið 1987. Lilla er nýorðin tíu ára og ætlar að dvelja sumarlangt hjá ömmu sinni og afa í litlum kaupstað austur á fjörðum. Í fyrstu er hún feimin og vondauf um að sumarið verði skemmtilegt en annað kemur á daginn. Fljótlega eignast hún fjölda vina og dregst inn í leiki og ævintýri krakkanna í þorpinu. Í þessari skemmtilegu sögu flytur Kristín Steinsdóttir lesendur sína inn í fjörugt kaupstaðarlíf sumarið 1955 þegar Tarzan er sýndur í þrjúbíó og síldin ræður lögum og lofum. Franskbrauð með sultu var fyrsta barnabók Kristínar Steinsdóttur sem síðan hefur sent frá sér fjölmargar bækur fyrir alla aldurshópa. Fyrir bók sína Engill í vesturbænum hlaut hún Norrænu barnabókaverðlaunin, Vestnorrænu barna- og unglingabókaverðlaunin og Barnabókaverðlaun fræðsluráðs Reykjavíkur.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

8 9 10 **11** 12 13 14

**Miðvikudagur**

### FYRIRLESTRAR

12.05 **Ástvaldur Ástvaldsson**, prófessor við **Háskólann** í **Liverpool**, heldur erindi á vegum **Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.** Erindi hans fjallar um fjallar um hvernig sumir rithöfundar í Rómönsku Ameríku hafa reynt að endurskapa fortíðina í túlkun sinni á mýtum og landslagi frumbyggja. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku í stofu 103 í Lögbergi.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.





# Þjóðin veit hvað hún vill

**Fréttablaðið eykur forskotið**

**Auglýsendur athugið.** Nýjasta lestrarkönnun Capacent sýnir að **bilið milli Fréttablaðsins og annarra dagblaða eykst svo um munar**. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

Fíton/SÍA

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Fjölbreyttar tilnefningar í Dúllu ársins

Keppendur í þriðju árlegu keppninni um Dúllu ársins eru margbreytilegir. Á meðal þeirra má til dæmis finna lögregluhundinn Bassa, Mahmoud Ahmadinejad, forseta Írans, Kristínu Ingólfsdóttur, rektor Háskóla Íslands, karakterinn Random Þorláksson og Konráð Jónsson, skapara keppninnar sjálfrar.

Keppnin hóf göngu sína árið 2005 sem nokkurs konar brandari, að sögn Konráðs. „Ég birti lista yfir átta manns sem áttu það sameiginlegt að vera ekki þekktir fyrir sérstakan dúlluleika, svona í hefðbundnum skilningi þess orðs.

Hugtakið verður mun víðtækara í þessari keppni,“ útskýrði Konráð. Eftir útsláttarkeppni á milli para stóð Þórarinn V. Þórarinsson uppi sem sigurvegari. Í fyrra hlaut hins vegar nýfædd bróðurdóttir Konráðs, Matthildur Elín Gunnlaugsdóttir, titilinn eftirsótta, þó að annar keppandi hefði hlotið flest atkvæða. „Það var Random Þorláksson. Hann er mjög vinsæll karakter, settur saman úr Sigga Sigurjóns, Randveri Þorlákssyni og Júlíusi Brjánssyni,“ sagði Konráð.

Keppnin í ár er með sama sniði og í fyrra, þegar Konráð tók á móti tilnefningum frá lesendum. „Það var ekki ég sem tilnefndi mig,“ sagði hann sposkur. „Á páskadag setti ég af stað kosningu um hverjir komast í útsláttarkeppnina. Svo set ég þrjátíu og tveggja dúllna úrslit af stað von bráðar,“ sagði Konráð. Listi yfir tilnefnda má finna á slóðinni blogg.kj.is/dullan, og er hverjum sem er velkomið að kjósa.

- sun


**SIGURSTRANGLEGUR?** Lögregluhundurinn Bassi er meðal þeirra sem keppa um titilinn Dúlla ársins 2007.


**DÚLLULEGUR** Konráð Jónsson, skapari keppninnar um Dúllu ársins, er sjálfur tilnefndur í ár.


**EKKI VINSÆL** Foreldrar Arun Nayer eru ekki par hrifnir af framgöngu sonarins og Elizabeth Hurley í nýafstöðnum brúðkaupsveislum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Í ónáð hjá tengdafólki

Elizabeth Hurley og nýbakaður eiginmaður hennar, Arun Nayer, eru í ónáð hjá foreldrum Nayers. Í viðtali við blaðið Mirror segja foreldrar hans að þeim þyki hjónakornin hafa komið illa fram við sig. „Mér finnst að Liz og Arun hafi hegðað sér svívirðilega,“ sagði faðir Arun. Þau hafi lagt meiri áherslu á að monta sig af ríkidæmi sínu í brúðkaupsveislunum, en á fjölskylduna. Vinod Nayer segir son sinn og Hurley hafa látið þeim hjónum líða eins og hornrekum og þau hafi fyrir vikið ekki samskipti við þau lengur.

Hurley og Nayer héldu veislur bæði í Englandi og á Indlandi. Á gestalistanum voru stjörnur á borð við Elton John, Tom Ford og Elle McPherson.

# Stórstjörnur á umhverfistónleikum


**MADONNA** Er ein þeirra sem hyggjast syngja á nývígðum Wembley. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**Það eru ekki bara félagarnir Leonardo DiCaprio og ísbjarnarunginn Knútur sem sýna umhverfismálum mikinn áhuga. Fyrirhugað er að halda sjö stórtónleika í jafnmörgum borgum þann 7. júlí undir nafninu Live Earth þar sem margar af helstu stórstjörnum tónlistarheimsins troða upp.**

Fréttavefur BBC greinir frá þessu en meðal þeirra sem munu koma fram á hinum glæsilega og nývígða Wembley-leikvangi verða Madonna, Genesis, Red Hot Chilli Peppers og Duran Duran. Tónleikarnir í Bandaríkjunum verða síðan í New Jersey þar sem fellibylurinn Katrína reið yfir en að mati sumra var styrkur Katrínu til marks um miklar loftslagsbreytingar sem ættu sér stað í heiminum. Þar munu sveitir á borð við The Police, Kanye West og Bon Jovi troða upp auk The Smashing Pumpkins. Samkvæmt BBC á enn eftir að tilkynna um fleiri tónlistarmenn sem ætla að koma fram en tónleikarnir verða sýndir beint út um allan heim.

Fyrrum varaforseti Bandaríkjanna, Al Gore, er einn þeirra sem koma að skipulagningu tónleikanna og sagðist hann vonast til að tónleikarnir myndu draga að yfir milljarð áhorfenda. „Við trúum því að Live Earth muni verða upphafið að alheimsbaráttu þar sem sameinaðir jarðarbúar munu berjast gegn loftslagsbreytingum,“ lýsti Gore yfir en kvikmynd hans um loftslagsbreytingar, An Inconvenient Truth, hefur farið sigurför um heiminn.


**PINK FLOYD** Sveitin goðsagnakennda er meðal þeirra sem troða upp á Live Earth.


**KANYE WEST** Rapparinn vinsæli hyggst leggja sitt af mörkum í New Jersey.




# Stuð á Aldrei fór ég suður

**Vegur tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður eykst ár frá ári. Fjöldi tónlistarmanna tók þátt í hátíðarhöldunum í ár, og enn fleiri nutu tónleikanna sem engan endi ætluðu að taka.**


**ENGINN Í MÍNUS** Krummi í Mínus átti athygli tónleikagesta óskipta þegar sveitin tróð upp á föstudagskvöldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON


**HÁTÍÐ ALÞÝÐUNNAR** Tónleikagestir voru á öllum aldri, þó að þessir hljóti að hafa verið í yngri kantinum.


**DKDK** Bogomil Font og Flís tóku á öllu sínu á sviðinu, og það er ekki annað að sjá en að vel hafi farið á með þeim Sigtryggi Baldurssyni og Helga Svavari Helgasyni utan sviðsins líka.


**ROKK MEÐ SPOCK** Ekki dofnaði yfir áheyrendum þegar Dr. Spock steig á stokk á laugardegi, eins og sjá má.

# Frábær tilboð

## Öll raftæki fást í Smáralind. Takmarkað magn í öðrum verslunum

### Enox 32” LCD sjónvarp

- 32” LCD sjónvarp
- HD Ready
- Upplausn 1366x768
- Svartími 8ms
- Skerpa 1000.1
- Textavarp 1000 síðna minni
- 2 x scart, HDMI, RCA tengi
- 2 x 30w magnari










### Akai HD 26” LCD sjónvarp

• Upplausn: 1366x768 punktar • Progressive scan • Skerpa: 600:1 og svartími: 12ms • Birtustig: 500 cd/m2 • Digital comb filter og noise filter • Fjölkerfa DVD spilari • Spilar DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG • 16w nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart (með RGB), Component, SVHS og heyrnartólstengi • Digital coax útgangur • VGA og DVI tengi (styður XGA) • Borðstandur fylgir




### United HD 27” LCD sjónvarp

- Upplausn 1280x720 punktar • Progressive scan
- HD ready • 2x6w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring
- Borðstandur fylgir




### Philips HD 20” LCD sjónvarp

- Upplausn: 640x480 punktar • Crystal clear og progressive Scan
- Skerpa: 500:1 og svartími: 16ms
- Sjónsvið (H/V): 160/120° og birtustig: 450 cd/m2
- 20w stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- DVI-i tengi (styður VGA, XGA) • Borðstandur fylgir




### Philips HD 42” LCD sjónvarp

• Upplausn: 1366x768 punktar • Digital crystal clear og Progressive scan • HD ready • Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 550 cd/m2
- Ljósskynjari og active control - minnkar glampa
- 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni • Borðstandur fylgir




### Philips HD 37” LCD sjónvarp

• Upplausn: 1366x768 punktar • Digital crystal clear og progressive scan • HD ready • Skerpa: 1.200:1 og svartími: 8ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 500 cd/m2
• Ljósskynjari og active control - minnkar glampa • 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • PC tenging í gegnum HDMI
• Borðstandur fylgir




### Dantax HD 32” LCD sjónvarp

- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive scan
- Skerpa: 1.000:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 550 cd/m2
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), HDMI, Component og heyrnartólstengi
- Borðstandur fylgir

Gildir til 18. apríl eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla







## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Scarlett Johanson** sagðist nýlega vera hamingjusamlega á lausu og að hún væri ekki að leita sér að kærasta. Það ástand hennar entist ekki lengi, því um páskana sást til stjörnunnar í kossaflensi við kanadíska leikarann **Ryan Reynolds**. Parið sást haldast í hendur og snæða saman kvöldverð þrjú kvöld í röð í New York. Frægðarstjarna Reynolds rís nú hratt í Hollywood, en hann er fyrrum kærasti kanadísku tónlistarkonunnar **Alanis Morrisette**. Þau slitu trúlofun sinni í febrúar í ár.



Tónlistarmaðurinn **Usher** bætist nú í ört stækkandi hóp stjarna sem eiga ilmvötn sem heita eftir þeim. Hann hefur skrifað undir samning við Liz Claiborne Cosmetics um framleiðslu ilmvatns með nafni hans, en það mun vera væntanlegt í hillurnar í september. Stjörnur á borð við **Jennifer Lopez**, **Paris Hilton**, **Naomi Campbell** og **Beckham**-hjúin hafa áður framleitt ilmi með góðum árangri.

# Góðir dómar ytra

Hljómsveitin Evil Madness hefur fengið góða dóma í tónlistartímaritum vítt og breitt að undanförnu. Meðal þeirra sem hafa gefið plötunni góða umsögn er þýska tónlistartímaritið De-bug, helsta raftónlistartímarit Þýskalands, sem gaf plötunni fullt hús, fimm stjörnur af fimm mögulegum og Gaffa, stærsta tónlistartímarit Danmerkur, sem gaf plötunni fjórar stjörnur af sex. Gaffa sagði plötuna vera dimman og ágengan bræðing af hliðrænum mínimalisma hljómsveitarinnar Kraftwerk, myrkri „ambient“ tónlist Aphex Twin og gamalli hryllingsmyndatónlist.

„Við erum mjög ánægðir með þessi viðbrögð,“ segir Sigtryggur Berg Sigmarsson, Stilluppsteypumeðlimur og liðsmaður Evil Madness. „Annars erum við bara að vinna í nýrri plötu sem mun heita Doktor Diablo, það er konseptplata tileinkuð ítalska tónlistarmanninum Carlo Gesualdo. Svo stendur jafnvel til að spila eitthvað erlendis í sumar, en það er enn í vinnslu.“



**SIGTRYGGUR BERG** Segir liðsmenn Evil Madness ánægða með viðbrögðin að utan.

Hljómsveitin samanstendur af meðlimum hljómsveitarinnar Stilluppsteypu og tónlistarmönnunum Jóhanni Jóhannssyni, Pétri Eyvindssyni, betur þekktum sem DJ Musician, Curver, öðrum helmingi Ghostigital og sænska óhljóða tónlistarmanninum BJ Nilsen.

Platan sem um ræðir heitir Demon Jukebox og kom út á síðasta ári hjá útgáfufyrirtækinu 12 Tónum.

- jar












**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BECAUSE I SAID SO | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | Leyfð | THE GOOD GERMAN | kl. 8 | B.i.16 |
| MRS POTTER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | TELL NO ONE | kl. 5:40 | |
| WILD HOGS | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | b.i 7 | LADY CHATTERLEY | kl. 8 | |
| 300. | kl. 10:20 | B.i.16 | HORS DE PRIX | kl. 5:50 | |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | Leyfð | WILD HOGS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | b.i 7 |
| MR. BEAN VIP | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | | 300. | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 |
| HOT FUZZ | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð |
| ROBINSON F... M/- ÍSL TAL | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 3:40 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ROBINSON FJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET THE ROBINSSON ENSKU Tali | kl. 8:10 - 10:20 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| BECAUSE I SAID SO | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | |
| 300. | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | DIGITAL |
| NORBIT | kl. 5:50 | Leyfð | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 8 - 10 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl. 8 | Leyfð |
| THE HITCHER | kl. 10:10 | B.i. 16 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| 300 - SÍÐUSTU SÝNINGAR! | kl. 10 | B.i. 16 |
| MEET THE ROBINSSON | kl. 6 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl. 8 - 10 | Leyfð |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is


# Nýr og spennandi hljómur

**Björk Guðmundsdóttir kynnti lög af nýrri breiðskífu sinni í Höllinni annan í páskum. Tónleikarnir heppnuðust vel að mati Trausta Júlíussonar gagnrýnanda.**



Ég verð að viðurkenna að mér létti að sjá að Laugardalshöllin var næstum því troðfull þegar Björk steig á svið ásamt nýju hljómsveitinni sinni á mánudagskvöldið. Miðasala hafði farið frekar rólega af stað (að minnsta kosti ef við miðum við fyrirbæri eins og Rockstar-pakkann eða Josh Groban …) og það hefði bara verið synd ef landsmenn hefðu ekki áttað sig á því hvað þetta var merkilegur viðburður.

Í fyrsta lagi voru þetta fyrstu stórtónleikar Bjarkar hér á landi síðan í desember 2001 og í öðru lagi voru þetta fyrstu tónleikar hennar með nýrri hljómsveit og opinber frumflutningur á lögum af væntanlegri plötu, Volta.

Björk hefur lengi notast við tölvur og raftól í tónlist sinni. Tónleikarnir á mánudagskvöldið voru engin undantekning hvað það varðar, en að öðru leyti var hljóðfæraskipan mjög breytt frá því sem verið hefur. Mark Bell og Damian Taylor sáu um elektróníkina, en í stað hörpunnar og strengjasveitarinnar sem hafa verið áberandi á tónleikum Bjarkar síðustu ár voru komnir trommuleikarinn Chris Corsano, Jónas Sen sem spilaði á rafmagnsorgel og píanó og tíu stúlkna lúðrasveit. Ótrúlega spennandi uppstilling!

Tónleikarnir fóru rólega af stað. Fyrsta lagið var Hunter og síðan kom Pagan Poetry í mjög breyttri útgáfu og þá Unravel. Fyrsti hápunkturinn kom þegar Antony úr Antony & the Johnsons mætti á svæðið og söng með Björk í einu af nýju lögunum. Frábært lag og frábær flutningur sem salurinn fagnaði innilega. Fleiri gamlir smellir fengu nýja áferð: All Is Full Of Love (frábær útgáfa), Oceania, The Pleasure Is All Mine og svo Vökuró sem Björk söng við undirleik Jónasar Sen …

Að þeim flutningi loknum tók við seinni hluti tónleikanna sem var mun kröftugri. Hann hófst með magnaðri útgáfu af Army Of Me og samanstóð bæði af taktföstum og kraftmiklum lögum af nýju plötunni (Timbaland-lögin kannski?) og eldri smellum eins og Bachelorette, Hyperballad og Pluto. Þegar hér var komið lék Björk á als oddi og dansaði fjörlega um sviðið. Þessi lokakafli tónleikanna var á köflum nánast eins og teknó-keyrsla og kom sérstaklega vel út. Eftir rúman klukkutíma og 15 lög hvarf hljómsveitin af sviðinu, en birtist aftur eftir uppklapp og tók lag sem Björk tileinkaði Færeyjum og Grænlandi. „Declare Independence! Raise Your Flag! …“ öskraði hún yfir hráan og hraðan takt og manni fannst næstum því eins og pönkið væri komið aftur …

Á heildina litið voru þetta fínir tónleikar. Lúðrasveitin kom með skemmtilegan og óvanalegan hljóm inn í myndina og margar útsetninganna voru mjög flottar. Það heyrðist samt alveg að þetta er glæný sveit sem á eftir að þéttast og vaxa á næstu mánuðum. Eflaust á líka eftir að fínpússa útsetningarnar sjálfar. Á einstaka stað hafði maður á tilfinningunni að þær hefðu getað verið hnitmiðaðri og áhrifaríkari. Stemningin á tónleikunum var ágæt, en leið samt svolítið fyrir það að tónleikagestir höfðu ekki heyrt nýju lögin áður. Björk náði samt að hita salinn vel undir lokin og flestir virtust glaðir og sáttir eftir tónleikana.

Eftir að Björk hafði lokið sér af tók við smá hlé og að því loknu kom breska sveitin Hot Chip á sviðið. Það er ekkert auðvelt hlutskipti að taka við af sjálfri Björk á heimavelli, en strákarnir í Hot Chip fóru frekar létt með það. Þeir voru í miklum ham og þó að einhverjir hafi látið sig hverfa þá voru þeir fleiri sem voru áfram og smituðust af stuðinu í gaurunum fimm á sviðinu.

**Trausti Júlíusson**

**TÓNLEIKAR**

**Björk**

Laugardalshöll 9. apríl 2007

★★★★

Björk mætti með nýja hljómsveit, nýjar útsetningar og nýtt efni í Höllina annan í páskum. Hún náði upp góðri stemningu á tónleikunum sem heppnuðust í heildina mjög vel.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan **Kirsten Dunst** er mikill aðdáandi marijúana og segir að heimurinn væri mun betri ef allir reyktu marijúana. „Ég drekk hóflega og hef prófað eiturlyf,“ segir hin 24 ára gamla stjarna. „Ég er mjög hrifin af grasi og lít öðruvísi á það en flestir Bandaríkjamenn gera. Þó ég hafi aldrei verið stórreykingamanneskja held ég að viðhorf Bandaríkjamanna til reykinga séu fáránleg. Ég held að heimurinn væri mun betri ef allir reyktu gras. Það er ekki að tala um að fólk eigi að vera undir áhrifum allan daginn – ofneysla truflar að sjálfsögðu sköpunargáfu fólks og gerir það þunglynt.“





# ATH! LOKADAGAR
# 50% AUKAAFSLÁTTUR AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

PUMA · SPEEDO · TICKET 2 HEAVEN · SKUNK FUNK · MUSTANG · SANETTA · NEED




OPIÐ

| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudaginn | 11. apríl | kl. 13–18 |
| Fimmtudaginn | 12. apríl | kl. 13–18 |
| Föstudaginn | 13. apríl | kl. 13–18 |
| Laugardaginn | 14. apríl | kl. 12–16 |

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík

### > Eiður út fyrir Diego Milito?

Sem fyrr er spænska pressan uppfull af sögusögnum um félagaskipti leikmanna. Talsvert er síðan Eiður Smári Guðjohnsen var orðaður við Manchester United og í gær var fullyrt að United hefði lagt inn formlegt tilboð í Eið Smára upp á átta milljónir punda. Þá er einnig greint frá því að Barcelona hafi áhuga á því að fá bræðurna Gabriel og Diego Milito frá Real Zaragoza og sé reiðubúið að borga 30 milljónir evra fyrir. Diego er sóknarmaður og skoraði sigurmark Zaragoza gegn Barca um helgina. Eiður kom inn á sem varamaður í leiknum en hann hefur lítið fengið að spreyta sig hjá Börsungum undanfarið.



# sport

sport@frettabladid.is

**INDRIÐI SIGURÐSSON**: FÉKK GÓÐA DÓMA FYRIR FRAMMISTÖÐU SÍNA Í FYRSTA LEIK LYN Á TÍMABILINU

# *Finnst betra að spila sem miðvörður*

Indriði Sigurðsson fékk góða dóma í norskum fjölmiðlum fyrir frammistöðu sína í sigri Lyn á Sandefjord í fyrstu umferð norsku úrvalsdeildarinnar á mánudagskvöld. Hann spilaði í stöðu miðvarðar í leiknum en hefur hingað til fyrst og fremst verið þekktur sem vinstri bakvörður.

„Ég hef spilað í stöðu miðvarðar allt undirbúningstímabilið í fjarveru fyrirliðans okkar sem er meiddur. Ég verð áfram í þessari stöðu eitthvað fram eftir sumri þar sem ekki er vitað hvenær hann verður aftur orðinn góður,“ sagði Indriði við Fréttablaðið í gær. Hann fór frá KR til Lyn á miðju tímabili í fyrra og spilaði í stöðu bakvarðar út tímabilið.

„Þegar ég var fenginn til félagsins vildi þjálfarinn fá leikmann sem gat leyst báðar stöður. Hann vildi þó setja mig í bakvörðinn til að byrja með en eftir að félagið keypti nýjan bakvörð hef ég verið í miðverðinum. Það er ágætt að prófa eitthvað nýtt og verð ég að segja að ég finn mig betur í þessari stöðu. Ég veit nú samt ekki af hverju það stafar.“

Hann segir að það hafi verið mikilvægt að hefja nýtt tímabil með sigri. „Okkur hefur verið spáð sæti um miðja deild en við teljum okkur vera með það gott lið að við eigum heima í baráttu efstu fjögurra liðanna. Á góðum degi getum við unnið hvaða lið sem er.“

Það vakti athygli í síðasta mánuði að Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari valdi Indriða ekki í sinn upphaflega hóp sem átti að mæta Spánverjum. Indriði neitar því ekki að það hafi komið nokkuð flatt upp á sig.

„Jú, það gerði það. Mér fannst það einkennilegt að detta alfarið úr hópnum eftir að hafa verið í byrjunarliðinu síðustu fimmtán leiki eða eitthvað álíka. En það er þjálfarinn sem tekur þessar ákvarðanir og enginn leikmaður á öruggt sæti í landsliðinu.“

Eyjólfur valdi Indriða á endanum vegna meiðsla annarra leikmanna. „Ég neita aldrei kallinu þegar það kemur, það er svo einfalt,“ sagði Indriði.





**THIERRY HENRY** Ekkert hæft í orðrómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Thierry Henry ekki á förum:

## Þetta er orðið þreytandi

**FÓTBOLTI** Frakkinn Thierry Henry, fyrirliði Arsenal, segist vera orðinn þreyttur á því að neita orðrómnum um að hann sé á förum frá enska félaginu. Hann var um helgina enn á ný orðaður við spænska stórliðið Barcelona.

„Ég veit ekki hvað ég á að segja lengur eða hvað skal gera. Kannski ætti ég að fá mér bol sem á stendur að ég ætli að vera áfram í Arsenal og labba um London í honum? Ég veit ekki hversu oft ég hef þurft að stíga fram og segjast ekki vera á förum. Þetta er orðið þreytandi. Vill fólk heyra þetta eina ferðina enn? Ég held að fólk viti að ég er hliðhollur Arsenal og hvað ég hef gert fyrir félagið. Ég hef ekki bara talað. Stjórinn er nýbúinn að neita þessu rugli og ég hef engu við það að bæta,“ sagði Henry hundfúll. - hbg

# Fagnaðarhöldunum frestað í Firðinum

**Keflavíkurstúlkur sáu til þess að Haukar fögnuðu ekki Íslandsmeistaratitlinum í gær. Þá sýndi Keflavíkurliðið gríðarlegan karakter undir lokin með því að vinna upp 14 stiga forskot Hauka og landa síðan sigri.**

**KÖRFUBOLTI** Keflavíkurstúlkur spilltu gleðihátíð Hauka á Ásvöllum og galopnuðu úrslitaeinvígi Iceland Express deildar kvenna með 78-81 sigri á Haukum í 3. leik liðanna. Þetta var fyrsta tap Haukaliðsins í 18 mánuði á Ásvöllum og næsti leikur er á heimavelli Keflavíkur á laugardaginn.

Haukaliðið var 14 stigum yfir þegar 6 mínútur voru eftir en Keflavíkurliðið sýndi gríðarlegan karakter og vann sig inn í leikinn. Það var síðan frábær vítahittni á spennuþrungnum lokamínútum sem landaði sigrinum.

„Ég held að allir sem voru á þessum leik hafi verið búnir að afskrifa okkur þegar fimm mínútur voru eftir. Ég tók leikhlé þegar fimm mínútur voru eftir og ég talaði um það við stelpurnar að í öllum leikjunum á móti Haukum höfum við átt góða kafla og hann var ekki búinn að koma þegar fimm mínútur voru eftir,“ sagði Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur. Umrætt leikhlé tók hann í stöðunni 72-62 fyrir Hauka þegar 4:58 stóðu eftir á klukkunni. „Ég sagði núna byrjar okkar góði kafli, og hann gerði það,“ bætti Jón Halldór við. Hann var líka sáttur við framlag Keshu Watson á lokakaflanum sem Keflavík vann 19-6. „Það eru bara forréttindi að fá að starfa með svona leikmanni. Hún var örmagna þegar rétt tæpar þrjár mínútur voru eftir, er á annarri löppinni en hún kann að spila körfubolta og hún gerir það með hjartanu,“ sagði Jón Halldór. „Við gerðum eitthvað sem enginn bjóst við. Það voru allir komnir hingað til þess að fagna. Þær voru að fara að taka við bikarnum, það tókst ekki í dag og við skulum athuga hvað við getum gert meira,“ sagði Jón Halldór.



**KARAKTER** Birna Valgarðsdóttir og félagar í Keflavík fögnuðu gríðarlega í gær. Þær unnu upp 14 stiga forskot á 6 mínútum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við ætluðum okkur að ná þessum sigri og komast aftur heim. Þetta var sigur liðsheildarinnar og við börðumst allar fyrir þessu. Við gefumst aldrei upp og það er það besta við þetta lið. Allt er einu sinni fyrst, þetta byrjar allt hér, við ætlum að vinna heima í Keflavík og koma aftur hingað,“ sagði Kesha Watson. Hún hefur spilað frábærlega í einvíginu og var með 25 stig, 10 fráköst og 4 stoðsendingar í gær.

Keflavíkurliðinu tókst vel að loka á lykilmenn Haukaliðsins, Helenu Sverrisdóttur og Ifeomu Okonkwo sem voru með aðeins 20 stig saman eftir að hafa skorað 70 stig saman í síðasta leik. Sigrún Ámundadóttir (22 stig) og Kristrún Sigurjónsdóttir (16 stig) leiddu liðið í sókninni en það var ótrúlegt að sjá til Haukaliðsins hreinlega glutra frá sér sigrinum. - óój

### HAUKAR-KEFLAVÍK 78-81

**Stig Hauka:** Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 22 (8 fráköst, hitti úr 6 af 13 3ja stiga), Kristrún Sigurjónsdóttir 16, Helena Sverrisdóttir 12 (15 fráköst, 7 stoðs.), Pálína Gunnlaugsdóttir 10 (7 stoðs.), Ifeoma Okonkwo 8 (11 fráköst, 7 stolnir), Unnur Tara Jónsdóttir 8(8 frák.), Hanna Hálfdanardóttir 2.
**Stig Keflavíkur:** Kesha Watson 25 (10 frák.), Bryndís Guðmundsdóttir 14, Birna Valgarðsdóttir 11, Margrét Kara Sturludóttir 10 (9 frák., 3 varin), María Ben Erlingsdóttir 8, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 7, Rannveig Randversdóttir 4, Marín Karlsdóttir 2.


www.volkswagen.is

# Jetta



Aukabúnaður á mynd: álfelgur

**Vetrardekkjatilboð**
Hágæðavetrardekk frá Goodyear að verðmæti 76.000 kr. fylgja og sumardekkin í skottinu.

**Ríkulega búin Jetta Comfortline**

· 6 þrepa sjálfskipting · Skriðstillir (Cruise Control) · Armpúði milli framsæta
· Aksturstölva · Langtíma-olíubúnaður · Spólvörn ASR · Krómpakki · Samlitur
· Loftfrískunarbúnaður (Air Condition) · Þokuljós · og margt fleira.

Norski fótboltinn:

## Brann lagði Stabæk

**FÓTBOLTI** Það var Íslendingaslagur í norska boltanum í gær þegar lið Veigars Páls Gunnarssonar, Stabæk, tók á móti Brann, en með því leika Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason og Ármann Smári Björnsson.

Brann vann góðan útisigur með marki Thorsteins Helstad. Allir Íslendingarnir voru í byrjunarliðinu fyrir utan Ármann Smára sem sat á tréverkinu allan leikinn.

Veigar Páll var áberandi í liði Stabæk, vildi nokkrum sinnum fá víti en fékk ekki. Samkvæmt norskum fjölmiðlum bar mest á Veigari í liði Stabæk en hann náði ekki að skora frekar en félagar hans í liðinu. - hbg

Einkunnir norsku pressunnar:

## Indriði og Hannes góðir

**FÓTBOLTI** Norska úrvalsdeildin í knattspyrnu hófst á mánudagskvöldið með sex leikjum. Þrettán Íslendingar eru á mála hjá norskum liðum og voru flestir þeirra að leika með sínum liðum.

Þegar einkunnir fjögurra norskra fjölmiðla, Verdens Gang, Nettavisen, Aftenbladet og Dagbladet, eru skoðaðar kemur í ljós að heilt yfir fengu þeir Hannes Þ. Sigurðsson og Indriði Sigurðsson bestu einkunnirnar eða sex í meðaleinkunn.

Hannes lék í framlínu Viking sem gerði 1-1 jafntefli við Rosenborg en Indriði í stöðu miðvarðar í liði Lyn sem vann Sandefjord 3-0. Félagi Indriða, Stefán Gíslason, kemur næstur með 5,8 í meðaleinkunn.

Árni Gautur Arason, Birkir Bjarnason og Haraldur Freyr Guðmundsson fengu allir rúmlega fjóra í meðaleinkunn. - esá

**EINKUNNIRNAR**

| Nafn | VG | N. | Aft. | Db. | m.e. |
|---|---|---|---|---|---|
| Indriði | 6 | 5 | 7 | 6 | 6,0 |
| Hannes | 6 | 7 | 7 | 4 | 6,0 |
| Stefán | 5 | 6 | 6 | 6 | 5,8 |
| Haraldur | 4 | 5 | 4 | 5 | 4,5 |
| Árni | 4 | 5 | 4 | 4 | 4,3 |
| Birkir | 4 | 5 | 4 | 4 | 4,3 |

Manchester United fór á kostum gegn Roma og Chelsea vann sanngjarnan sigur gegn Valencia á Spáni :

# Sjö marka sýning hjá Manchester United í leikhúsi draumanna

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildin er að stimpla sig inn sem sú sterkasta í Evrópu. Tvö ensk lið komust í undanúrslit í gær og það þriðja bætist eflaust við í kvöld. Manchester United niðurlægði Roma á Old Trafford, 7-1, á meðan Chelsea vann ævintýralegan útisigur á Valencia, 1-2. Sigur United var sá stærsti í útsláttarkeppni Meistaradeildarinnar og toppar 7-2 sigur Lyon á Bremen árið 2005. Þetta var næststærsti sigur í sögu Meistaradeildarinnar og þriðji stærsti sigur United í Evrópukeppni.

Leikmenn Manchester United buðu upp á sannkallaða flugeldasýningu í fyrri hálfleik gegn Roma á Old Trafford. Leikmenn United mættu ótrúlega vel stemmdir til leiks og eftir aðeins 11 mínútur var Carrick búinn að koma United yfir. Á næstu átta mínútum var United búið að bæta tveim mörkum við og afgreiða málið. Veislan var fullkomnuð rétt fyrir hlé þegar besti knattspyrnumaður heims um þessar mundir, Cristiano Ronaldo, bætti fjórða markinu við. Lygileg frammistaða.



**FÖGNUÐUR** Mourinho, stjóri Chelsea, réð ekki við sig eftir að Essien skoraði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Leikur United í þessum hálfleik var ótrúlegur og Ryan Giggs lagði upp þrjú markanna. Þar af eitt með hægri.

Veislan var ekki búin því United bætti við þrem mörkum í síðari hálfleik gegn einu marki Rómverja sem var þó lítil sárabót.

Það fyrsta sem blaðamenn spurðu Sir Alex Ferguson, stjóra Man. Utd, að eftir leik var hvort þetta væri besta frammistaða United í Evrópukeppni undir hans stjórn. „Ekki spurning. Tölurnar segja til um það. Þetta var ótrúleg frammistaða. Það var allt frábært við okkar leik í kvöld. Þvílíkt sjálfstraust eftir tvo tapleiki á einni viku," sagði Ferguson skælbrosandi. „Við getum ekki beðið eftir undanúrslitunum."

Fyrri hálfleikur hjá Chelsea og Valencia var fjörugur og fór á köflum fram marka á milli. Aðeins eitt mark var skorað í hálfleiknum og það skoraði Fernando Morientes eftir góða sókn. Chelsea varð því að sækja í síðari hálfleik. Enska liðið fékk sannkallaða óskabyrjun á hálfleiknum því Shevchenko jafnaði eftir sex mínútur með skoti af stuttu færi eftir klaufagang í vörn Valencia.





**FÓRU Á KOSTUM** Áhorfendur á Old Trafford, sem oft er kallað leikhús draumanna, fengu nóg fyrir peninginn í gær. Sjö mörk frá sínum mönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Chelsea tók í kjölfarið öll völd á vellinum og það var fyllilega sanngjarnt þegar Essien tryggði þeim sigur í lokin með skoti sem Canizares hefði reyndar átt að verja.

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, fagnaði sem óður væri eftir leik og stökk meðal annars á John Terry fyrirliða í miðju viðtali. „Ég held að hann sé ánægður núna. Hann var það ekki í hálfleik," sagði Terry og brosti. Mourinho gaf skömmu síðar kost á viðtali.

„Frammistaðan í seinni hálfleik var rosaleg, sérstaklega miðað við pressuna sem var á okkur. Við vorum undir 1-0 og áttum hálfleikinn. Þetta var hugsanlega okkar besti útileikur síðustu þrjú ár. Liðið er að gera ótrúlega hluti," sagði Mourinho. henry@frettabladid.is

Átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu klárast í kvöld og allra augu eru á leik Bayern München og AC Milan:

# Fjall að klífa fyrir ítalska liðið AC Milan

**FÓTBOLTI** Átta liða úrslit Meistaradeildarinnar klárast í kvöld með tveim leikjum. Þá tekur Liverpool á móti PSV á meðan Bayern München tekur á móti AC Milan.

Fyrri leik Bayern og AC lyktaði með 2-2 jafntefli á Ítalíu og því verður róðurinn þungur fyrir ítalska liðið í kvöld. Nokkuð er um meiðsli hjá Bayern og það gæti hjálpað ítalska stórliðinu.

„Ég er bjartsýnn," sagði Ottmar Hitzfeld, þjálfari Bayern, sem oftar en ekki er kallaður hershöfðinginn. Hann hefur hleypt nýju lífi í leik Bayern síðan hann tók við af Felix Magath í byrjun ársins. „Það var gott að leggja Hannover. Við eigum möguleika ef við höldum áfram að spila svona."

Leikmenn og þjálfari AC Milan eru hógværir í yfirlýsingum enda gera þeir sér grein fyrir hversu erfitt verkefnið er. „Ég er mjög raunsær en ég veit samt að við getum klárað þennan leik.

Ég veit hvernig við getum gert usla hjá Bayern. Við verðum að spila eins og í fyrri leiknum og sækja," sagði Carlo Ancelotti, þjálfari Milan.

Leikurinn í kvöld gæti verið sá síðasti í Evrópukeppninni hjá hinum 38 ára gamla Paolo Maldini sem hefur leikið 102 Evrópuleiki á löngum og gifturíkum ferli.

Hinn leikur kvöldsins er lítt spennandi. Liverpool tekur á móti PSV Eindhoven og hefur 3-0 forskot. Þess utan eru meiðslavandræði hjá PSV og til marks um það eru í leikmannahópi PSV tveir 18 ára strákar sem aldrei hafa leikið fyrir liðið. - hbg


– stærri en þig grunar

– nú á enn betra verði: 2.490.000 kr. sjálfskipt



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8193

Volkswagen Jetta er rúmgóður, lipur og ríkulega búinn bíll, eins og við er að búast af Volkswagen, og býðst nú á frábæru verði. En til að uppgötva alla kosti Jettunnar er nauðsynlegt að koma, skoða og reynsluaka.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 | HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is

## Cuba Gooding Jr.

Fæddur í Bronx hverfi í New York borg árið 1968 og kom fyrst fram í stórri kvikmynd árið 1988 þegar hann lék pilt í klippingu í myndinni Coming To America. Síðan þá hefur frægðarstjarna Cuba Gooding Jr. heldur betur risið og náði líklegast hámarki árið 1997 þegar hann hlaut Óskarsverðlaunin fyrir leik sinn í myndinni Jerry Maguire. Sama ár endaði Cuba meira að segja inni á lista Poeple yfir fallegasta fólk veraldar. Síðan þá hefur leiklistarferill hans tekið dýfu þó að Roger Moore hafi mælt með honum til þess að taka við af Pierce Brosnan sem James Bond. Cuba sést í dag á skjánum á Stöð 2 Bíó í myndinni The Fighting Temptations.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR ÍHUGAR ÁBYRGÐARTILFINNINGUNA**

## *Þeir verða að lúta sem lágar hafa dyrnar*

Ríkissjónvarpið endursýndi heimildamyndina Dóttirin frá Danang á annan í páskum. Þar er sögð saga mæðgna, víetnamskrar konu sem gaf sjö ára dóttur sína frá sér árið 1975 og ungu konunnar Heidi sem snýr aftur til Víetnams til þess að leita hennar. Í lok Víetnamsstríðsins voru þúsundir þarlendra barna flutt til Bandaríkjanna, sum þeirra voru munaðarlaus en önnur ekki en Mai Thi Hiep var ein þeirra – mamma hennar gaf hana frá sér af ótta við að hún yrði tekin og brennd þar sem faðir hennar var bandarískur hermaður.



Móðir og dóttir eru sameinaðar í myndinni og um stund er eins og þær hafi báðar fengið það sem þær þráðu heitast, móðirin grætur hástöfum og faðmar dóttur sína út í eitt og unga konan, sem nauðug viljug aðlagaðist fljótt amerísku samfélagi, telur sig í fyrsta sinn finna skilyrðislausa ást. Svo kemur babb í bátinn.Þegar fjölskylda móðurinnar, systkini og ættingjar hinnar ættleiddu Heidi, biðja hana að styrkja fjölskylduna og taka móðurina með til Bandaríkjanna fer aumingjans konan alveg í mínus og á endanum sér hún eftir því að hafa nokkurn tíma farið í ferðina.

Heidi er fullorðin kona þegar hún snýr aftur til Víetnams en hún kann ekki þarlenda siði og vestræn velmegun hefur einnig fjarlægt hana hefðum og gildum fjölskyldunnar sem vill þó svo gjarnan taka við henni aftur. Áhorfendur sveiflast milli andúðar á tilætlunarsemi fjölskyldunnar og barnalegri framkomu dótturinnar sem ekki skilur að í Víetnam er eðlilegt að börnin framfleyti öldruðum foreldrum sínum.

Fyrir mér afhjúpar þessi mynd svo skýrt hversu stutt það er í hræsnina hjá okkur mannfólkinu. Við erum fljót að byggja varnargarða um það sem er „okkar“ og við treystum okkur ekki til að deila, hvort sem það eru fjármunir eða tilfinningar. Það var óbrúanleg gjá milli þessa ástríka fólks og á köflum hljómuðu þau öll eins og sjö ára börn, týnd í heimi sem einhver annar hefur komið honum í uppnám. Fæstir viðurkenna eigin fordóma og það er auðvelt að benda á sök hjá öðrum þegar sjálfsréttlætingarmaskínan er farin í gang. Erfiðast getur verið að taka ábyrgð á tilfinningum.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.50** Nip/Tuck lokaþáttur STÖÐ 2



▶ **18.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs SÝN



▶ **20.10** Ljóta Betty RÚV



▶ **22.00** Prison Break SIRKUS



▶ **20.00** According to Jim SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Kastljós – Leiðtogaumræður**
Endursýndur þáttur frá þriðjudagskvöldi með umræðum leiðtoga flokkanna sem bjóða fram lista í þingkosningunum.

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Suðandi stuð** (9:21)

**18.23 Sígildar teiknimyndir** (29:42)

**18.30 Alvöru dreki** (5:19)

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Ljóta Betty** (9:22) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.

**21.00 Skemmtiþáttur Catherine Tate**

**21.35 Nýgræðingar** (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Íþróttakvöld**

**22.40 Formúlukvöld**

**23.05 Velkomin til Teheran** (1:2) (Welcome to Tehran) Bresk heimildamynd í tveimur hlutum þar sem blaðamaðurinn Rageh Omaar fjallar um lífið og tilveruna í Teheran, höfuðborg Írans, og sögu og menningu landsins. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.

**23.55 Kastljós**

**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 After the Sunset**

**08.00 All Dogs Go to Heaven 2**

**10.00 The Fighting Temptations**

**12.00 Try Seventeen (Bara sautján)**

**14.00 All Dogs Go to Heaven 2**

**16.00 The Fighting Temptations**

**18.00 Try Seventeen (Bara sautján)**

**20.00 After the Sunset (Eftir sólarlagið)**

**22.00 The Matrix Revolutions (Matrix 3)**

**00.00 Bodywork (Skítamál)**

**02.00 Dog Soldiers**

**04.00 The Matrix Revolutions**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**

**07.40 Tasmanía**

**08.00 Oprah**

**08.45 Í fínu formi 2005**

**09.00 Bold and the Beautiful**

**09.20 Forboðin fegurð**

**10.05 Sisters** (Systur)

**10.50 Arrested Development**

**11.15 Strong Medicine**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar** (Neighbours)

**13.10 Osbournes** (5:10) (e)

**13.35 Svæsnustu lýtaaðgerðir í Hollywood** (Extreme. Celebrity Surgery)

**14.30 Í sjöunda himni**

**15.50 Sabrina - Unglingsnornin**

**16.13 Stubbarnir**

**16.38 Pocoyo**

**16.48 Könnuðurinn Dóra** (Dora the Explorer)

**17.13 Kalli og Lóla**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar** (Neighbours)

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**

**19.40 Kosningafundur Stöðvar** Fundað verður á Selfossi um málefni Suðurkjördæmis.

**20.05 Extreme Makeover** Móðir og dóttir hennar ákveða að fara saman í heildarútlitsbreytingu.

▶**20.50 Nip/Tuck (15:15)** Fjórða þáttaröð þessa vinsælu þáttaraðar sem fjallar um líf og störf lýtalæknanna og fóstbræðranna Seans McNamar og Christians Troy. Stranglega bönnuð börnum.

**21.45 Medium** Allison reynir að hjálpa draug að leysa eigið morðmál en henni til undrunar afþakkar hann hjálp hennar. Bönnuð börnum.

**22.30 Oprah** (Ellen Burstyn And Sheryl Crow Reveal Their Life Lessons)

**23.15 Grey´s Anatomy (19.25)**

**00.00 Fast Times at Ridgemont High**

**01.30 The Terminator** (Tortímandinn)

**03.15 Medium**

**04.00 Nip/Tuck**

**04.50 Entourage**

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood.

**18.30 Fréttir** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá á samtengdum rásum Stöðvar 2 og Sirkuss.

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 Seinfeld** (15.24) (e)

**19.55 Entertainment Tonight**

**20.20 American Inventor**

**21.10 Supernatural** (9.22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn.

▶**22.00 Prison Break** (22.22) Lokaþáttur þessa æsispennandi þáttaraðar. Uppgjör er í aðsigi hjá aðalpersónunum og nú þarf hver að hugsa um sjálfan sig. 2006. Bönnuð börnum.

**22.50 Shark** (14.22) Ung Hollywoodstjarna lætur lífið í bílslysi en við nánari skoðun kemur í ljós að fleiri en einn gætu hafa viljað ráða henni bana.

**00.05 My Name Is Earl 2 - NÝTT (e)** Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!

**00.35 Gene Simmons. Family Jewels (Food Or Sex?)**

**01.00 Sirkus Rvk (e)**

**01.30 Seinfeld** (15.24) (e)

**01.55 Entertainment Tonight (e)**

**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210 (e)**

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Melrose Place (e)**

**14.45 Vörutorg**

**15.45 Innlit / útlit (e)**

**16.45 Beverly Hills 90210**

**17.30 Melrose Place**

**18.15 Rachael Ray**

**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**

**19.30 Will & Grace (e)**

▶**20.00 According to Jim** (3.22) Jim kemst að sannleikanum um myndbandið sem Cheryl notaði til að heilla hann upp úr skónum þegar þau voru að byrja saman.

**20.30 Fyrstu skrefin** (7:12) Fyrstu skrefin fjalla um börn, uppeldi þeirra og síðast en ekki síst hlutverk foreldra og annarra aðstandenda.

**21.00 Britain's Next Top Model** (7:10) Stelpurnar halda til Parísar þar sem þær fá ekki allar góðar viðtökur.

**22.00 Jericho** (10:22) Bandarísk þáttaröð um íbúa í bandarískum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir kjarnorkuárásir á bandarískar borgir.

**22.50 Everybody Loves Raymond**

**23.15 Jay Leno**

**00.05 Close to Home (e)**

**00.55 The Silvia Night Show (e)**

**01.25 Vörutorg**

**02.25 Beverly Hills 90210 (e)**

**03.10 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**08.00 Þrumuskot (e)**

**14.00 Chelsea - Tottenham** (frá 7. apríl)

**16.00 Reading - Liverpool** (frá 7. apríl)

**18.00 Portsmouth - Man. Utd.** (frá 7. apríl)

**20.00 Newcastle - Arsenal** (frá 9. apríl)

**22.00 Bolton - Everton** (frá 9. apríl)

**00.00 Dagskrárlok**



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.40
### Kosningafundur Stöðvar tvö



Fréttastofa Stöðvar 2 og Ísland í dag standa fyrir röð kosningafunda á næstum vikum í tilefni af alþingiskosningum sem fara fram 12. maí næstkomandi. Efnt verður til almennra borgarafunda í öllum kjördæmum hvern miðvikudag fram að kosningum og verða fundirnir sýndir í beinni útsendingu á Stöð 2, strax að loknum fréttum klukkan 18.55. Kynnar og fundarstjórar verða Steingrímur Sævarr Ólafsson og Inga Lind Karlsdóttir. Sigmundur Ernir Rúnarsson og Svanhildur Hólm Valsdóttir verða á vettvangi og munu yfirheyra frambjóðendur og taka við spurningum almennings úr sal. Egill Helgason verður síðan með sérstaka greiningu á hverju kjördæmi. Í kvöld verður fundurinn sendur út frá Selfossi en þar verða málefni Suðurkjördæmis rædd.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Bayern München-AC Milan Sýn 18.30

Eftir skemmtilegan leik á San Siro í síðustu viku er alveg ljóst að boðið verður upp á æsispennandi leik á hinum frábæra Allianz leikvangi í München. Milan-menn verða að sækja og Bayern má ekki bakka of mikið því þá er voðinn vís. Mikið er í húfi, undanúrslitasæti, og því næsta víst að allt verður lagt í sölurnar.




### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **08.00** Morgunfréttir **09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Pipar og salt **11.00** Fréttir

**11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit

**12.20** Hádegisfréttir

**12.45** Veðurfregnir

**13.00** Vítt og breitt

**14.00** Fréttir

**14.03** Útvarpssagan: Sólskinsfólkið

**14.30** Miðdegistónar

**15.00** Fréttir

**15.03** Þættir úr íslenskri leikritun: 1990-2007

**16.00** Síðdegisfréttir

**16.10** Veðurfregnir

**16.13** Hlaupanótan

**17.00** Fréttir

**17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn

**19.00** Vitinn

**19.30** Laufskálinn

**20.10** Heima er best

**21.00** Út um græna grundu

**21.55** Orð kvöldsins

**22.00** Fréttir

**22.10** Veðurfregnir

**22.15** Glæta

**23.00** Fallegast á fóninn

**00.00** Fréttir

**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**07.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

**07.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

**07.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

**08.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

**15.30 Meistaradeild Evrópu - endurs**

**17.10 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

**17.30 Coca Cola mörkin**

▶**18.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun**

**18.30 Meistaradeild Evrópu** (Bayern München - AC Milan)

**20.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

**21.00 Meistaradeild Evrópu** (Liverpool - PSV) Leikurinn er í beinni útsendingu á Sýn Extra kl. 18.30.

**22.50 Iceland Expressdeildin 2007** (Njarðvík - KR)

**00.05 Spænsku mörkin**

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

### DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Ud i det blå **7.00** Italienske fristelser **7.30** Dengang vi spiste tandpasta **8.25** OBS **8.30** En plads i livet **9.00** Livet ombord - jagten på silden **9.30** Søren Ryge - Fugle Hans **10.00** TV Avisen **10.10** Kontant **10.35** Ud i naturen **11.00** Hvad er det værd **11.25** Aftenshowet **12.20** Hammerslag **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Det Vildeste Westen **14.15** SKUM TV **14.30** Pucca **14.35** Hannah Montana **15.00** Junior **15.30** Der var engang **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Kongehuset **18.00** Søren Ryge **18.30** I lære som stjerne **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost 21.**40 O**nsdags Lotto **21.45** OBS **21.50** Arbejdsliv - find et job! **22.20** Mission integration **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Det, der med børn **6.00** Postmand Per

### NRK 1

**7.30** Dyreklinikken **8.00** Siste nytt **8.05** Pokerlandet **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Lyoko **13.30** Kim Possible **14.00** Siste nytt **14.03** Fotballskolen **14.30** Fabrikken **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Perspektiv: Aprilsnarr **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mumfie **16.10** Ugler i mosen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Der fartøy flyte kan **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Migrapolis: Ikke helt A4 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.50** En svale gjør en sommer **4.25** Frokost-tv

### SVT 1

**7.30** Kaksi/två **8.00** Wer küsst schon einen Leguan? **8.30** Keith on the road **9.00** Världen **10.00** Rapport **10.05** Hos Jihde **10.45** Dragon X **11.40** Föräldrarna **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Startskottet **15.30** Krokodill **16.00** Fifi och blomsterfröna **16.10** Förskolan Månstugan **16.20** Små spöken **16.30** Hjärnkontoret **16.45** Klister **17.00** Rea **17.30** Rapport **18.00** Packat & klart **18.30** Mitt i naturen **19.00** Robins **19.30** Entourage **20.00** Sista dagen **22.05** Rapport **22.15** Kulturnyheterna **22.25** Bror och syster **23.25** Bingo Royale **0.10** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




# HÁSKÓLI 21. ALDARINNAR





FABRIKAN 2007

**Nám við Háskólann í Reykjavík er dýrmætt veganesti fyrir þá sem vilja öðlast góða menntun og starfa í fremstu víglínu atvinnulífsins.**

Háskólinn í Reykjavík er eftirsóttur. Þeir sem útskrifast úr skólanum hafa öðlast skilning á íslensku atvinnulífi og samfélagi. Þeir hafa kynnst alþjóðlegu samstarfi og fengið innsýn í framtíðina í gegnum brautryðjandi rannsóknir.

Háskólinn í Reykjavík er í forystu hvað varðar þjónustu við nemendur og öll aðstaða til náms er framúrskarandi.

Nemendur HR geta sótt námskeið í u.þ.b. 100 skólum í rúmlega 20 löndum.

**Ef þú vilt undirbúa þig fyrir framtíðina, læra og þroskast í skemmtilegu, skapandi og krefjandi umhverfi þá er Háskólinn í Reykjavík fyrir þig. Öflug menntun og skýr framtíðarsýn leggur grunninn að bjartri framtíð.**

**Tækni- og verkfræðideild**
Tækni- og verkfræðideild HR er ein af stærstu háskóladeildum landsins. Þar er lögð áhersla á að veita tæknifólki og stjórnendum framtíðarinnar afburða háskólamenntun. Ennfremur er mikið lagt upp úr því að nemendur geti, sjálfstætt eða í samstarfi við fræðimenn í fremstu röð, stundað öflugar rannsóknir og sinnt nýsköpunar- og þróunarstörfum í tæknifræði, tölvunarfræði og verkfræði. Þeir sem mennta sig í þessum greinum eiga stóran þátt í velgengni margra íslenskra fyrirtækja á alþjóðamarkaði.

**Viðskiptadeild**
Viðskiptafræðinámið í Háskólanum í Reykjavík er góður undirbúningur fyrir mikla ábyrgð í atvinnulífinu. Það gefur duglegum námsmönnum tækifæri til að ná langt í starfi og er um leið góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í viðskiptafræði.
Framtíðarsýn viðskiptadeildar er:
Að vera fyrsta val fólks sem vill læra viðskiptafræði á Íslandi.
Að vera fyrsta val fyrirtækja og stofnana sem vilja ráða afburðafólk til starfa sem hefur viðskiptamenntun.

**Lagadeild**
Við lagadeild Háskólans í Reykjavík er í boði metnaðarfullt og nútímalegt laganám sem miðar að því að útskrifaðir nemendur verði framúrskarandi lögfræðingar og í fremstu röð á sínu sviði. Lagadeild HR er brautryðjandi í nútímavæðingu laganáms hér á landi, hvort sem litið er til skipulags námsins eða kennsluaðferða. Vorið 2007 útskrifar lagadeild fyrstu laganemana með fullnaðarpróf í lögfræði eftir fimm ára grunn- og meistaranám.

**Kennslufræði- og lýðheilsudeild**
Kennslufræði- og lýðheilsudeild býður nýtt og spennandi nám fyrir fagfólk, sem vinnur að því að mennta börn og ungmenni, efla þroska þeirra, heilsu og velferð. Námið er ætlað þeim sem vilja vinna að velferð einstaklinga í samfélaginu, svo sem í félags- og heilbrigðisþjónustu og þeim sem vilja afla sér kennsluréttinda og vinna innan skólakerfisins. Meginmarkmið deildarinnar er að hafa áhrif á menntun og heilsu þjóðarinnar. Við deildina er boðið upp á nám á fjórum sviðum: Lýðheilsufræði, stærðfræði, íþróttafræði og kennslufræði.

**Kynntu þér nám í HR á www.hr.is**

**Umsóknarfrestur er til 31. maí.**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1 • SÍMI: 599 6200 • www.hr.is

## GAMLA MYNDIN



*„Ég er mjög ánægður með útganginn á mér, því ég er svipaður aðalpersónunni í Sulti eftir Knut Hamsun. Það var vel við hæfi fyrir ungskáld í Ósló, þó ekki hafi ég soltið.“*

*Sigurjón Birgir Sigurðsson rithöfundur.*

Myndin er tekin í Ósló í desember 1979, fyrir fyrsta blaðaviðtalið við skáldið.

# Veisla Björgólfs kostaði 200 milljónir



**50 CENT** Fékk næturgistingu á Jamaican Palace.

Dagblaðið Jamaican Observer gerir glæsilega afmælisveislu Björgólfs Thors Björgólfssonar að umtalsefni á vef sínum en eins og komið hefur fram í fjölmiðlum var hún haldin á Jamaíka um þarsíðustu helgi. Kaupsýslumaðurinn varð fertugur hinn 19. mars síðastliðinn. Meðal þeirra sem tróðu upp í veislunni voru rapparinn 50 Cent, fönk-kóngurinn Jamiroquai og synir Bobs Marley.

Jamaican Observer kallar Björgólf „fyrsta íslenska milljarðamæringinn“ og heldur því meðal annars fram að herbþotur hafi flogið yfir veislugesti á föstudeginum.

Og að herlegheitin hafi ekki verið ókeypis heldur hafi hann þurft að punga út þremur milljónum Bandaríkjadala sem samsvarar rúmum 200 milljónum íslenskra króna.

Jamaican Observer greinir jafnframt frá því að íbúar Port Antoniu, þar sem veislan fór fram, hafi ekki farið varhluta af veisluhöldunum og að Björgólfur hafi að mestu leyti dvalist í einkaskútu sinni, The Parcifal, þar sem hún lá bundin við bryggjuna.

Það hafi hins vegar ekki væst um þá tónlistarmenn sem fjárfestirinn fékk til að leika fyrir dansi því rapparinn 50 Cent fékk meðal annars næturgistingu á The Jamaica Palace. **- fgg**



**BJÖRGÓLFUR** Er sagður hafa þurft að borga 200 milljónir íslenskra króna fyrir afmælisveisluna á Jamaíka.



**LÁRÉTT**
**2** grasþökur **6** málmur **8** yfirgaf **9** efni **11** dreifa **12** talfæri 14 merkja **16** hvað **17** illæri **18** kærleikur **20** 950 **21** högg.

**LÓÐRÉTT**
**1** gætt **3** ógrynni **4** matjurt **5** af **7** læðast **10** líða vel **13** æxlunarkorn **15** auma **16** rámur **19** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 torf, **6** ál, **8** fór, **9** tau, **11** sá, **12** tunga, **14** marka, **16** ha, **17** óár, **18** ást, **20** lm, **21** stuð. **LÓÐRÉTT:** 1 gátt, **3** of, **4** rósakál, **5** frá, **7** laumast, **10** una, **13** gró, **15** arma, **16** hás, **19** tu.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Klakksvík.
2. Mahmoud Ahmadinejad.
3. Séra Þórhallur Heimisson.

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

Í KVÖLD
Söngdívurnar
Margrét Eir, Heiða Ólafsdóttir, Hera Björk og Regína Ósk
Á MORGUN
Kvintett Jóels Pálssonar
DOMO
RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

JAKOB ÞÓR EINARSSON: UNDIRBÝR TALSETNINGU SIMPSONS-MYNDARINNAR

# Örn Árnason verður hinn íslenski Hómer Simpson

Teiknimyndarinnar um ævintýri hinnar gulu Simpsons-fjölskyldu frá Springfield er beðið með mikilli eftirvæntingu um allan heim en hún verður heimsfrumsýnd hér á landi 25. júlí. Framleiðendur myndarinnar í Bandaríkjunum hafa ákveðið að myndin verði talsett hér á landi en slíkt hefur ekki tíðkast með sjónvarpsþættina. Og stendur undirbúningur fyrir talsetningu sem hæst um þessar mundir en hún mun fara fram í Stúdíó Sýrlandi.

Leikstjórinn Jakob Þór Einarsson var dulur þegar Fréttablaðið náði tali af honum og vildi sem minnst tjá sig. Sagði aðstandendur myndarinnar vilja halda mikilli leynd yfir öllu því sem tengdist henni. Jakob vildi jafnvel ekki ganga svo langt að segjast vera leikstjóri talsetningarinnar en viðurkenndi að hann væri umsjónarmaður hennar. „Þetta verður spennandi og ögrandi verkefni enda hefur fjölskyldan verið aufúsgestur á íslenskum heimilum í tæpa tvo áratugi,“ segir Jakob. „Þættirnir njóta náttúrlega gríðarlegra vinsælda og hvert einasta mannsbarn á Íslandi þekkir þessa fjölskyldumeðlimi.“



**JAKOB ÞÓR EINARSSON** Hefur umsjón með talsetningu kvikmyndarinnar um Simpson-fjölskylduna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Jakob segir að fjöldi leikara hafi verið kallaður til að gefa hljóðprufu en þær séu síðan sendar út til Bandaríkjanna þar sem framleiðendur myndarinnar verða að leggja blessun sína yfir hverja rödd. „Það eru þeir sem ráða þessu öllu,“ segir Jakob.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ríkir mesta spennan um það hver hreppir rödd fjölskylduföðurins Hómers Simpson en hann fær meðal annars að segja einkunnarorð Hómers, „dáh“. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er líklegast að Örn Árnason hreppi hnossið en Spaugstofumaðurinn vildi þó ekki kannast við eitt eða neitt. Staðfesti eingöngu að hann hefði farið í hljóðprufu. „Eins og svo margir aðrir,“ sagði Örn.

Simpson er hugarfóstur teiknarans Matt Groening og birtist fyrst Bandaríkjamönnum árið 1989. Hann varð heimsfrægur á einni nóttu og í dag eru þættirnir eitt langlífasta sjónvarpsefni í bandarísku sjónvarpi. Ekki sér enn fyrir endann á vinsældunum. Lengi hefur staðið til að gera kvikmynd um gulu fjölskylduna en til marks um leyndina sem hvílir yfir myndinni þá hefur enn enginn söguþráður verið gefinn upp á imdb.com þótt líkur séu leiddar að því að Hómer þurfi að bjarga heiminum frá glötun. **freyrgigja@frettabladid.is**



**ÖRN ÁRNASON** Fær að öllum líkindum að tala fyrir Hómer.



**GULI FJÖLSKYLDUFAÐIRINN** Er einhver elskaðasti og dáðasti ónytjungur allra tíma.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Athafnakonan **Dóra Takefusa** er kominn með nýjan kærasta upp á arminn. Sá heitir **Örn Tönsberg** og er mörgum kunnur sem rapparinn **7berg**. Skötuhjúin sáust saman á rokkhátíðinni Aldrei fór ég suður á Ísafirði um páskahelgina þar sem þau létu vel að hvort öðru. Þetta er annar tónlistarmaðurinn sem Dóra leggur lag sitt við á skömmum tíma en ekki er langt síðan slitnaði upp úr sambandi hennar og **Ívars Arnar Kolbeinssonar** úr Dr. Mister & Mr. Handsome.





Auðmaðurinn **Magnús Kristinsson** gerir það gott um þessar mundir. Á milli þess sem hann tekur stórar ákvarðanir í viðskiptaheiminum kann hann þó að slaka á og njóta lífsins. Nýjasta athvarf Magnúsar er í Kaupmannahöfn þar sem hann hefur fest kaup á glæsilegri íbúð. Kaupverðið er sagt vera nálægt 100 milljónum króna.



**Karl Pétur Jónsson** hefur ráðið sig til Askar Capital, fjárfestingabankans sem tók til starfa um síðustu áramót. Karl Pétur, sem er tengdasonur forseta Íslands, hefur lengi starfað við almannatengsl – lengst af hjá fyrirtækinu Inntaki. **- hdm**



# Sóley hyggst kæra Zero-auglýsingar

„Mér finnst þetta fullkomlega eðlilegt og ég skil ekki af hverju einhver er ekki löngu búinn að þessu,“ segir varaborgarfulltrúinn Sóley Tómasdóttir en hún hyggst kæra Vífilfell fyrir Coke Cola-Zero auglýsingarnar. „Ástæðan er einföld, þær brjóta í bága við 18. grein laganna um jafnan rétt og stöðu kynjanna,“ útskýrir Sóley en þar stendur að „auglýsandi, og sá sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt“. Sóley sagðist ekki vita hvenær kæran yrði lögð fram, hún væri að vinna í henni en vildi að öðru leyti ekki tjá sig meira um málið. Zero-auglýsingarnar hafa fengið misjöfn viðbrögð og Fréttablaðið greindi frá því fyrir nokkru að Samkaup á Ísafirði hefðu tekið niður einn fánann frá gosdrykknum vegna háværra mótmæla nokkurra viðskiptavina en á honum stóð „Af hverju ekki kynlíf með Zero forleik?“ Þá vakti það einnig athygli þegar flokkssystkini Sóleyjar í Vinstri grænum ákváðu að taka Zero-merkið í sínar hendur og bjuggu til barmmerki þar sem á stóð: „Af hverju ekki ríkisstjórn með Zero Framsókn?“

Haukur Sörli Sigurvinsson, markaðsstjóri Zero-drykkjarins á Íslandi, kom af fjöllum þegar Fréttablaðið náði tali af honum og bar undir hann hugsanlega kæru. „Ég hef í raun ekkert um þetta mál að segja fyrr en kæran er komin fram,“ sagði Haukur. „Sjálfur sé ég ekki grundvöll fyrir kæru en við skoðum það sem við fáum upp í hendurnar og munum að sjálfsögðu einnig gera það í þessu tilfelli,“ bætir hann við. Aðspurður hvort tölvupóstið vegna auglýsinganna sagði Haukur svo ekki vera. „En auðvitað hefur fólk skoðanir á þessu eins og öðru.“




**ZERO** Auglýsingarnar hafa vakið mikla athygli, undran og reiði.

**BARMMERKIÐ** Vinstri græn bjuggu til barmmerki sem skírskotaði til Zero-herferðarinnar.



**SÓLEY** Segir Zero-auglýsingarnar brjóti í bága við lög um jafnan rétt og stöðu kynjanna.


Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki
BYR
SPARISJÓÐUR
BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LYFJA
- Lífið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga



BAKÞANKAR
JÓNS ARNAR MARINÓSSONAR

## *Biljónsdagbók 11.4.*

ICEX 7.582,91, þegar ég sveif ofan á tölvuviktina, og Fútsí 6.397,3 þegar ég sá mér til skelfingar að ég hafði þyngst um 1.485 grömm yfir páskana. Ég ákvað strax að fleygja afganginum af Nóapáskaegginu. Maður sem eyðir fjórum millum í grenningarátak í Aspen, getur ekki látið það spyrjast út að hann hafi bætt á sig aftur með páskaeggjasúkkulaði frá Nóa. Það fittar ágætlega inn í lífsstíl hjá stórfjárfestum að gildna svolítið á Michelin-stöðum en samræmist engan veginn status eins og mínum í íslensku viðskiptalífi að búa til mjaðmahöldur úr súkkulaðijukki frá Nóa.

**ÉG** skil ekki hvers vegna ég kaupi alltaf Nóapáskaegg fyrir páskana. Bragðið og klístrið á fingrunum minnir mig kannski á gömlu dagana, vekur upp minningar um sakleysi æskunnar eins og ályktunardrög fyrir landsfund Sjálfstæðisflokksins. Rótarslitinn visnar vísir, er sagt. Ég hef auðvitað efni á miklu dýrari páskaeggjum, maður sem var að landa þrjátíu milljörðum í gróða með bankadílnum. Svo var lítið af nammi í egginu. Og í ofanálag fékk ég málshátt sem kom mér í vont skap: Margur verður af aurum api.

**HVAÐA** speki er þetta?! Ætli þeim hafi þótt ég vera api, fréttasnápunum, þegar var tilkynnt um bankadílinn í síðustu viku? Hefur nokkur séð apa með þrjátíu milljarða í fanginu í hreinan gróða? Ég skal hins vegar viðurkenna að það er svolítið apalegt að eiga ekki lengur hlut í einum einasta banka. En það lagast. Það kraumar undir hjá stórlöxunum í Ginnunga Invest Bank. Siggi vill koma Mödda út og er að díla á bak við hann. Hver veit nema maður sötri saffransúpu með Sigga á Michelin-restauranti í París og veifi þrjátíu milljörðum? Við Siggi erum perluvinir. Ég veit hvernig hann þjösnaðist á Dóra í eina tíð. Siggi gæti ekki látið sjá sig á Pierre Gagnaire ef það læki út.

**BURTSÉÐ** frá 1.485 grömmunum var dagurinn góður. Þó hafði gamla magasárið næstum tekið sig upp þegar ég fór á stjórnarfund í Mörður Holdings. Hver nema Goggi Magg renndi sér mjúklega í stæðið, við hliðina á Hömmernum mínum, á splunkunýjum Range Rover Vogue SE. Goggi Magg! Af öllum mönnum! Farinn að spjátrast á Vegamótastígnum eins og flottur karl, á 15 millum. Sá var upptyppislegur. Hann benti á mig og sagði: „Eftir bankadílinn geturðu ekki verið þekktur fyrir annað en að fara með þennan Hömmer á Góða hirðinn!“ Djöstjúveit, Goggi Magg! Ég er búinn að panta Range Rover Super Charge Vogue. Sextán millur eiga eftir að taka sig betur út upp eftir Smiðjustígnum! Vogue SE! Þokkalegur frúarbíll; fittar ekki við einkaþotu!

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

